
Ársskýrsla

2012

Stefna

Landsbankinn þinn

Framtíðarsýn

Landsbankinn er til fyrirmyndar

Einkunnarorð

Hlustum, lærum og þjónum


Landsbankinn er stærsta fjármálafyrirtækið á Íslandi

Einstaklingar í viðskiptum við Landsbankann	112.500
Fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann	10.980
Útibú og afgreiðslur í árslok 2012	35
Fjöldi hraðbanka	72
Stöðugildi í árslok 2012	1.233


Lykiltölur

Heildareignir	Heildareignir lækka um 4,5% vegna innborgunar á skuldabréf LBI hf.	<p>1.135.482 m.kr. 2011</p> <p>1.084.787 m.kr. 2012</p>	1.084.787 M. KR.
Eiginfjárlutfall (CAR)	Eiginfjárlutfall bankans hefur aldrei verið hærra.	<p>21,4% 2011</p> <p>25,1% 2012</p>	25,1%
Arðsemi eigin fjár	Arðsemi góð að teknu tilliti til hárrar eiginfjárstöðu.	<p>8,4% 2011</p> <p>12,0% 2012</p>	12,0%
Kostnaðarhlutfall	Bankinn náði markmiðum um kostnaðarhlutfall undir 50%.	<p>40,6% 2011</p> <p>45,0% 2012</p>	45,0%
Lausafjárhlutfall	Lausafjárhlutfall bankans styrktist áfram á árinu	<p>42,9% 2011</p> <p>48,4% 2012</p>	48,4%
Hagnaður	Hagnaður eykst um 50% milli ára	<p>16.957 m.kr. 2011</p> <p>25.494 m.kr. 2012</p>	25.494 M. KR.

Afkoma 2012



Breyting milli 2011 og 2012



Efnisyfirlit

2012 í hnotskurn	2
Ávarp formanns bankaráðs og bankastjóra	5
I. Þróun efnahagsmála	9
II. Landsbankinn þinn	23
III. Stjórn og stjórnarhættir	45
IV. Áhættustjórnun	72
V. Samfélagsleg ábyrgð og mannauður	85
VI. Helstu atriði ársreiknings	101
VII. Ársreikningur samstæðu 2012	113

2012 í hnotskurn



Fyrsti ársfjórðungur

Janúar

- » Stjórn Sparisjóðs Svarfdæla og Landsbankinn hf. ná samkomulagi um að Landsbankinn kaupi allar eignir og rekstur sparisjóðsins. Samkomulagið er gert með fyrirvara um samþykki stofnfjárhafafundar og eftirlitsstofnana.
- » Sala á rekstri Sparisjóðs Svarfdæla til Landsbankans samþykkt á stofnfjárhafafundi sparisjóðsins.

Febrúar

- » Vefur Landsbankans, landsbankinn.is, hlýtur tvenn verðlaun þegar Íslensku vefverðlaunin eru afhent.
- » Landsbankinn efnir til átta opinna funda um land allt. Fjallað er um stöðu bankans, atvinnusköpun og frumkvæði í atvinnulífi.

Mars

- » Landsbankinn og iðnaðarráðuneytið veita 38,9 milljónir króna í styrki úr þróunarsjóði Íslands allt árið.
- » Fjármálaeftirlitið samþykkir sölu og yfirfærslu allra sjóða frá rekstrarfélaginu Landsvaka hf. til rekstrarfélagsins Landsbréfa hf. Sala sjóðanna er byggð á verðmati óháðra aðila og nemur söluverðið 530 milljónum króna.
- » Landsbankinn selur 5% hlut í Marel fyrir 5,2 milljarða króna.
- » Landsbankinn kynnir afkomu sína fyrir árið 2011. Hagnaður bankans nam 16,9 milljörðum króna og leggst við eigið fé bankans. Arðsemi eiginfjár er 8,8%.



Annar ársfjórðungur

Apríl

- » Landsbankinn gefur í fyrsta sinn út sérstaka skýrslu um samfélagslega ábyrgð í samræmi við alþjóðlega staðla.
- » Hömlur ehf., dótturfélag Landsbankans, selur Sólningu Kópavogi ehf. Heildarvirði félagsins í viðskiptunum nam 440 milljónum króna.

Mái

- » Landsbankinn tilkynnir afkomu bankans á fyrsta ársfjórðungi, hagnaðurinn nam 7,7 milljörðum króna.
- » Fjármálaeftirlitið heimilar kaup Landsbankans hf. á öllum rekstri og eignum Sparisjóðs Svarfdæla.
- » Hagræðingaraðgerðir tilkynntar sem fela í sér sameiningu og lokun útibúa á Austurlandi, Vestfjörðum, Snæfellsnesi og í Reykjavík, sem og sameiningu deilda í höfuðstöðvum.

Júní

- » Landsbankinn og LBI semja um að Landsbankinn fyrirframgreiði fjórðung af höfuðstól svokallaðra A-skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar á virði yfirtekinna eigna og skulda frá LBI.
- » Úrskurðarnefnd um fjárhagslegt uppgjör vegna yfirtöku á SpKef úrskurðar að ríkið skuli greiða Landsbankanum 19,2 milljarða króna.
- » Landsbankinn selur 75% af hlutafé fasteignafélagsins Regins hf.
- » Landsbankinn lýkur sölu allra lífvænlegra fyrirtækja í óskyldum rekstri. Með því tókst að lækka verðmæti eigna til sölu um nálega 100 milljarða króna.
- » Tilkynnt að Landsbankinn hafi lokið endurskipulagningu skulda rúmlega 1000 fyrirtækja.



Þriðji ársfjórðungur

Júlí

- » Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) samþykkir ríkisaðstoð sem veitt var til endurskipulagningar á Landsbankanum í kjölfar hrunsins.
- » Landsbankinn veitir þrjár milljónir króna úr Menningar-næturpotti til 36 verkefna.

Ágúst

- » Landsbankinn skrifar undir aðild að verkefninu Ráðstefnu-borgin Reykjavík.
- » Tilkynnt um afkomu á fyrri hluta árs 2012, hagnaðurinn nemur 11,9 milljörðum króna og fer lækkandi, sérstaklega vegna endurmats á eignum SpKef.

September

- » Áfram er unnið að hagræðingu. Útibú bankans í Reykjanesbæ og afgreiðslur hans í Garði og Vogum eru sameinaðar. Áfram er rekin afgreiðsla í Sandgerði.
- » Landsbankinn fellur frá kaupum á rekstri og eignum Sparisjóðs Svarfdæla eftir að Samkeppniseftirlitið leggur að sjóðnum að leita annarra leiða.
- » Fjármálaeftirlitið veitir Landsbréfum hf. leyfi til eignastýringar og félagið tekur við rekstri og stýringu eigna Horns Fjárfestingarfélags hf.
- » Tilkynnt um nýjar stefnuáherslur til ársins 2015. Samhliða eru gerðar breytingar á skipulagi bankans.



Fjórði ársfjórðungur

Október

- » Ragnhildur Geirsdóttir er ráðin framkvæmdastjóri Rekstrar- og upplýsingatæknisviðs.
- » Starfsemi útibúa Landsbankans í Árbæ og Grafarholti er sameinuð í Grafarholti.

Nóvember

- » Hagnaður Landsbankans á þriðja ársfjórðungi kynntur. Hagnaður nemur tæpum 1,7 milljörðum króna og skýrist lækkunin af virðisrýrnun útlána og auknum rekstrarkostnaði.
- » Nýtt öryggiskerfi innleitt í netbanka einstaklinga, grundvallarbreyting sem er til mikilla þæginda fyrir viðskiptavinum auk þess að auka öryggi netbankans.
- » Landsbankinn, í samstarfi við Háskóla Íslands og Mass TLC, stendur fyrir Iceland Innovation UnConference 2012.

Desember

- » Landsbankinn og atvinnuvegaráðuneytið veita 31,1 milljón króna í styrki úr þróunarsjóði Íslands allt árið.
- » Landsbréf hf. stofna félag í tengslum við kjölfestuhlut í Bláa lóninu.
- » Lokaúthlutun úr samfélagssjóði Landsbankans fyrir árið 2012 að upphæð 10 milljónir króna. Alls var úthlutað 48,8 milljónum króna úr sjóðnum á árinu.



Ávarp formanns bankaráðs og bankastjóra

Landsbankinn hefur markvisst unnið að því á síðustu árum að styrkja efnahag sinn og draga úr áhættu í rekstri. Eiginfjárhlutfall hefur styrkst jafnt og þétt og lausafjárstaða bankans er góð. Meginmarkmið bankans á næstu árum er að ná fram viðunandi arðsemi með því að auka hagkvæmni í rekstri.

Rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi hefur síðustu árin einkennst af óstöðugleika. Á ýmsu hefur gengið frá hruni og mikil óvissa er enn um efnahagsþróun hér á landi og í helstu viðskiptalöndum, óvissa er einnig um hugsanlegar breytingar á lögum og reglum sem snerta grunnþætti hagkerfisins, svo sem sjávarútveg, fjármálafyrirtæki og afnám fjármagnshafa. Hagvaxtar gætir nú á ný hér á landi en hefur þó ekki enn náð að örva fjárfestingu og eftirspurn eftir fjármálaþjónustu að marki. Allt hefur þetta og mun hafa bein og óbein áhrif á rekstur og framtíðaráætlanir Landsbankans.

Rekstrarárangur

Rekstrarhagnaður Landsbankans á árinu 2012 nam 25,5 milljörðum króna og skilaði 12% arðsemi eigin fjár eftir skatta sem er í takt við áætlanir. Hagnaður og arðsemi bankans er talsvert betri en árið 2011, en á því ári færði Landsbankinn til varúðar háar fjárhæðir vegna gengislánadóma. Enn er til staðar óvissa um endurreikning gengisbundinna lána og þarf fleiri dóma til að hægt verði að fá skýra mynd af stöðunni.

Rekstrarkostnaður hækkaði nokkuð á árinu 2012. Þá

hækkun má að hluta rekja til hærri opinberra gjalda, til að mynda vegna reksturs eftirlitsaðila og hærri skatta á laun, til útgjalda vegna sameiningar við önnur fjármálafyrirtæki auk kostnaðar við hagræðingu og úrvinnslu ýmissa mála sem tengjast hruninu.

Líkt og önnur fjármálafyrirtæki í hinum vestræna heimi þarf bankinn að leita allra leiða til að auka hagkvæmni og tryggja samkeppnishæfni til framtíðar. Því var ákveðið að hagræða í rekstri á árinu 2012 sem mun skila sér í lækkun kostnaðar 2013.

Fjárhagsskipan

Bankinn hefur markvisst unnið að því að byggja upp og styrkja efnahag sinn og draga úr áhættu. Góður árangur hefur náðst á því sviði. Eiginfjárhlutfall bankans hélt áfram að styrkjast á árinu 2012 og er nú rúmlega 25% en í byrjun árs 2010 var hlutfallið innan við 16% lágmarksviðmið FME.

Lausafjárstaða bankans er sterk bæði í íslenskum krónum sem og erlendri mynt og hefur styrkst á árinu 2012. Vegna sterkrar lausafjárstöðu í erlendri mynt greiddi bankinn sumarið 2012 rúma



Gunnar Helgi Hálfðanarson,
formaður bankaráðs

70 milljarða króna fyrir fram inn á erlendar skuldir bankans við LBI hf. Með því hefur bankinn lækkað vaxtakostnað sinn og lengt tímabilið fram að fyrsta gjalddaga lánanna. Landsbankinn þarf samt sem áður að endurfjármagna erlendar skuldir sínar fyrir árið 2016. Slíkri endurfjármögnun fylgir ákveðin óvissa, sérstaklega vegna aðstæðna á mörkuðum. Bankinn mun á árinu 2013 leita eftir breytingum á greiðsluskilmálum af lánum frá LBI hf. til að draga úr þessari óvissu og tryggja betur fjárhagsskipan til framtíðar.

Endurskipulagningu rekstrarins hefur verið haldið áfram. Bankinn hefur selt mikið af eignum á síðustu tveimur árum og hafa eignir til sölu á efnahagsreikningi lækkað um meira en 100 milljarða króna á því tímabili. Á árinu 2012 vegur þyngst sala á 75% hlut í Regín sem átti sér stað samhliða skráningu þess félags á markað. Unnið hefur verið markvisst að því að bæta

stöðu lántakenda sem aftur hefur skilað sér í traustari útlánnum og minnkandi vanskilum, en þau voru komin undir 8% í árslok. Þá dylst fáum að með aðgerðum sínum hefur Landsbankinn lagt lóð á vogarskálina við endurreisn íslensks verðbréfamarkaðar og stuðlað að bættum fjárhag einstaklinga og fyrirtækja sem hefur haft jákvæð áhrif á framþróun efnahagslífsins.

Stefna og áherslur

Árið 2010 setti Landsbankinn fram nýja stefnu til framtíðar. Fyrsti áfangi náði til loka árs 2012 og miðaðist við að byggja upp innviði bankans og greiða úr skuldavanda viðskiptavina. Stefnan sem bankinn markaði sér byggir á fjórum stöðum: öflugri liðsheild, traustum innviðum, ánægðum viðskiptavinum og ávinningi eigenda og samfélags. Skýr og mælanleg markmið voru sett fyrir hverja stöð og hafa þau í

öllum meginatriðum gengið eftir. Starfsfólk bankans hefur unnið mikið og gott starf á þessum tíma við framkvæmd stefnunnar auk þess sem SpKef, SP - Fjármögnun og Avant hafa verið sameinuð bankanum. Árangur þessa uppbyggingarstarfs hefur komið fram hægt og bitandi og sést nú glöggt í aukinni markaðshlutdeild og vaxandi trausti, sterkari ímynd og ánægju viðskiptavina sem var rækilega staðfest í mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2012, en í þeirri könnun trónir Landsbankinn efstur fjármálafyrirtækja.

Undir lok árs 2012 var stefnan rýnd, settar fram nýjar áherslur og skipulagi breytt með það fyrir augum að tryggja bankanum forystu á árinu 2013 og til lengri framtíðar. Markmið hafa verið yfirfarin og skilgreindur fjöldi verkefna sem unnið verður að á næstu árum til að efla rekstur bankans. Kjarni þeirra er eftirfarandi:

- » *Að ná fram viðunandi arðsemi með aukinni hagkvæmni, lægri kostnaði, fjárfestingu í upplýsingatækni og aukningu rafrænna viðskipta.*
- » *Að ná fram traustri fjárhagsstöðu, hagstæðri langtímaffjármögnun, sterkri lausafjárstöðu og dreifðu eignarhaldi.*
- » *Byggja upp banka sem verður í fremstu röð fyrirtækja á Íslandi á sviði mannaútsjórnunar og hefur á að skipa besta fagfólkinu.*

Eignarhald og stjórnarhættir

Í eigendastefnu ríkisins um fjármálafyrirtæki segir að þrátt fyrir að hluti þeirra sé í eigu íslenska ríkisins skuli stefnt að því að koma þeim í dreifða eignaraðild. Alþingi samþykkti í lok árs 2012 stjórnarfrumvarp um að selja tiltekna eignarhluti ríkisins í fjármála-



Steinþór Pálsson,
bankastjóri

fyrirtækjum en gert er ráð fyrir að undanskilinn verði 70% eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum hf.

Að mati Landsbankans skiptir miklu máli fyrir framþróun bankans á kvikum samkeppnismarkaði, að hann tengist umhverfi sínu fyrir tilstilli fleiri hluthafa og með fjölbreyttari hætti en nú er og að nýir fjárfestar komi að bankanum áður en langt um líður. Að mati Landsbankans var framan- greint stjórnarfrumvarp skref í rétta átt, en gekk of skammt. Ekki síst í ljósi þess hversu áriðandi er að lækka skuldir ríkissjóðs og þar með vaxtakostnað. Sala á hlut í Landsbankanum væri áfangi á þeirri leið. Löng reynsla Norðmanna af eignarhaldi norska ríkisins á hluta af DnB, stærsta banka Noregs, gæti verið verðug fyrirmynd en þar seldi ríkið hluti jafnt og þétt og hefur haldið á um 35% eignarhlut um árabíl. Mikilvægt er að fyrir liggja sem fyrst hvernig stefnu um dreift eignarhald

verður framfylgt og að það verði gert með trúverðugum hætti.

Mikilvægt er að meiri- hlutaaðild ríkisins að Lands- bankanum verði ekki til þess að um hann gildi íþyngjandi sérlög og að ríkið eða þeir sem fara með atkvæði þess, hagi samskiptum við bankann í samræmi við lög og bestu viðmið um stjórnarhætti og ætli sér ekki ríkari rétt gagnvart Landsbankanum en aðrir hluthafar njóta.

Til að efla traust og trú á Landsbankanum hefur bankaráð unnið markvisst að því að gera stjórnkerfi bankans sem skilvirkast og gætt þess að starfsemi sé í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og reglur um skráð félög í kauphöll. Áfram verður unnið á þeirri braut.

Horfur

Landsbankinn stendur nú á ákveðnum tímamótum. Að baki eru ár sem hafa ein- kennst af uppbyggingu að loknu hruni og framundan eru þau ár þar sem bankinn hefur sett sér markmið um að ná forystu á innlendum bankamarkaði og síðar að verða fyrirmyndarfyrirtæki, hliðstæður bestu bönkum á Norðurlöndum.

Landsbankinn hefur styrkt stöðu sína á undanförunum árum og hefur markaðshlut- deild farið vaxandi jafnt og þétt. Bankinn er stærsta fjár- málafyrirtæki landsins og er vel búinn undir vaxandi samkeppni við aðra aðila sem veita fjármálaþjónustu. Í bankanum er mikill mann- auður og söguleg tengsl við viðskiptavinum sem rík ástæða er til að leggja rækt við.

Landsbankinn er mikil- vægt fyrirtæki á íslenskum fjármálamarkaði og það er því afar brýnt að honum

verði ekki búið íþyngjandi starfsumhverfi umfram önnur fjármálafyrirtæki og að hann geti tekið þátt í samkeppni á sama grunni og aðrir. Bankaráð og stjórnendur Landsbankans líta bjartsýn fram á veginn. Mikill árangur hefur vissulega náðst en enn er mikið starf framundan á óvissutímum þar sem vaxtartækifæri eru fá og samkeppni fer vaxandi. Vegna aðstæðna í þjóðar- búskapnum og á fjármála- markaði verður það verðugt verkefni að ná viðunandi arðsemi á næstu árum. Við þær aðstæður verður að leita allra leiða til að tryggja hag- kvæman og traustan rekstur bankans með hag viðskipta- vina, hluthafa, starfsmanna og samfélagsins alls að leiðarljósi.

Við viljum þakka viðskipta- vinum, fulltrúum hluthafa, bankaráði, starfsfólki Lands- bankans og öðrum fyrir árangursrík samskipti og samstarf á árinu 2012.



Þróun efnahagsmála

Óhætt er að segja að óvissa einkenni efnahagslíf á Íslandi og í Evrópu. Góður árangur hefur náðst í ríkisfjármálum á síðustu árum en á móti kemur að landsframleiðsla vex hægar en vonast hafði verið til. Eftirmála hins alvarlega misvægis sem skók fjármála-
markaði á Vesturlöndum á síðasta áratug gætir enn um víða veröld.

Á árinu 2012 hefur þokast í átt til betra jafnvægis víða um heim í kjölfar markvissra aðgerða stjórnvalda og seðlabanka í iðnríkjum. Hagvöxtur á Íslandi var nokkur á árinu en lægri en við var búist, verðbólga lækkaði og hið sama gildir um atvinnuleysið.

Efnahagsumhverfið á Íslandi	10
Þróun á alþjóðamörkuðum	14
Innlendir verðbréfamarkaðir	19

Efnahagssumhverfið á Íslandi

Efnahagspróunin árið 2012 var að mörgu leyti hagstæð, einkum í samanburði við próunina í helstu viðskiptalöndunum. Annað árið í röð var marktækur hagvöxtur þó að hann hafi verið undir væntingum og atvinnuleysi lækkaði umtalsvert.

Efnahagslífið hér á landi sýndi bæði jákvæð og neikvæð teikn á árinu. Hagvöxtur var nokkur en lægri en við var búist, verðbólga lækkaði og sama gildir um atvinnuleysið. Ágætisvelta var á skuldabréfamarkaði og aukið líf hefur færst í hlutabréfamarkaðinn. Staða ríkisfjármála hefur batnað, en þar eru blíkur á lofti og þörf á áframhaldandi aðhaldi. Í ársbyrjun 2013 tókst að framlengja frið á vinnumarkaði fram undir árslok 2013. Af neikvæðum þáttum má nefna að lítill hreyfing virðist vera í þá átt að losa fjármagnshöftin og áætlanir um það lítt eða ekki sjáanlegar. Fjárfestingarstig er enn lágt og illa gengur að koma nýrri tekju- og gjald-eyrisskapandi starfsemi í gang. Sjávarútvegur stendur frammi fyrir mögulegum

lækkunum á afurðaverði á erlendum mörkuðum auk þess að hafa tekið á sig auknar byrðar vegna hækkunar veiðigjalds.

Hægari vöxtur landsframleiðslu

Samkvæmt fyrsta mati Hagstofunnar, sem birt var á árinu 2013 var 1,6% hagvöxtur á árinu 2012. Þetta er undir væntingum, en opinberar spár lágu á bilinu 2,2% (Hagfræðideild Landsbankans nóv. 2011; Seðlabanki Íslands feb. 2013) og 2,7% (Hagstofa Íslands nóv. 2012).

Einkaneysla jókst um 2,7% að raunvirði milli ára og fjármunamyndun um 4,4%. Bæði útflutningur og inn-


flutningur jukust og var framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar óverulegt. Framlag samneyslu og birgðabreytinga til hagvaxtar var einnig óverulegt.

Lítill vöxtur fjármunamyndunar áhyggjuefni

Það sem veldur mestum áhyggjum í tölum um landsframleiðslu 2012 er lítill vöxtur fjármunamyndunar milli ára. Heildarfjárfesting á seinasta ári nam 246 milljörðum króna og jókst um 4,4%. Á föstu verðlagi þarf að fara 15 ár aftur í tímann eða allt aftur til ársins 1997 til að finna jafn litla fjárfestingu. Sem hlutfall af landsframleiðslu nemur fjárfestingin einungis 14,4%, en sambærilegt hlutfall fyrir

OECD-lönd seinustu áratugi er í kringum 20%.

Heildaratvinnuvegafjárfesting árið 2012 nam 170 milljörðum króna og jókst hún um 8,6% milli ára. Sú aukning er nær eingöngu komin til vegna innflutnings á skipum og flugvélum, en sá liður nam um 29 milljörðum króna 2012 í samanburði við 10 milljarða króna árið á undan. Án þessara fjárfestinga hefði atvinnuvegafjárfesting skroppið saman um 8%. Stóriðjutengd fjárfesting dróst saman um 25%. Almenn atvinnuvegafjárfesting jókst einungis um 3%. Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 17% milli ára og fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst um 6,9%.



Tölur eftir 2012 er spá Hagfræðideildar Landsbankans frá nóv. 2012.

Minnkandi afgangur af vöruskiptum

Vöruskiptajöfnuðurinn á árinu 2012 var jákvæður um 83 milljarða króna. Til samanburðar var jöfnuðurinn jákvæður um 101 milljarð árið 2011 og 125 milljarða árið 2010. Afgangur af vöruskiptum hefur því minnkað rétt um 20 milljarða króna á ári seinustu tvö ár. Samhliða vexti einkaneyslu og fjármunamyndunar sem vonast er eftir næstu árin, má búast við að vöruinnflutningur aukist áfram hraðar en útflutningur. Því er hætt við að afgangur á vöruskiptajöfnuði fari áfram minnkandi.

Krónan á enn undir högg að sækja

Evra kostaði tæpar 159 krónur í upphafi ársins 2012 en 170 í lok ársins sem þýðir um 7% hækkun á árinu. Miklar sveiflur voru jafnframt á gengi krónunnar innan ársins. Í ljósi þess að fjármagnshöft ættu að öllu jöfnu að draga úr sveiflum af þessu tagi, og ágætis afgangur er af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd, er eðlilegt að spurt sé hvað veldur. Viðvarandi halli á þáttatekjum undanfarin ár hefur farið langleiðina með að þurrka út afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd. Aðgangur að erlendum lánamörkuðum er enn lokaður öðrum en

ríkissjóði sem þrýstir gengi krónunnar niður. Fyrirtæki og sveitarfélög með erlendar skuldir geta ekki endurfjármagnað erlend lán með eðlilegum hætti og þurfa því að sækja gjaldeyri á innlendum markaði til að standa undir endurgreiðslum lána sem í venjulegu árferði hefðu líklega verið endurfjármöggnuð. Allir þessir þættir ýta undir sveiflur.

Verðbólgan jókst á liðnu ári og stýrivextirnir hækkuðu


Verðbólgan varð meiri á árinu en búist var við í upphafi árs 2012. Verðbólgan náði hámarki í janúar 2012 þegar tólf mánaða takturinn

mældist 6,5%. Verðbólga varð svo töluverð á fyrstu mánuðum ársins, t.d. mældist tólf mánaða verðbólga yfir 6% fjóra mánuði í röð. Seinni hluta ársins hjaðnaði hún hinsvegar nokkuð hraðar en markaðsaðilar bjuggust við sl. sumar og hefur reynst nokkuð undir spám Seðlabanka Íslands á seinni hluta ársins.

Stýrivextir hækkuðu um 125 punkta á fyrri hluta ársins en um 25 punkta á þeim seinni. Peningastefnunefnd Seðlabankans gaf í skyn undir lok ársins að vaxtahækkunarferlinu væri lokið í bili þó að verðbólgan væri þá enn talsvert langt yfir markmiði.

Skuldir heimila við helstu lánastofnanir

Heimild: Seðlabanki Íslands



Frá september 2008 eru skuldir við innlánsstofnanir metnar á yfirtökuverði til nýju bankanna. Í heildartölum eru auk innlánsstofnana: Íbúðalánasjóður, fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir, tryggingafélög og Lánasjóður íslenskra námsmanna. Nýjustu tölur geta verið áætlaðar að hluta.

Verulega dró úr atvinnuleysi en kaupmáttur jókst lítið

Staðan á vinnumarkaði batnaði nokkuð á árinu 2012. Atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar minnkaði um rúma prósentu milli ára, var 7,1% að meðaltali árið 2011 en 6% árið 2012.

Árshækkun launavísitalunnar nam 4,7% í desember en á seinni hluta ársins hækkaði launavísitalan einungis um 1,1% miðað við sama tímabil árið á undan. Til samanturðar hækkaði launavísitalan um 3,3% seinni hluta ársins 2011. Töluvert hefur því dregið úr hækkun

launa og ekki var mikið um undirliggjandi launaskrið á vinnumarkaðnum á síðustu mánuðum ársins. Kaupmáttur launa jókst um 0,45% á árinu.

Góður árangur hefur náðst í ríkisfjármálum á síðustu árum

Ríkissjóður er vissulega enn að eyða um efni fram því heildarjöfnuður, sem sýnir niðurstöðu með vaxta-tekjum og -gjöldum, er áætlaður neikvæður um 3,6 milljarða á þessu ári. Það er þó töluverður bati frá áætlun ársins 2012 þar sem heildarjöfnuður var neikvæður um tæpa 30 milljarða króna.

Óvissa er hins vegar mikil um ríkisfjármálin, t.d. um stóra liði eins og vanda Íbúðalánasjóðs. Hagstæð niðurstaða dómsmálsins um Icesave hefur hins vegar dregið úr óvissu varðandi fjármál ríkisins á næstu árum og óumdeilt er að góður árangur hefur náðst í fjármálum hins opinbera á undangengnum árum.

Vaxtabyrði af skuldum er mikil og reikna má með að a.m.k. 15% af tekjum ríkisins fari í vaxtagreiðslur á næstu árum. Áætlað er að heildarskuldir ríkissjóðs muni nema rúmum 1.500 milljörðum króna í lok þessa árs, eða um 80% af VLF. Meginmarkmið stefnunnar í ríkisfjármálum er að ná skuldum ríkisins

niður í 45-50 % af VLF. Til þess að það náist í nálægri framtíð þarf hins vegar mun meiri afgang af rekstri ríkisins en fyrirsjáanlegur er á næstu árum. Raunhæfara er að ríkið hugi sem fyrst að sölu eigna, t.d. þeirra sem því áskotnaðist við endurreisn fjármálakerfisins, með það fyrir augum að greiða niður skuldir ríkissjóðs og lækka vaxtakostnað.

Lítillsháttar raunhækkun fasteignaverðs

Þróun á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu var með rólegra móti á árinu 2012. Velta með íbúðarhúsnæði jókst um rúm 14% fyrir

fjölþýli og 12% fyrir sérþýli miðað við árið á undan. Á árunum 2010 og 2011 jókst veltan á fasteignamarkaði mjög mikið, en verulega dró úr aukningunni á nýliðnu ári. Virkni á fasteignamarkaði hefur því ekki haldið áfram að aukast í takt við þróunina í upphafi áratugarins.

Verð á fjölþýli hækkaði um 7% frá desember 2011 til desember 2012 en verð á sérþýli einungis um 2,4% og í reynd lækkaði raunverð sérþýla um 2,3% á árinu 2012 m.v. 3,5% hækkun á árinu 2011. Raunverð á fjölþýli hækkaði um 2,1% á árinu 2012, en 5,5% 2011.

Heldur dregur úr efnahagsóvissu ytra og traust erlendra fjárfesta á Íslandi eykst

Áfram er reiknað með veikburða efnahagsbata í helstu viðskiptalöndum okkar. Enn er mikil óvissa í Evrópu vegna skuldakreppunnar þó heldur hafi staðan skýrst en þessi þróun hefur óhjákvæmilega áhrif á innlendan efnahag. Vonir um betri tíð á evrusvæðinu dvínuðu eftir því sem leið á síðasta ár og nú er gert ráð fyrir lítilsháttar áframhaldandi samdrætti á þessu ári. Staðan í Evrópu hefur ekki einungis áhrif á útflutning

og viðskiptakjör heldur gæti hún líka haft áhrif á aðgengi Íslendinga að erlendum lánsfjármörkuðum.

Skuldatryggingarálag Íslands lækkaði þó nokkuð á árinu 2012 og var um miðjan febrúar í 170 punktum. Til samanburðar var skuldatryggingarálag Írlands 188 punktar, en það er það ríki í Vestur-Evrópu sem er með skuldatryggingarálag áþekkast álaginu á Íslandi.


Þegar horft er á heildarmyndina sést að megineinkenni hennar er kyrrstaða, í besta falli mjög hægur bati. Þessi kyrrstaða endurspeglar einnig í rekstri bankans.

Hagfræðideild Landsbankans gerir að vísu ráð fyrir rétt tæplega 3% hagvexti næstu þrjú árin að meðaltali en ljóst er að þar getur brugðið til beggja vona. Hagvöxturinn verður að mestu drifinn áfram af vexti fjármunamyndunar og einkaneyslu en áhrifum hennar eru þó takmörk sett. Útlit er fyrir að verðbólgan verði áfram talsvert yfir markmiði Seðlabankans, einkum ef áframhald verður á veikingu krónunnar og ef ekki tekst að beisla verðbólguvæntingar fyrirtækja og almennings.

Skuldatryggingarálag valinna Evrópuríkja

Heimild: Bloomberg

Punktar



Dagleg gögn.

Þróun á alþjóðamörkuðum

Heimsbúskapurinn 2012 og horfur 2013

Fyrstu ár annars áratugar 21. aldarinnar munu seint teljast blómaskeið í heimsbúskapnum. Eftirmála hins alvarlega misvægis sem skók fjármálamarkaði á Vesturlöndum á síðasta áratug gætir um víða veröld, en mest þó í evrulöndum og Bandaríkjunum.

Á árinu 2012 hefur þokast í átt til betra jafnvægis um allan heim í kjölfar markvissra aðgerða stjórnvalda og seðlabanka í iðnríkjum. Stjórnvöld hafa víða aukið aðhald til að draga úr halla á rekstri ríkissjóðs, sem víða er mikill, en reynt að kappkosta á sama tíma að niðurskurður og hækkun skatta verði ekki til að auka atvinnuleysi eða minnka hagvöxt. Um leið hefur fjármálakerfi Evrópuþjóða verið styrkt með markvissum hætti til að draga úr hættu á áföllum á næstu árum eða í framtíðinni.


Fátt bendir til verulegs hagvaxtar á næstu árum

Árin 2010 og 2011, þegar örvandi aðgerða stjórnvalda í efnahagsmálum eftir hrun-árin 2008 og 2009 naut við, var vöxtur í heimsbúskapnum 5,3% og 3,9%. Hluta þess góða árangurs mátti rekja til stóru hagkerfanna tveggja í Suðaustur-Asíu, Kína og Indlands, en árin 2010 og 2011 mældist hagvöxtur 10,4% og 9,2% í Kína en 10,8% og 7,1% á Indlandi. Árið 2012 tók að gæta aðhalds hins opinbera í iðnríkjunum. Atvinnuleysi er þrálátt, mælist allt frá 8%

í Bandaríkjunum til 25% á Spáni. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn áætlar í janúar 2013 að vöxtur í heimsbúskapnum hafi verið 3,2% árið 2012 og verði 3,5% árið 2013. Fátt bendir því til að hagur Vesturlanda vænkist á næstunni.

Vandi iðnríkja á Vesturlöndum er lítill hagvöxtur eða jafnvel samdráttur; í það minnsta er hagvöxtur of lítill til þess að dragi úr skuldum í hlutfalli við VLF. Þetta á við um Bandaríkin og mörg ríki í Evrópu. Skuldir eru afar háar og vaxtagreiðslur þung byrði

á rekstri ríkissjóðs í Bandaríkjunum, Japan og víða í Evrópu. Vegna þess að tekjur aukast hægt eða standa í stað aukast skuldir víða hraðar en tekjur. Í sumum ríkjum hvílir eftirlauna-skuldbinding á ríkissjóði en er utan efnahagsreiknings og er því að jafnaði ekki sýnd í alþjóðlegum samanburði. Sum ríki eru því mun skuldugri en þau virðast við fyrstu sýn.



Skuldir ríkissjóðs eru þungar víða um lönd og eru sem klafi á endurreisn í efnahagsmálum eftir alvarleg áföll á síðasta áratug.

Japanir skulda mest

Myndin að ofan sýnir skuldir ríkissjóðs í fáeinum ríkjum Asíu og Kyrrahafslanda, Ameríku og Evrópu. Sem fyrr eru þær hæstar í Japan þegar horft er á hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) eða 218,9% og frá árinu 1990 hefur máttinn hægt og hægt dregið úr þjóðarþróun Japan. Eftir árið 2012 verður hlutfall þeirra sem eru 65 ára og eldri 25% þjóðarinnar í fyrsta sinn. Ein milljón manna bætist í þann hóp árið 2013, árgangur 1948,

eftirstríðsarakynslóðin sem nú er komin á eftirlaunaaldur. Staða ríkissjóðs Japans er þröng vegna þungar skuldabyrði, en vonir eru bundnar við aukna neyslu þegar þessi stóri hópur hefur töku lífeyris. Landsframleiðsla dróst áfram saman í Japan árið 2011, um 0,6%, en reiknað er með 2% hagvexti á árinu 2012 og 1,2% 2013.

Bandaríkin í úlfakreppu

Í Bandaríkjunum eru skuldir ríkissjóðs 73,6% sem hlutfall af VLF en halli á rekstri rík-

issjóðs árið 2012 er áætlaður 8,5% af VLF. Ört bætist við útistandandi skuldir Bandaríkjamanna þar sem áætlun yfirvalda gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði aðeins 1,5% árið 2012 miðað við 2% hagvöxt árið 2011. Umræða í lok árs 2012 um þverhnípi fjárlaganna beindist m.a. að því að á þessu ári skuli sjálfvirkur niðurskurður á útgjöldum ríkissjóðs samfara hækkun skatta taka gildi. Þetta er samkvæmt lögum sem í gildi eru þar til þeim hefur verið breytt af hálfu bandaríska þingsins.

Af þessum dæmum um skuldabyrði stærstu iðnríkja sést hve erfitt það verður fyrir stjórnvöld að glæða hagvöxt frekar árin 2013 og 2014. Ef skoðaður er hagvöxtur árin 2009 til 2012 í fimm af helstu iðnríkjum veraldar, sést að í öllum tilvikum hefur dregið úr hagvexti bæði árin 2011 og 2012. Í evrulöndum varð 0,4% samdráttur í landsframleiðslu árið 2012 og reiknað er með 0,2% samdrætti til viðbótar árið 2013. Ljóst er að svo lítil aukning tekna í stærstu iðnríkjum hefur áhrif á eftirspurn framleiðslu nýmarkaðsríkja,

Hagvöxtur hefur minnkað um allan heim árið 2012

Heimild: Bloomberg



Hagvöxtur í stærstu ríkjum hefur víðast hvar minnkað árin 2011 og 2012. Spár alþjóðastofnana benda til þess að frá og með árinu 2013 taki að rofa til á ný.

t.d. BRIC landanna, þar sem hagvöxtur síðustu áratuga hefur ekki síst byggst á útflutningi til iðnríkjanna á Vesturlöndum.

Dregur úr umsvifum í heimsbúskapnum

Spár alþjóðastofnana benda til þess að framleiðsla og eftirspurn glæðist í heimsbúskapnum eftir árið 2012 þegar hagvöxtur er áætlaður 3,2%. Engu að síður hafa spár um hagvöxt fyrir árin 2012 til 2014 farið sílækkandi frá haustinu 2011 og

ekki er víst að spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um 3,5% hagvöxt 2013 gangi eftir. Verð á hrávörum náði hámarki vorið 2011 og hefur farið lækkandi í nærfellt tvö ár. Minnkandi eftirspurn nýmarkaðsríkja í Asíu kann að skýra minni eftirspurn, að hluta en hægari umsvif í heimsbúskapnum yfirleitt vege ekki síður þungt.

Þróun almenns neysluverðs í stærri ríkjum endurspeglar einfaldlega hægari aukningu umsvifa í heimsbúskapnum og verðbólga fór víða vaxandi árið 2010 og fram eftir árinu 2011

en síðan hefur dregið úr. Jákvætt er þegar vel tekst að stilla hækkun verðlags í hof en hjá því verður ekki litið að afleiðingin er minni umsvif í mikilvægum ríkjum í Asíu jafnt og í Evrópu og Ameríku.

Hlutabréfin vísa veginn


Hlutabréf á alþjóðlegum markaði eru leiðandi hagvísir og er litið þannig á að væntingar fjárfesta endurspegli líklega þróun um það bil ár fram í tímann. Árið 2012 hækkaði verð hluta-

bréfa nær allt árið þrátt fyrir tvær dýfur eins og sjá má á mynd af verðþróun helstu vísitalna hlutabréfa í Þýskalandi og í Bandaríkjunum. Báðar hafa hækkað mikið eftir djúpa niðursveiflu sumarið 2011. Á fyrstu vikum ársins 2013 nálgast þær hæstu gildi allra tíma, en þau eru frá árunum 2000 og 2007.

Hækkun á alþjóðlegum hlutabréfum ber vott um bjartsýni alþjóðlegra fjárfesta og væntingar þeirra um betri tíð á næstu árum. Hagur margra skráðra fyrirtækja víða um lönd

Verðbólga í nokkrum ríkjum

Heimild: Bloomberg



Verðbólga hefur víða lækkað árið 2012 eftir hækkun fyrri ára.

Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum og Þýskalandi

Heimild: Bloomberg



Dax vísitalan í Frankfurt í Þýskalandi (vinstri ás) og S&P 500, vísitala stærstu fyrirtækja á Wall Street (hægri ás), hafa báðar lækkað mikið frá því síðla sumars 2011.

blómstrar þrátt fyrir hægari aukningu eftirspurnar en áður. Í flestum löndum eru vextir í sögulegu lágmarki og atvinnuleysi mikið. Kostnaður fyrirtækja við vinnuafli og fjármagn hefur haldist hóflegur um leið og hagnaður fer vaxandi og þetta endurspeglast í hækkandi verði á hlutabréfum skráðra fyrirtækja.

Rekstrarhorfur fyrirtækja verða því í sjálfu sér ekki til að varpa skugga á vænt-

ingar fjárfesta á alþjóðlegum hlutabréfamarkaði. Þar koma fremur til sögunnar válegar horfur í fjármálum margra helstu ríkja vegna hárra skulda og fjárlagahalla sem ekki hefur tekist að beisla. Við blasir að á næstu árum þarf að grípa til ráðstafana í ríkisfjármálum til að stöðva skuldasoðnun, herða tókin í ríkisfjármálum og auka tekjur. Erfitt verður að komast yfir þann hjall án þess að dragi úr eftirspurn og framleiðslu.

Á margan hátt má líkja tveimur fyrstu áratugum 21. aldarinnar við kreppuárin á síðustu öld eftir hrunið á hlutabréfamarkaði árið 1929. Ólga og óvissuástand einkennir bæði þessi tímabil. Seðlabankar stærstu iðnríkja tóku höndum saman strax árið 2008 til að draga sem mest úr áhrifum efnahagshrunsins og sumpart má segja að það hafi tekist þökkalega. Ofurháar skuldir ríkissjóðs og heimila í fjölmörgum ríkjum munu þó

reynast dragbítur á umsvif í heimsbúskapnum á næstu árum. Skuldirnar munu hugsanlega valda því að enn verði nokkurra ára bið eftir því að helstu vísitölur hlutabréfa nái hærri gildum en árin 2000 og 2007.

Þrjú toppar S&P 500 árin 2000, 2007 og 2013

Heimild: Bloomberg



S&P 500 og aðrar helstu vísitölur hafa myndað þriðja toppinn í byrjun árs 2013 í grennd við gildin frá 2000 og 2007.

Innlendir verðbréfamarkaðir

Skuldabréfamarkaður

Rétt eins og á árinu 2011 bar skuldabréfamarkaðurinn uppi veltuna á íslenskum verðbréfamarkaði. Mest voru viðskipti með skuldabréf útgefin af íslenska ríkinu og Íbúðalánasjóði. Heildarvelta á skuldabréfamarkaðnum nam alls 2.324 milljörðum króna samanborið við 2.575 milljarða árið 2011 og lækkaði því um rúmlega 250 milljarða.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa lækkaði hratt fyrstu vikur ársins en hækkaði í mars þegar höft á fjármagnsflutninga voru hert. Fram að því höfðu útlendingar mátt flytja afborganir, verðbætur og vexti úr landi og því fýsilegt fyrir þá að eiga stutt verðtryggð bréf þar sem afborganir eru hlutfallslega háar. Eins og við var að búast hækkaði því ávöxtunarkrafan á stystu verðtryggðu flokkunum umtalsvert.


Í nóvember varð mikill titringur á skuldabréfamarkaði þegar umræða hófst um bága stöðu Íbúðalánasjóðs (ÍLS) og þurfti að stöðva viðskipti með skuldabréfa flokka sjóðsins í tvígang með nokkurra daga millibili. Mikið tap hefur verið á eignasafni ÍLS og líklegt má telja að afskrifa þurfi töluvert til viðbótar. Viðvarandi rekstrarhalli er á sjóðnum þar sem vaxtamunur dugir ekki fyrir rekstrarkostnaði. Ennfremur býr hann við

uppgreiðsluáhættu þar sem útlán sjóðsins eru uppgreiðanleg, en fjármögnunin, þ.e. íbúðabréfin, eru það ekki. Eftir töluverðar umræður og vangaveltur um ábyrgð ríkisins á íbúðabréfum tóku fjárfestar að róast í lok árs og ávöxtunarkrafan lækkaði á ný.

Íslenska ríkið var stærsti útgefandi skuldabréfa á árinu 2012 og gaf út skuldabréf fyrir 81 milljarð króna að nafnvirði. Meira

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Heimild: NASDAQ OMX Iceland



[Verðbólguálag \(RB19/HFF24\)](#)

Þróun verðbólguálags til 5 ára, kröfumunur á RIKB 19 og HFF 24 0215.

hefur verið um uppgreiðslur hjá Íbúðalánasjóði en sem nemur nýjum útlánnum, sem hefur gert það að verkum að sjóðurinn hefur getað haldið að sér höndum og nam skuldabréfaútgáfa hans aðeins rúmlega 3 milljörðum króna að nafnvirði á árinu, sem er mun minna en í venjulegu árferði.

Nokkur gróska hefur verið í útgáfu fyrirtækjaskulda-
bréfa og skuldabréfa fjár-


málastofnana, en mjög lítið hefur verið um slíkar útgáfur frá árinu 2008. Bæði Íslandsbanki og Arion banki gáfu út sértryggð skuldabréf á árinu og undirbýr Landsbankinn slíka útgáfu. Einnig voru fasteignafélögin Reginn og Eik atkvæðamikil í skuldabréfaútgáfu þar sem hluti fasteignasafna þeirra var endurfjármagnaður. Lífeyrissjóðir voru helstu kaupendur að þeim bréfum.

Erlendir aðilar voru atkvæðamiklir á skuldabréfamarkaði eins og undanfarin ár og keyptu 21% af skuldabréfaútgáfu ríkisins og 69% af ríkisvíxlaútboðum. Þessir erlendu aðilar hafa hingað til nær eingöngu keypt skuldabréf með stuttan líftíma en hafa þó í æ ríkari mæli keypt bréf til lengri tíma eftir því sem ávöxtunarkrafa styttri bréffanna hefur lækkað.

Árið 2013 fer kröftuglega af stað á skuldabréfamarkaði, enda er útlit fyrir lítið framboð á bréfum miðað við eftirspurn og á það sérstaklega við um verðtryggð skuldabréf með ábyrgð ríkisins.

Ávöxtunarkrafa skuldabréfa

Heimild: NASDAQ OMX Iceland



Hlutabréfamarkaður

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn braggaðist nokkuð á árinu 2012. Heildarviðskipti með hlutabréf námu 89 milljörðum króna en voru 69 milljarðar á árinu 2011. Hlutabréf Regins hf. voru skráð á markað í júlí þegar Landsbankinn seldi 75% hlut sinn í félaginu. Eimskip fylgdi í kjölfarið í nóvember þegar bréf félagsins voru skráð, en seljendur voru LBI hf., ALMC og Samson

eignarhaldsfélag. Mikil umræða skapaðist um kauprétt stjórnenda félagsins og tóku helstu lífeyrissjóðir landsins ekki þátt í útboðinu vegna þessa. Þrátt fyrir það var töluverð umframeftirspurn eftir hlutabréfum félagsins, bæði í lokaða hluta útboðsins sem og í almenna útboðinu. Fljótlega eftir að útboði lauk birtist tilkynning frá stjórnendum þess efnis að þeir myndu afsala sér umsömdum kauprétti. Fjarskipti hf. (Vodafone) var síðan tekið til skráningar

í desember eftir útboð þar sem Framtakssjóður Íslands seldi 50% hlut í félaginu.


Vísitala innlendra hlutabréfa, OMXI6, hækkaði um 16,5% á árinu. Mest hækkuðu hlutabréf Icelandair eða um 63,4%; hlutabréf Haga hækkuðu næst mest, um 39,4%. Hlutabréf í Marel, sem er stærsti útgefandi hlutabréfa í kauphöllinni m.v. markaðsverðmæti, hækkuðu um 12,4% eftir miklar sveiflur.

Útlit er fyrir að árið 2013 verði gott á hlutabréfamarkaðnum. Efnahagur skráðra félaga er almennt góður og ytra umhverfi er að vænkast. Ekki eru miklar líkur á að fjármagnshöftin verði afnumin í bráð og því ætti ekki að skapast mikill þrýstingur sem hvatt gæti til sölu á innlendum hlutabréfum, sérstaklega í ljósi þess að fjárfestingarkostir eru mjög fáir.

Innlend hlutabréf

Heimild: NASDAQ OMX Iceland

Vísitala = 100, 31.12.2011





Landsbankinn þinn

Hagkvæmur rekstur, öflug liðsheild og ábyrg markaðssókn eru forsendur þess að skapa Landsbankanum sterka stöðu á markaði svo að hann skili ávinningi fyrir eigendur, viðskiptavinum, starfsmenn og samfélagið allt. Í þessum anda var stefna bankans endurskoðuð haustið 2012 og nýjar áherslur mótaðar.

Landsbankinn hefur að leiðarljósi að tryggja á hverjum tíma bestu mögulegu fjármögnun bankans. Stór þáttur í því er aðgengi að erlendum lánamörkuðum. Stefnt er að því að endurfjármagna, að minnsta kosti að hluta, skuldir bankans við LBI hf. með skuldabréfaútgáfu á alþjóðlegum lánamörkuðum eigi síðar en árið 2015, ef ekki koma til önnur úrræði.

Stefna Landsbankans	24
Þróun lykilmarkmiða og árangur	25
Endurskoðun á stefnu	27
Innleiðing og framkvæmd stefnu	28
Helstu þættir í rekstri bankans 2012	31
Starfsumhverfi Landsbankans	37
Samanburður við aðra banka	39
Fjármögnun og uppgjör við LBI hf.	41

Stefna Landsbankans

Framtíðarsýn Landsbankans er að vera til fyrirmyndar og sem liður í þeirri vegferð er markið sett á forystu árið 2013. Í stefnu bankans er forystuhlutverkið skilgreint þannig að hann verði fyrsti kostur á fjármálamarkaði, besti bankinn á Íslandi með tryggja og ánægða viðskiptavinum, reksturinn skuli vera í senn hagkvæmur og arðsamur og traust á alþjóðlegum lánamörkuðum endurheimt.

Landsbankinn hefur þegar náð forystu á markaði á ákveðnum sviðum, t.d. hefur bankinn mesta markaðshlutdeild á hefðbundnum bankamarkaði, bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum, er stærstur í miðlun bæði hluta- og skuldabréfa, hefur tekið forystu í öryggismálum varðandi viðskipti á netinu, er eitt af fremstu markaðsfyrirtækjum

landsins og mjög framarlega í samfélagslegri ábyrgð. Síðast en ekki síst býr hann að víðfeðmu útibúaneti og mjög sterkum og rótgrónum tengslum við ýmsar atvinnugreinar frá fornu fari.

Til þess að viðhalda forystu þurfa allir starfsmenn bankans að leggjast á eitt, auka frumkvæði og nálgast öll sín verk af metnaði og

fagmennsku. Jafnframt þarf að nútímavæða tölvukerfi, auka sjálfvirkni, stunda ábyrga og arðsama markaðsókn sem byggð er á markhópagreiningum og virðismati og móta og byggja upp framtíðarbankastarfsemi sem tekur mið af nýrri tækni og þörfum viðskiptavina.

Landsbankinn verður til fyrirmyndar þegar hann

nýtur trausts og virðingar, er alhliða banki í forystu á fjármálamarkaði, fyrsti valkostur í fjármálaþjónustu, hefur á að skipa metnaðarfullum og samheldnum hópi starfsmanna, er hreyfiafl í íslensku samfélagi, byggir á góðu siðferði og er álitinn góður fjárfestingakostur í dreifðu eignarhaldi.

Þróun lykilmarkmiða og árangur

Landsbankinn vinnur eftir skýrum markmiðum í rekstri, þjónustu og starfsmannamálum. Þessi markmið eru römmuð inn í Vegvísi bankans og þau er auðvelt að mæla og þannig fylgjast með þróun starfseminnar.

Haustið 2010 markaði bankinn sér stefnu til 2015 sem tók mið af þeirri stöðu sem þá blasti við. Sett voru fram lykilmarkmið og ráðist í aðgerðir til að fylgja þeim

eftir. Bankinn hefur náð markverðum árangri við að styrkja rekstur sinn eins og að var stefnt. Má þar nefna m.a. að fjárhagsstaða bankans hefur styrkst verulega og gæði eigna sömuleiðis vegna almennra skuldaúrræða og frumkvæðis bankans við lækun skulda viðskiptavina sumarið 2011, lækkunar vanskila og sölu eigna. Markaðshlutdeild bankans hefur aukist töluvert svo og ánægja og stolt starfsmanna.

Bankinn ætlar sér að lækka rekstrarkostnað og tryggja að kostnaðarlutfall verði viðunandi. Arðsemi rekstrarins hefur verið góð en dómar um endurútreikning ólögmetra gengistryggðra lána hafa þó haft neikvæð áhrif á afkomuna.

Almennt má segja að vel hafi miðað í átt að settum markmiðum á árinu 2012. Lykilmarkmið bankans eru sett til lengri tíma og ber að horfa á þróun árangurs í því

samhengi. Stefna bankans og lykilmarkmið sem mótuð voru á seinni hluta ársins 2010 tóku mið af hinu mikla endurskipulagningarstarfi sem framundan var. Nú í byrjun árs 2013 er farið að sjást til lands í þeim verkefnum og því munu markmið til framtíðar breytast. Þróun lykilmarkmiða samkvæmt Vegvísi bankans fyrir árin 2010 til 2012 voru eftirfarandi:

Vegvísir Landsbankans 2010-2012

Markmið	Mæling	2010	2011	2012	Markmið 2012
Öflug liðsheild (stjórnun og liðsheild)					
Ánægt starfsfólk	Vinnustaðagreining*	4,1	4,1	4,35	≥4,2
Traustir innviðir					
Aukin hagkvæmni	Kostnaðarlutfall**	36,8%	40,6%	45,0%	<50%
Gæði eigna	% >90 daga vanskil	23,5%	13,7%	7,8%	<8,0%
Ánægðir viðskiptavinir					
Viðskiptatryggð	CE11 vísitala	3,1	3,4	3,4	3,7
Viðreisn	Úr endurskipulagningu	-	>75%	93%	Lokið
Markaðshlutdeild fyrirtækja	Könnun	31,4%	37,1%	37,6%	>37,1%
Markaðshlutdeild einstaklinga	Könnun	28,3%	31,9%	33,4%	>32%
Ávinningur samfélags og eigenda (fjármál)					
Góð arðsemi eiginfjár	Arðsemi fyrir skatta (Bankasýslan)	8,8%	10,2%	12,0%	Áh1 +5,25
Uppgjör við gamla bankann	Virði skilyrta skuldabréfsins	29	61	87,5	92
Traust	Könnun	3,1	3,5	3,5	3,6

* Spurningin „Á heildina litið er ég ánægður í starfi“

** Kostnaðarlutfall = Rekstrargjöld alls / (hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána)

Öflug liðsheild

Bankinn hefur á að skipa öflugum hópi starfsmanna og samkvæmt vinnustaðagreiningu á árinu 2012 mældist ánægja starfsmanna 4,35 og náði bankinn því langtímamarkmiði sínu um að vera með hærra gildi en 4,2. Verkefni bankans er nú að viðhalda þessari stöðu.

Traustir innviðir

Hagkvæmni bankans er mæld sem kostnaðarhlutfall. Það var 45% á árinu 2012, en 40,6% 2011. Margir þættir hafa áhrif til hækunar, dregist hefur að ljúka endurskipulagningu skulda, m.a. vegna óvissu um endurútreikning gengis tryggðra lána, hærri skattar á laun, hækkun á kostnaði við rekstur upplýsingatæknikerfa, hærri kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu vegna mats á útlánum tengdum skilyrta skulda bréfinu og uppgjörs við LBI svo og vegna samruna við SpKef.

Þrátt fyrir þessa þróun steig bankinn mikilvæg skref í átt

til hagræðingar og aukinnar hagkvæmni á árinu 2012, m.a. með lokun fjölda útibúa og breytinga í höfuðstöðvum með uppsögnum og starfslokasamningum. Þegar SpKef rann saman við bankann í mars 2011 fór fjöldi útibúa og afgreiðslna Landsbankans í 50 en í lok árs 2012 hafði þeim fækkað í 35. Nú eru þau 34 eða jafn mörg og fyrir samrunann við SpKef. Þessar aðgerðir munu byrja að skila ávinningi á árinu 2013 en kostnaðurinn vegna þeirra gjaldfærðist 2011 og 2012.

Rekstrarsaga undanfarinna ára er sveiflukennnd og það endurspeglast í kostnaðarhlutfallinu. Nú þegar sér fyrir endann á endurskipulagningu skulda viðskiptavina hefur útreikningur kostnaðarhlutfalls verið endurskilgreindur og felst meginbreytingin í því að aðrar rekstrartekjur eru nú skilgreindar sem hluti af kjarnastarfsemi. Sé kostnaðarhlutfallið reiknað miðað við nýja skilgreiningu hefði það verið 48% fyrir fyrstu 9 mánuði ársins 2012. Með þessum nýja útreikningi á kostnaðarhlutfalli, þar sem mælt er hlutfall kostnaðar af tekjum án virðisbreytinga

útlána, verður einnig allur samanburður við aðra innlenda og erlenda banka marktækari.

Vel hefur miðað við lækkun vanskila. Bankinn náði markmiðum sínum í lok árs 2012 og var hlutfallið 8% þann 31.12.2012 samanborið við 23,5% í lok árs 2010 og 13,7% í lok árs 2011.

Ánægðir viðskiptavinir

Landsbankinn setti sér markmið um aukna markaðshlutdeild á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði í stefnumótuninni 2010 og náði markmiðum ársins 2012 strax á árinu 2011. Snemma árs 2013 kom í ljós að samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni voru viðskiptavinir Landsbankans þeir ánægðustu á árinu 2012. Þá sýna mælingar að traust til bankans og viðskiptavinatryggð fer vaxandi.

Endurskipulagning skulda viðskiptavina hefur gengið vel en vegna óvissu sem skapast hefur um réttmæti fyrri endurútreiknings gengistryggðra lána hefur

hægt á starfinu. Bankinn sér þó fyrir endann á þessu viðamikla verkefni og reiknar með að geta að því leyttinu sagt skilið við afleiðingar hrunsins á árinu 2013.

Ávinningur samfélags og eigenda

Arðsemi eigin fjár fyrir skatta var 14% á árinu 2012, samanborið við 8,1% á síðasta ári. Árangur ársins 2012 hlýtur að teljast viðunandi í ljósi lítilla fjárfestinga í samfélaginu og takmarkaðrar eftirspurnar eftir lánsfé. Arðsemismarkmið bankans er 5,25% ávöxtun umfram áhættulausa vexti sem hafa verið á bilinu 6 - 7% á árinu 2012. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að dómur og kostnaður við yfirtöku SpKef hafa sett stórt strik í afkomu seinustu misserin auk þess sem eiginfjárstaða bankans er orðin mjög há og í raun eru arðsemismarkmiðin óraunhæf miðað við hana.

Endurskoðun stefnu

Stefna Landsbankans var endurskoðuð haustið 2012, m.a. með þátttöku innlendra og erlendra ráðgjafa, með það að markmiði að leggja mat á framgang hennar til þessa og móta áherslur bankans til næstu ára. Niðurstaðan var sú að draga fram hagkvæmni í rekstri, stjórnun og liðsheild og ábyrga markaðssókn sem megináherslur í stefnu bankans á næstu árum.

- » Hagkvæmni byggir á lækun kostnaðar, skilvirkum ferlum, nýtingu

tækninnar og virkri áhættustjórnun.

- » Stjórnun og liðsheild byggir á ábyrgri stjórnun, sameiginlegum metnaði og besta fagfólkinu.
- » Ábyrg markaðssókn byggir á langtímasambandi við viðskiptavini, vöruframboði og úrvali dreifileiða.

Hagkvæmur rekstur, öflug liðsheild og ábyrg markaðssókn eru forsendur þess að skapa Landsbankanum


sterka stöðu á markaði svo að hann skili ávinningi fyrir eigendur, viðskiptavini, starfsmenn og samfélagið allt.

Sterk samkeppnisstaða Landsbankans byggir á fagfólki sem hefur þekkingu og skilning á þörfum ólíkra viðskiptavina, leysir málin og hefur frumkvæði við að bjóða þjónustu og lausnir með gagnkvæma hagsmuni að leiðarljósi. Á þann hátt verður Landsbankinn traustur samherji í fjármálum. Styrkur heildarinnar

er lykillinn að sterkri stöðu bankans.

Nýjar stefnuáherslur móta þau verkefni sem unnið verður að á næstu árum. Sett verður upp áætlun er miðast að því að hafa skýra sýn á forgangsröðun verkefna, útfærslu aðgerða, eftirfylgni og mat á árangri og innri upplýsingagjöf. Allt þetta er undirstaða farsællar innleiðingar.

Áhersluþættir Landsbankans við eflingu stjórnunar og liðsheildar innan bankans.



Innleiðing og framkvæmd stefnu

Landsbankinn innleiðir stefnu samkvæmt ákveðinni aðferðafræði sem kölluð er stefnuhjólíð. Aðferðin byggir á sífelldri hringrás þar sem stefnan er þróuð, lykilmarkmið sett fram, skipulagsheild aðlöguð og áætlanir nýttar sem stjórnæki við að framkvæma videigandi aðgerðir. Árangurinn er síðan metinn og stefnan endurskoðuð með reglulegu millibili í ljósi þess mats og þeirra aðstæðna sem uppi eru á hverjum tíma.

Framkvæmd stefnu og forysta

Landsbankinn hefur sett sér það markmið að ná forystu á bankamarkaði á árinu 2013. Forystuhugtakið vísar til margra þátta í rekstri og starfsemi bankans, ekki einvörðungu fjárhagslegra viðmiða.

Ánægja viðskiptavina

Ánægðustu viðskiptavinirnir á íslenskum fjármálamarkaði skipta við Landsbankann. Þetta er staðfest með mælingum á vegum Íslensku ánægjuvogarinnar. Landsbankinn hefur tekið forystu á bankamarkaði, mælist nú með 62,9 stig og hækkar um 5,6 stig milli ára. Meðaltal allra fjármálafyrirtækja er 60 stig. Landsbankinn hækkar mest allra þeirra fyrirtækja sem mæld voru í ánægjuvuginni á árinu 2012.

Íslenska ánægjuvugin er samstarfsverkefni nokkurra Evrópuþjóða um mælingar á ánægju viðskiptavina helstu fyrirtækja í nokkrum atvinnugreinum. Capacent, Samtök iðnaðarins og Stjórnvísir hafa staðið að óháðum mælingum á þessu sviði á Íslandi í fjórtán ár. Í ánægjuvuginni meta viðskiptavinir fyrirtæki út frá

nokkrum þáttum, þ.m.t. ímynd, þjónustu og áhrif ánægju á tryggð við fyrirtæki.


Ný kynslóð í netöryggi

Í nóvember innleiddi Landsbankinn nýja aðferð til að tryggja netöryggi í netbanka einstaklinga. Nýja kerfið felur í sér meira öryggi, betri þjónustu og einfaldari aðgang. Landsbankinn er fyrsti bankinn á Norðurlöndum sem innleiðir þessa lausn en í heiminum öllum notast yfir 6.000 bankar við samsvarandi kerfi. Notendur netbanka á þeirra vegum eru um 350 milljónir. Augljósasta breytingin fyrir notendur er sú að við innskráningu og alla almenna notkun einkabanka þurfa viðskiptavinir Landsbankans ekki lengur á auðkennislyklinum að halda.

Nýr farsímavefur

Í samræmi við áherslur sínar hefur Landsbankinn undanfarin ár verið leiðandi í þróun veflausna fyrir farsíma og spjaldtölvur. L.is hlaut Íslensku vefverðlaunin sem besti smá- og handtækjavefurinn í annað sinn í janúar 2013 en glæný útgáfa hans með uppfærðu notendaviðmóti og fjölda nýjunga var kynnt í október. Í farsímaútgáfu netbankans geta viðskiptavinir á einfaldan og öruggan hátt sinnt algengustu banka- viðskiptum. Notkun L.is hefur aukist mikið og í nóvember voru rúmlega 147 þúsund síðuflettingar í farsímaútgáfu netbankans. Í desember voru þær komnar upp í tæplega 238 þúsund og í janúar 303 þúsund.

Stefnuhjólð – aðferðafræði til að framkvæma stefnu



Þá hefur bankinn tekið upp svokallaðar snjallgreiðslur og gert viðskiptavinum kleift að millifæra með farsíma á netfang eða símanúmer viðtakandans.

Markaðshlutdeild Landsbankans eykst

Markaðshlutdeild Landsbankans á einstaklingsmarkaði mælist 33,4% skv. Capacent í lok árs 2012. Landsbankinn var eini bankinn þar sem markaðs-

hlutdeild jókst frá fyrri mælingu, sem birt var um mitt ár 2012.

Þegar horft er til markaðshlutdeildar eftir hópum þá hefur Landsbankinn afar góða stöðu í öllum aldurshópum. Ef horft er til búsetu er Landsbankinn með afar

sterka stöðu á landsbyggðinni en sóknarmöguleika á höfuðborgarsvæðinu. Það eru margir þættir aðrir en mælingar á markaðshlutdeild sem benda til þess að Landsbankinn sé hægt og bitandi að styrkja stöðu sína. Sem dæmi má nefna CE11 mælingu, ánægjuvögina og

góða útkomu í markaðstækifæravísitölunni. Vísitalan mælir hversu hátt hlutfall núverandi viðskiptavina banka myndi velja sama banka sem sinn aðal viðskiptabanka. Landsbankinn tók árið 2012 stórt stökk frá fyrri mælingu og myndu 98% þeirra sem eru í viðskiptum við Landsbankann velja hann aftur og var það hlutfall mun hærra en hjá öðrum bönkum.

Markaðshlutdeild Landsbankans hjá fyrirtækjum með veltu yfir 500 milljónir mælist nú 37,6% og hefur hún verið nokkuð stöðug undanfarin tvö ár. Á markaði

stærstu fyrirtækja og stofnana er meginsamkeppnin við stóru viðskiptabankana. Þar hefur samkeppni í útlánastarfsemi farið mjög vaxandi. Samkeppni um stóra og góða viðskiptavini hefur í sumum tilvikum leitt til þess að vaxtakjör á útlánum hafa farið niður á það stig að Landsbankinn hefur ekki verið reiðubúinn til lánveitinga.

Markaðshlutdeild Landsbankans hjá fyrirtækjum með veltu undir 500 milljónum mælist nú 37,2%. Landsbankinn er stærstur á þessum markaði þó að hlutdeildin hafi örlítið lækkað.

Mikil samkeppni er meðal allra banka og sparisjóða þegar kemur að smáum og meðalstórum fyrirtækjum, en önnur innlend fjármála-fyrirtæki láta líka að sér kveða á þeim markaði.

Landsbankinn stærstur á verðbréfamarkaði

Landsbankinn var með mestu hlutdeild í viðskiptum ársins á verðbréfamarkaði, bæði með hlutabréf og skuldabréf. Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Landsbankinn með 30,4% hlutdeild. Heildarviðskipti með

hlutabréf á árinu námu 89 milljörðum króna. Á skuldabréfamarkaði var Landsbankinn með 23,4% hlutdeild. Alls námu viðskipti með skuldabréf á árinu 2.324 milljörðum króna.

Helstu þættir í rekstri bankans 2012

Starfsemi Landsbankans á árinu 2012 hefur að miklu leyti mótast af þeirri óvissu sem ríkir í umhverfi bankans. Þar má nefna efnahagsþróun innanlands og erlendis, fjármagnshöft, þróun lagaumgjarðar um fjármálafyrirtæki, þróun á löggjöf um sjávarútveginn og dómsniðurstöður um ýmis álitamál vegna gengistryggðra lána. Þá mun Landsbankinn þurfa að endurfjármagna erlend lán innan fárra ára og er óvissa um hvernig því verður háttað.


Hér á landi og erlendis glíma bankar að miklu leyti við sambærilegan vanda. Eftirspurn er lítil, tekjur hafa dregist saman, arðsemi er undir viðmiðum og horfur á næstunni ekki of góðar. Kostnaður er of hár miðað við það rekstrarumhverfi sem bankar búa nú við, m.a. vegna aukins eftirlitskostnaðar og verulegra skattahækkana. Bankar um allan heim leita leiða til að draga úr kostnaði og á það einnig við um Landsbankann.

Landsbankinn réðst í umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir vorið 2012 sem fólu í sér sameiningu og lokun útibúa á Austfjörðum, Vestfjörðum, Snæfellsnesi og í Reykjavík, sem og sameiningu deilda í höfuðstöðvum. Áætlaður árlegur sparnaður af þessum aðgerðum nemur 400 milljónum króna. Í september var tilkynnt um frekari aðgerðir á þessu sviði þegar útibú bankans í Reykjanesbæ og afgreiðslur hans í Garði og Vogum voru

sameinaðar. Allt er þetta gert í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á síðustu árum, þar sem heimsóknum í útibú fækkar jafnt og þétt og rafræn samskipti við viðskiptavinum verða æ veigameiri í starfseminni.

Útibú og afgreiðslur 1993-2012

Fjöldi



Ljósbláa súlan sýnir fjölda útibúa þegar útibú SpKef bættust í hópin. Verulegum fjölda útibúa hefur síðan verið lokað og tölurverð hagræðing náðst fram með þeim hætti án þess að þjónusta hafi skerst umtalsvert.

Fjárhagsleg endurskipulagning Landsbankans

Unnið hefur verið að umbótum á fjárhagsskipan Landsbankans jafnt og þétt frá stofnun hans haustið 2008. Í fyrstu var megináherslan sú að semja um kaup á eignum við LBI hf. Sá samningur var undirritaður í desember 2009 og eftir það hófst markvissari vinna með eignirnar sjálfar. Hún beinist að mörgum þáttum, vinnu við endurskipulagningu eignasafns bankans, endurfjármögnun skulda, sölu eigna og breytingum í rekstri. Í júlí samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ríkisaðstoð sem veitt var til endurskipulagningar á

Landsbankanum í kjölfar hrunsins. Í tilkynningu ESA er lýst ánægju með þann árangur sem Landsbankinn hefur náð við endurskipulagningu sína sem og endurskipulagningu skulda viðskiptavina.

Meginbreytingar á efnahag Landsbankans á árinu 2012 voru tvenns konar. Annars vegar skilaði sala á 75% hlut í dótturfélaginu Reginn hf. Landsbankanum um 1,7 milljarða króna hagnaði. Um leið létti salan á efnahag bankans og lækkaði verðmæti eigna til sölu úr 53 milljörðum króna í árslok 2011 í 26 milljarða króna um mitt ár 2012. Þá lækkuðu skuldir tengdar eignum til sölu um 8,4 milljarða króna.

Hinsvegar veldur það samkomulag sem Landsbankinn hf. og LBI hf. náðu um að Landsbankinn fyrirframgreiddi fjórðung af höfuðstól svokallaðra A-skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar á virði yfirtekinna eigna og skulda frá LBI, mikilli breytingu á efnahag. Fyrirframgreiðslan var að jafnvirði rúmlega 73 milljarðar króna í evrum, dollurum og pundum. Við innaborgunina lækkaði fjármagnskostnaður bankans og vegur sú lækkun mun þyngra en sú ávöxtun sem laust fé í erlendri mynt skilar. Um leið minnkar efnahagsreikningur bankans og arðsemi rekstrarins eykst. Þetta er því mikilvæg ráðstöfun. Lausafjarstaða

bankans, bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt, er áfram mjög sterk og gefur eigendum færi á að greiða sér arð á næstu árum.

Landsbréf hf. tóku við rekstri og stýringu eigna Horns fjárfestingarfélags hf. á síðari hluti ársins, en áður hafði farið fram sala og yfirfærsla allra sjóða frá rekstrarfélaginu Landsvaka hf. til rekstrarfélagsins Landsbréfa hf. Markmiðið með þessum breytingum var að koma á fót öflugum rekstrarfélagi á sviði eigna- og sjóðastýringar og skapa um leið tækifæri til samþættingar og hagræðingar í rekstri. Með þessum hætti voru hagsmunir hlutdeildar-skírteinishafa í sjóðum

Landsvaka hf. varðir gegn afleiðingum sem tengdust hrúni á fjármálamarkaði og með því stigið enn eitt skrefið í endurskipulagningu bankans og starfsemi hans. Þá hafa Landsbréf tekið yfir eignir sem áður heyrðu undir Horn hf.

Endurskipulagning skulda viðskiptavina

Landsbankinn hefur frá stofnun fært skuldir einstaklinga og fyrirtækja niður um 578 milljarða króna. Miðað við höfuðstól fyrirtækjalána í október 2008 höfðu skuldir fyrirtækja verið lækkaðar

um 500 milljarða í árslok 2012 eða 47%. Skuldir einstaklinga hafa verið lækkaðar um 33%, en höfuðstóll þeirra nam 237 milljörðum króna í október 2008 og nema afskriftir því tæpum 78 milljörðum króna.

Endurreikningur gengistryggðra lána

Öll ólögmet gengistryggð lán í Landsbankanum hafa verið endurreiknuð en vegna dóma Hæstaréttar nr. 600/2011¹⁾ og 464/2012,²⁾ þá mun bankinn þurfa að leiðrétta endurreikning sumra lána. Í uppgjöri fyrir

árið 2011 voru gjaldfærðir 38 milljarðar króna undir liðnum „Tap af gengistryggðum útlánum og kröfum á viðskiptavini“ til samræmis við sviðsmynd sem FME óskaði eftir að fjármálafyrirtæki notuðu sem viðmið við útreikning á áhrifum dóms Hæstaréttar nr. 600/2011. Til viðbótar hafa verið gjaldfærðir 2,1 milljarður króna í kjölfar dóms nr. 464/2012. Þessar gjaldfærslur hafa höggvið stórt skarð í arðsemi Landsbankans árið 2011 og einnig að hluta 2012.

Landsbankinn er langt kominn með leiðréttingu á endurútreikningi á ólög-

mætum gengistryggðum fasteignalánum einstaklinga í samræmi við ofangreinda Hæstaréttardóma frá árinu 2012. Öllum sem fengið hafa leiðréttingu hefur jafnframt borist tilkynning þar um. Samtals er búið að leiðrétta um 700 lán og hafa þau verið færð niður um 3 milljarða króna, eða um 35% að meðaltali.

Niðurfærslur - einstaklingar	Höfuðstóll október 2008	Afskrift í m. kr.	Hlutfall
Endurútreikningur lána er falla undir dóma hæstaréttar sem kenndir eru við Mótormax og Borgarbyggð	26.637	12.527	47%
Endurútreikningur erlendra lána einstaklinga, dómur hæstaréttar, júní 2010	57.144	23.429	41%
Lækkun annarra skulda (úrræði kynnt í maí 2011)	7.659	3.625	47%
110% leiðin	76.479	15.925	21%
Önnur úrræði, þar með talin eldri 110% leið, 25% lækkun erlendra lána o.fl.	37.024	9.864	27%
Bíla- og tækjafjármögnun	37.024	12.614	34%
Samtals	237.350	77.984	33%

Tölur miðað við árslok 2012

1) Sjá; <http://haestirettur.is/domar?nr=7876&leit=t>

2) Sjá; <http://haestirettur.is/domar?nr=8367&leit=t>

Þróun vanskila

Vanskilahlutfall er mjög sterk vísbending um heilbrigði efnahagslífsins en frá árinu 2008 hefur hlutfallið hækkað mjög frá því sem áður var. Landsbankinn hefur lagt mikla áherslu á að lækka vanskilahlutfall og hafa allar aðgerðir bankans í skuldamálum einstaklinga og fyrirtækja miðað að því að koma lánnum í skil. Bankinn náði markmiðum

sínum á þessu sviði á árinu 2012 og var vanskilahlutfallið komið niður í 7,8% í árslok. Frá árinu 2008 hefur hlutfallið farið hæst í 22,7%. Áfram er unnið að því að lækka vanskilahlutfallið.

Endurskipulagning skulda fyrirtækja


Á árinu 2010 setti Landsbankinn á stofn sérstakt svið, Endurskipulagningu

eigna, til að fást við skuldavanda fyrirtækja og hraða úrvinnslu mála.


Í september 2012 kynnti bankinn nýjar áherslur í stefnu og breytingar á skipulagi bankans. Í kjölfarið var svið Endurskipulagningar eigna lagt niður en tíma-bundnu hlutverki sviðsins er nánast lokið. Þau verkefni sem eftir stóðu varðandi endurskipulagningu skulda fyrirtækja voru færð yfir í deild innan Fyrirtækjasviðs.

Í árslok hafði Landsbankinn lokið endurskipulagningu skulda tæplega 1200 fyrirtækja


Þróun vanskila yfir 90 daga - Vanskilahlutfall



Endurskipulagning skulda fyrirtækja - fjöldi



Endurskipulagning skulda fyrirtækja - hlutfall af útlánasafni í endurskipulagningu



Sala fullnustueigna

Við sölu fyrirtækja fylgir Landsbankinn ákveðnum reglum og þeim sjónarmiðum sem Samkeppniseftirlitið beinir til fjármála-fyrirtækja vegna yfirtöku á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Rekstrarfyrirtæki eru auglýst og boðin til sölu á almennum markaði, brjóti það ekki gegn samningum eða lögvörðum hagsmunum viðskiptavina bankans. Áætlanir um sölu fyrirtækja í samkeppnisrekstri eru kynntar innan sex mánaða frá yfirtöku þeirra og þau verðmetin af viðurkenndum sérfræðingum. Minni fasteignir, ökutæki og lausafjarmunir eru boðin til sölu eins fljótt og unnt er. Slíkar eignir eru verðmetnar og seldar með milligöngu fagmanna. Skráð verðbréf eru seld á markaði. Við sölu fullnustueigna sem bankinn yfirtekur frá einstaklingum er stefnt að því að tryggja friðhelgi þeirra. Umsýsla og ráðstöfun

á eignum sem bankinn hefur eignast við skuldaskil eða aðra fullnustu er á ábyrgð dótturfélags bankans Hamla ehf. og dótturfélaga Hamla.

Sala eigna og áhrif hennar á efnahagsreikning

Efnahagsreikningur bankans hefur breyst mikið. Eignir hafa verið seldar og dregið hefur verið úr gjald-eysisáhættu. Áfram verður lögð áhersla á að bæta kostnaðarhlutfallið m.a. með því að lækka rekstrarútgjöld og auka tekjur.

Áfram er unnið að því að treysta gæði útlánasafnsins, aðallega með því að draga úr vanskilum. Það hefur gengið vel og nú mun bankinn snúa sér í ríkari mæli að því að auka gæði lánasafnsins með því að vinna með viðskiptavinum sínum að því að bæta láns hæfi þeirra.

Eftir endurreisn bankakerfisins var mjög við því varað að bankar myndu vegna efnahagserfiðleika yfirtaka fjölda fyrirtækja í samkeppnisrekstri og halda þeim hjá sér um langa hríð. Landsbankinn markaði sér fljótlega stefnu um að hraða sölu slíkra fyrirtækja og setti reglur um hvernig þeirri sölu skyldi háttað. Á síðustu tveimur árum hefur Landsbankinn lokið við að selja öll lífvænleg fyrirtæki í óskyldum rekstri sem hann hefur fengið yfirráð yfir í kjölfar rekstrarerfiðleika þeirra. Öll þessi rekstrarfélög eru nú komin í hendur eigenda sem geta einbeitt sér að uppbyggingu þeirra og vexti á komandi árum.

Þau fyrirtæki sem seld hafa verið eru Eignarhaldsfélagið Vestia (Húsasmiðjan, Vodfone, Skýrr, Teymi og Plastprent), Icelandic Group, Límtré Vírnet, Björgun, Pizza Pizza, Parlogis, Sólning og fleiri. Þá seldi bankinn hlut sinn í Verði

Tryggingum og Verði Líftryggingum og auk þess selja fjölda fasteigna og skráðra og óskráðra verðbréfa.

Með þessum hætti hefur tekist að lækka verðmæti eigna sem Landsbankinn hefur haft til sölu um nálega 100 milljarða króna. Þetta styrkir fjárhagsstöðu bankans og einfaldar og skýrir rekstur hans til mikilla muna þar sem rekstur sem ekki heyrir undir kjarnastarfsemi hefur verið færður frá bankanum.

Starfsumhverfi Landsbankans

Meðal þess sem miklu ræður um möguleika bankans til þróunar og vaxtar er sú lagalega umgjörð sem honum er búin og það skipulag sem almannavaldið markar fjármálmarkaði. Sem stendur eru til umfjöllunar allmörg mál sem skipt geta miklu máli fyrir þessa þróun.

Á vegum ríkisins starfar nú þriggja manna nefnd sem hefur það verkefni að leggja fram tillögur um framtíðarskipan fjármálakerfisins og ljóst er að þær tillögur munu ráða miklu um starfsumhverfi bankans.¹⁾ Yfirlýst er af hálfu ríkisstjórnar að tillögur nefndarinnar verði grunnur að lagafrumvarpi.

Fjármagnshöftin og hugsanlegt afnám þeirra

Eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnvalda á sviði efnahagsmála um þessar mundir er afnám fjármagnshafta.

Fátt bendir til þess að það gerist í nánustu framtíð. Landsbankinn leikur hér stórt hlutverk og samningar hans við LBI hf. um framlengingu á lánum.

Aðskilnaður viðskiptabanka- og fjárfestingabankastarfsemi

Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga um algeran aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingabankastarfsemi.²⁾ Tilgangur hennar er að lágmarka áhættu af áföllum í rekstri banka fyrir þjóðarbúið. Að mati Landsbankans er eðlilegt að löggjöf hér á landi sé sambærileg við nágrannalöndin. Bankinn telur óráðlegt að stíga þau skref sem tillagan gerir ráð fyrir, enda sé líklegt að þjónusta muni versna og kostnaður hækka.

Lög um sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum

Í eigendastefnu ríkisins sem birt er á vegum Bankasýslu ríkisins,³⁾ segir að þrátt fyrir að hluti íslenskra fjármálafyrirtækja sé í eigu íslenskra ríkisins sé stefnan sú að íslensk fjármálafyrirtæki verði til framtíðar í dreifðri eignaraðild. Alþingi hefur samþykkt stjórnarfrumvarp um að selja tiltekna eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Gert er ráð fyrir að undanskilinn sölu verði 70% eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum hf.⁴⁾

Dómsmál sem varðar verðtryggðar skuldbindingar

Þingfest hefur verið mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna láns í Landsbankanum og í málsókninni

er byggt á lögum um neytendalán þar sem kveðið er á um að upplýsingar um heildarlántökukostnað liggi fyrir þegar lánsamningur er undirritaður. Málshöfðandi telur sýnt að við töku verðtryggðs láns liggi ekki fyrir tæmandi upplýsingar um heildarlántökukostnað miðað við raunverulegar forsendur og lánið standist því ekki neytendalög.

Lög um veiðigjöld

Með lögum nr. 74/2012 var lagt veiðigjald á afla úr veiðum sem falla undir lög um stjórn fiskveiða. Landsbankinn lýsti yfir miklum áhyggjum af þeim afleiðingum sem samþykkt frumvarpsins hefði fyrir íslenskan sjávarútveg og samfélag, þar með talin alvarleg fjárhagsleg áhrif á greiðslugetu, rekstrarskilyrði og fjárhagsstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi. Mat bankans er að þessi ráðstöfun verði til að

1) 17. október 2012 skilaði ráðgjafahópur skýrslu til tveggja ráðherra undir heitinu Heildarumgjörð um fjármálastöðugleika á Íslandi (Framework for Financial Stability in Iceland) http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/skjal/Framwork_thyding.pdf.

2) Alþingi, þingsályktunartillaga; <http://www.althingi.is/alttext/141/s/0239.html>

3) http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Eigandastefna_ríkisins_01092009.pdf

4) Alþingi, stjórnarfrumvarp; <http://www.althingi.is/alttext/140/s/1114.html>

auka samþjöppun í greininni. Samþykkt frumvarpsins mun leiða til aukinna afskrifta og þar með hafa neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu bankans.

Framhald sértækrar skattlagningar á fjármálafyrirtæki og rekstur eftirlitsstofnana

Með lögum um fjársýsluskatt nr. 165/2011 sem tóku gildi um áramótin var lögð skylda á fjármálafyrirtæki að greiða 5,45% fjársýsluskatt af öllum tegundum launa en jafnframt er lagður sérstakur

fjársýsluskattur sem nemur 6,75% af tekjuskattstofni yfir kr. 1.000.000.000. Rekstrar-kostnaður Landsbankans hækkar því í framtíðinni.

Umfang og samskipti við eftirlitsaðila

Samskipti, skýrslugjöf og svörun fyrirspurna eftirlitsaðila eru reglulegur þáttur í starfsemi bankans en frá árinu 2008 hafa eftirlitsaðilar stórukið starfsemi sína og eftirlit með fjármálakerfinu. Álag vegna þessara samskipta hefur aukist til muna,

og viðskiptaæiningar hafa þurft að sinna upplýsingagjöf meira en áður. Að auki hafa eftirlitseiningar Landsbankans, Áhættustýring, Regluvarsla og Innri endurskoðun sinnt margvíslegri upplýsingagjöf til hinna ýmsu nefnda og starfshópa, t.d. Rannsóknarnefndar Alþingis, Rannsóknarnefndar um sparisjóðina, Rannsóknarnefndar um Íbúðalánasjóð og Embættis sérstaks saksóknara.

Beinn kostnaður vegna eftirlitsaðila hefur aukist verulega frá fyrri árum og hleypur hann á hundruðum

milljóna króna ár hvert. Samskipti bankans við eftirlitsaðila fela jafnframt í sér dulinn kostnað sem er verulegur. Kostnaður bankans vegna reksturs FME og embætti Umboðsmanns skuldara nam til dæmis um 600 milljónum króna á árinu 2012 og gjöld í Tryggingasjóð innstæðueigenda nærri tvöfölduðust og námu rúmum 1.000 milljónum króna í samanburði við 583 milljónir króna fyrir árið 2011.

Sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki og gjöld Landsbankans vegna eftirlitsstofnana	2012	2011	Breyting	
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki*	1.200	814	386	47%
Sérstakur fjársýsluskattur á laun**	620	0	620	
FME og Umboðsmaður skuldara	620	517	87	17%
Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.042	583	459	79%
Reiknaður tekjuskattur	2.925	-1.411	4.336	

* Skattur sem byggir á bókfærðu virði skulda í lok árs.

** 5,45% skattur á laun. Bókast meðal launa og tengdra gjalda í árshlutareikningi.

Samanburður við aðra banka

Í kjölfar fjármálakreppunnar hefur mjög þrengt að rekstri evrópskra banka undanfarin ár. Víða hafa skattgreiðendur reitt fram mikið fé til bjargar veikburða fjármálastofnunar, ýmist í gegnum ríkissjóð eða seðlabanka. Stjórnvöld og eftirlitsaðilar hafa því aukið verulega kröfur til fjármála-fyrirtækja til að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig. Má þar nefna eiginfjár- og lausafjárkröfur, sem innleiddar verða með Basel III/CRD IV regluverkinu, auk þess sem eftirlitsaðilar í sumum ríkjum hafa gengið enn lengra hvað það varðar. Jafnframt hefur veruleg lækkun lánhæfiseinkunnar flestra banka haft mjög neikvæð áhrif á aðgengi

þeirra að fjármagni og á lánskjör (þó að seðlabankar haldi áfram að veita svo til ótakmarkaðan og niðurgreiddan aðgang að skammtímafjármagni), sem hefur takmarkað getu margra til að stunda viðskipti sem áður þóttu arðbær. Auk þess hefur kostnaður vegna eftirlitsaðila og regluvörslu fjármálastofnana um heim allan margfaldast.

Afleiðing alls þessa er sú að megináhersla evrópskra banka er og verður á næstu árum að draga úr kostnaði og minnka umsvif á fjarlægum og/eða sérstaklega áhættusömum mörkuðum þar sem viðkomandi bankar njóta ekki einhvers konar samkeppnisforskots. Al-


mennt fylgja þessu minnkandi efnahagsreikningar, auk þess sem flestir evrópskir bankar vilja lækka gírún (e. Leverage ratio = hlutfall heildareigna á móti eigin fé) og styrkja verulega eiginfjárlutföll og lausafjárstöðu. Þessi þróun hefur leitt það af sér að bankar hafa almennt lækkað arðsemismarkmið sín.

Það er gagnlegt fyrir íslenska bankakerfið að bera sig saman við meðalstóra banka á Norðurlöndum til að fá raunhæf viðmið. Þær kennitölur sem erlendir bankar nota fyrst og fremst til að mæla hagkvæmni er hlutfall kostnaðar af tekjum en þó án virðisbreytinga útlána. Við skoðun á því hlut-

falli má sjá að hátt kostnaðarhlutfall er ekki einungis bundið við Ísland og eru flestir bankar að vinna að því sama, að bæta hagkvæmni í rekstri og auka þannig arðsemi og samkeppnishæfni. Gírún íslenskra banka er almennt lág og ef til þess er horft virðist kerfisáhætta í íslenska bankakerfinu vera mun minni en annars staðar á Norðurlöndum. Eiginfjárlutfallið er orðið mjög hátt hjá íslenskum bönkum og því erfitt að ná viðunandi arðsemi en samanburður við valda meðalstóra norræna banka sýnir engu að síður að arðsemi Landsbankans undanfarin ár er síst minni en arðsemi þeirra.


Gírún (Heildareignir / eigið fé)

Heimildir: Ársreikningar viðeigandi banka




Kostnaðarhlutfall án virðisbreytinga útlána

Heimild: Ársreikningar viðeigandi banka



Arðsemi eigin fjár

Heimild: Ársreikningar viðeigandi banka



Fjármögnun og uppgjör við LBI hf.

Fjármögnun Landsbankans skiptist í grunninn í fjóra þætti. Innlán frá viðskiptavinum er stærsti fjármögnunarliður bankans og námu þau rúmum 420 milljörðum króna í lok desember 2012. Þá fjármagnar bankinn sig með lántöku í formi skuldaþréfaútgáfa sem og með innlánum frá fjármálafyrirtækjum. Síðast en ekki síst fjármagnar bankinn sig með framlagi eigenda í formi eigin fjár og óráðstöfuðu eigin fé. Hér að neðan má sjá mynd sem sýnir stöðu helstu fjármögnunarliða bankans 31. desember 2012.

Innlán frá fjármálafyrirtækjum


Innlán frá fjármálafyrirtækjum eru tæpir 100 milljarðar króna og ber þar helst að nefna innlán frá erlendum fjármálafyrirtækjum í íslenskum krónum. Innlánin hafa lækkað jafnt og þétt á síðustu tveimur árum og tengist það þátttöku erlendu fjármálafyrirtækjanna í gjaldeyrisútböðum Seðlabanka Íslands þar sem færi gefst á að skipta aflandskrónum í evrur.

Innlán frá viðskiptavinum

Innlán frá viðskiptavinum eru sem fyrr segir stærsti einstaki fjármögnunarliður bankans. Mikill meirihluti innlána bankans er óverðtryggður og óbundinn. Bankinn hefur verið að bæta við vöruframboðið á síðustu tveimur árum og bætti fastvaxtainnlánum við á seinni hluta ársins 2011. Fastvaxtainnlánin hafa reynst mjög stöðug fjármögnun fyrir bankann undanfarin misseri. Verðtryggð innlán námu

rétt rúmum 100 milljörðum króna í lok desember 2012 og eru verðtryggð innlán Landsbankans nánast óbreytt milli ára.

Skuldir og eigið fé – Staða 31.12.2012



Lántaka

Lántaka Landsbankans í núverandi formi er eingöngu skuldabréfaútgáfa til LBI hf., en um hana var samið við tilfærslu eigna og skulda frá LBI hf. til Landsbankans. Um er að ræða tvíþætta lántöku, skuldabréf „A“ og skilyrt skuldabréf (e. contingent bond).

» **Skuldabréf**
Skuldabréfið er í EUR, USD og GBP. Bréfið er með ársfjórðungslegum afborgunum, fyrsti gjalddagi höfuðstóls var áætlaður 2014 og loka-gjalddagi er 2018. Lands-

bankinn mun greiða næst af bréfinu árið 2015 þar sem hann greiddi upp á öðrum ársfjórðungi 2012 fyrstu fimm gjalddaga bréfsins með fyrirframgreiðslu til LBI.

» **Skilyrt skuldabréf**
Skilyrta skuldabréfið er tengt mögulegri virðisaukningu á hluta af lána-safni Landsbankans. Vaxtakjör og afborganaferli skilyrta skulda-bréfsins er hið sama og á ofangreindu skuldabréfi. Skilyrta skuldabréfið verður gefið út í lok apríl 2013 en ber vexti frá ársbyrjun sama árs. Bókfærð staða skilyrta skuldabréfsins

m.v. 31. desember 2012 var rúmir 87 milljarðar króna. Endanleg fjárhæð bréfsins byggist á mati erlendra sérfræðinga á skilgreindum eignum og getur hæst orðið 92 milljarðar króna. Fjárhæð skuldabréfsins breytist til samræmis við mat þeirra og hugsanlega getur komið til breytinga á eignum til samræmis og færast þá slíkar breytingar í bækur bankans á árinu 2013. Ef útgáfa skilyrta skuldabréfsins nær hámarki mun LBI hf. láta alla eignarhluti sína í Landsbankanum af hendi en annars hlutfallslega miðað við útgáfufjárhæð. Stærsti hluti hlutabréf-

anna mun renna til ríkisins, en um 2% af heildarhlutafé í Landsbankanum á að renna til starfmannabankans.

Erlend fjármögnun

Landsbankinn hefur að leiðarljósi að tryggja á hverjum tíma bestu mögulegu fjármögnun bankans. Stór þáttur í því er aðgengi bankans að erlendum lánamörkuðum. Stefnir er að því að endurfjármagna, að minnsta kosti að hluta, skuldir bankans við LBI hf. með skuldabréfaútgáfu á alþjóðlegum lánamörkuðum

Áhrif virðisbreytinga útlána á rekstur Landsbankans (m.kr.) 2008-2012

Endurmat útlánasafna	127.520
Bókfært tap vegna ólögðra gengistryggingar	-61.003
Skilyrt skuldabréf	-87.474
Samtals	-20.957

eigi síðar en árið 2015, ef ekki koma til önnur úrræði. Til þess að styðja við það markmið vinnur bankinn nú að því að afla sér lánshæfismats frá alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtæki (S&P, Moody's eða Fitch).

Sértrygð skuldabréf

Landsbankinn stefnir að því að gefa út sértrygð skuldabréf sem skráð verða í kauphöll hér á landi. Útgáfa sértrygðu skuldabréfanna er hugsuð sem fjármögnun fyrir íbúðalánasafn bankans og ekki síður til lágmarkunar á fastvaxtaáhættu bankans.

Áhrif virðisbreytinga á rekstur Landsbankans

Þegar tekið hefur verið tillit til endurmats eignasafna Landsbankans, áhrifa af ólögumætri gengistryggingu útlána og útgáfu skilyrta skuldabréfs eru áhrif á rekstur bankans neikvæð um 21 milljarð króna.

Afkoma ríkisins af fjárfestingu í Landsbankanum

Þrátt fyrir neikvæða afkomu af ofangreindum liðum hefur afkoma ríkissjóðs af fjárfestingu í Landsbankanum verið með ágætum. Ríkissjóður greiddi fyrir sinn hlut í Landsbankanum í formi skuldabréfs, RIKH18, að nafnvirði 122 milljarðar króna. Frá því að samningar tókust hefur ríkissjóður greitt samtals um 36,5 milljarða í vexti af skuldabréfinu, en núvirði vaxtakostnaðarins er um 41,5

milljarðar króna ef miðað er við vaxtastig skuldabréfsins til núvirðingar. Hlutdeild ríkisins í bókfærðu eigin fé hefur aukist um 97 milljarða króna frá stofnun bankans, að teknu tilliti til hlutabréfa sem munu renna frá LBI hf. til ríkisins þegar Landsbankinn gefur út skilyrta skuldabréfið. Afkoma ríkisins er því jákvæð um 55 milljarða króna þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnskostnaðar.

Þróun á verðmæti eignar ríkisins í Landsbankanum

Upphafleg fjárfesting	122.000
Verðmæti eignarhlutar 2012*	218.822
Virðisbreyting	96.822
Greiddir vextir	36.495
Greiddur arður	-
Núvirðing vaxta- og arðgreiðslna	5.090
Fjármagnskostnaður	41.585
Hrein afkoma ríkisins	55.237

Tölur í milljörðum króna.

* Miðað við hlutdeild í bókfærðu virði eiginfjár Landsbankans.



Stjórn og stjórnarhættir

Góðir stjórnarhættir Landsbankans stuðla að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og styrkja hlutlægni, heilindi, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans.

Landsbankinn fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir grein fyrir þessum þætti starfseminnar í ársskýrslu og á vef samkvæmt þeim fyrirmælum sem leiðbeiningarnar geyma.

Stjórnarháttayfirlýsing	46
Framkvæmdastjórn	54
Skipurit, svið og deildir	57
Dótturfélög	69

Stjórnarháttayfirlýsing

Góðir stjórnarhættir Landsbankans leggja grunn að traustum samskiptum hluthafa, bankaráðsmanna, stjórnenda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og stuðla að hlutlægni, heilindum, gagnsæi og ábyrgð í stjórnun bankans. Á hverju ári gerir Landsbankinn úttekt á því hvort viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti sé fylgt og hvort stjórnarhættir bankans á hverjum tíma séu í samræmi við þær leiðbeiningar.

Tilvísanir í reglur og leiðbeiningar um stjórnarhætti sem Landsbankinn fylgir

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 12. gr. laga nr. 75/2010, ber Landsbankanum að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu. Bankanum ber jafnframt að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni.

Landsbankinn fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út í mars 2012 (4. útg.) af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands.

Þessi kafli í ársskýrslunni inniheldur stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans og fylgir yfirlýsingin þeirri framsetningu efnisatriða sem leiðbeiningarnar kveða á um.

Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Landsbankinn uppfyllir ákvæði leiðbeininganna að undanskildum tilteknum efnisatriðum sem fram koma í greinum 1.1, 2.5, 5.B.3, 5.B.4 og 5.C.1 í leiðbeiningunum. Verður hér gerð grein fyrir þessum frávikum og tilgreindar ástæður þeirra og þau úrræði sem gripið var til vegna þeirra.

Grein 1.1 er svohljóðandi:
„Þegar tími og dagsetning aðalfundar hefur verið ákveðin, helst eigi síðar en

tveimur mánuðum fyrir lok reikningsárs félagsins, er mælt til þess að upplýst sé um það á vefsíðu þess ásamt lokadagsetningu fyrir hluthafa til að leggja fram mál og/eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum.“ Landsbankinn hefur ekki upplýst um tíma og dagsetningu aðalfundar á vefsíðu sinni innan tilskilinna tímamarka. Þá hefur bankinn ekki upplýst innan umræddra tímamarka um lokadagsetningu fyrir hluthafa til að leggja fram mál og/eða tillögur sem taka á til meðferðar á fundinum. Ástæða þessa fráviks er sú að einungis eru tveir hlut-

hafar í Landsbankanum og eru þeir upplýstir um boðun og undirbúning aðalfundar.

Grein 2.5 er svohljóðandi:

„Stjórnin sjálf metur hvort stjórnarmaður sé óháður gagnvart félaginu og/eða stórum hluthöfum þess, nema tilnefningarnefnd hafi verið falið það hlutverk. Stjórn félagsins skal jafnframt meta óhæði nýrra stjórnarmanna fyrir aðalfund félagsins og gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum.“ Bankaráð hefur metið óhæði bankaráðsmanna eftir að þeir hafa tekið sæti í bankaráði. Hins vegar hefur bankaráð ekki framkvæmt mat á óhæði þeirra manna sem tilnefndir eru til setu í bankaráði í fyrsta sinn fyrir aðalfund bankans. Bankaráð mun leita leiða til að framkvæma þetta mat fyrir aðalfundi bankans.

Grein B.3 í 5. kafla leiðbeininganna er svohljóðandi:

„Starfskjaranefnd skal annast það hlutverk stjórnar að undirbúa og framkvæma tillögur að kjörum stjórnarmanna og semja við daglega stjórnendur.“ Í skýringum með þessari grein segir að hlutverk starfskjaranefndar ætti m.a. að felast í að „... tryggja að laun og önnur

starfskjör séu í samræmi við ... bestu framkvæmd hverju sinni...“ og að „...undirbúa ákvarðanir stjórnar um laun og önnur starfskjör daglegra stjórnenda...“. Landsbankinn uppfyllir ekki þessi ákvæði leiðbeininganna eins og þau eru túlkuð í skýringum. Með lögum hafa þessi hlutverk verið tekin af bankaráði Landsbankans og þar með starfskjaranefnd bankans. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006, um kjararáð, sbr. lög nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga sem eru að meirihluta í eigu ríkisins. Undir þetta ákvæði fellur bankastjóri Landsbankans, enda á ríkið um 81% eignarhlut í bankanum. Samsvarandi ákvæði er í 1. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, sbr. lög nr. 87/2009. Framangreind ákvæði fela í sér undantekningu frá 2. mgr. 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög.

Í félagarétti þeirra ríkja sem Ísland vill helst miða sig við er gert ráð fyrir að félagsstjórn skuli ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra. Þetta er jafnframt í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnar-

hætti hlutafélaga, t.d. meginreglur OECD. Að baki þessu fyrirkomulagi búa þau rök að það sé stjórn hlutafélags (eða starfskjaranefnd eftir atvikum) sem er best til þess fallin að ákvarða laun framkvæmdastjóra. Sú ákvörðun þarf að byggjast á yfirgripsmikilli þekkingu á starfsemi viðkomandi félags og þeirri ábyrgð og þeim hæfni- og árangursviðmiðum sem stjórnin setur starfi framkvæmdastjóra. Það er því afar óheppilegt út frá sjónarmiðum um ábyrgð stjórnar og góða stjórnarhætti að taka þetta hlutverk af stjórninni og færa það til þriðja aðila sem er ótengdur þeirri starfsemi sem fram fer í viðkomandi félagi.

Þann 26. janúar 2012 mælti fjármálaráðherra á Alþingi fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands (skrifstofustjórar, launaviðmið), 365. mál, þingskjal 441. Í umsögn bankaráðs Landsbankans er gerð grein fyrir sjónarmiðum bankans að því er varðar fyrirkomulag á ákvörðun starfskjara bankastjóra. Þann 1. febrúar 2013 sendi bankinn fjármálaráðherra bréf þar sem sjónarmið

þessi voru ítrekuð. Í bréfinu var jafnframt vakin athygli á lögfræðiálitum, sem unnin voru að beiðni bankans, þar sem komist er að þeirri niðurstöðu að umræddar reglur laga um kjararáð samræmist ekki ákvæðum stjórnarskrár um jafnræði og atvinnufrelsi.

Í grein B.4 í 5. kafla leiðbeininganna segir m.a.: „Starfskjaranefnd skal útbúa starfskjarastefnu félagsins varðandi laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra...“. Jafnframt segir: „Hafi starfskjaranefnd ekki verið skipuð skal þetta vera hlutverk stjórnar.“ Landsbankinn uppfyllir ekki þessi ákvæði greinarinnar og er vísað þar að lútandi til umfjöllunar hér að framan um grein B.3.

Í grein C.1 í 5. kafla leiðbeininganna segir m.a.: „Stjórn félagsins getur ákveðið að skipuð verði sérstök tilnefningarnefnd til að auka skilvirkni og gagnsæi í málefnum er varða tilnefningu stjórnarmanna.“ Bankaráð Landsbankans hefur ekki talið ástæðu til að skipa sérstaka tilnefningarnefnd.

Helstu þættir innra eftirlits og áhættustjórnunar

Bankaráð samþykkir áhættustefnu og áhættuvilja bankans og ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits. Samþykkt áhættureglna, dagleg áhættustjórnun, innleiðing og framkvæmd innra eftirlits hvílir hjá stjórnendum bankans og eftirlitseiningum, þ.e. Áhættustýringu, Regluvörslu og Innri endurskoðun. Endurskoðunar- og áhættunefnd er ein af undirnefndum bankaráðs og fjallar hún með reglubundnum hætti um málefni tengd reikningsskilum, innra eftirliti og áhættustjórnun. Innra eftirlit bankans byggir á áhættumati og eftirlitsaðgerðum sem draga eiga úr áhættuþáttum í

rekstri bankans. Hluti af innra eftirliti er skjalað og formfast verklag sem starfsmenn bankans fylgja í sínum daglegu störfum og er yfirfarið af eftirlitseiningum. Nánari lýsingu á áhættustjórnun bankans er að finna í sérstökum kafla í ársskýrslunni.

Gildi félagsins, siðareglur og stefna um samfélagslega ábyrgð

Þann 2. október 2010 kynnti Landsbankinn og birti á vef sínum stefnu sína undir heitinu Landsbankinn þinn og einkunnarorðunum að hlusta, læra og þjóna.

Bankinn setti sér siðareglur þann 1. mars 2011 og þær voru endurnýjaðar þann

5. febrúar 2012. Siðareglurnar eru í formi sáttmála sem allir starfsmenn bankans hafa skrifað undir. Siðasáttmálann er að finna á vef Landsbankans. Starfsmenn staðfesta siðasáttmálann árlega í samtali. Siðasáttmáli Landsbankans myndar grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði starfsmanna. Sáttmálinn er hornsteinninn í nýrri stefnu Landsbankans og jafnframt leiðbeinandi um hvernig bregðast skuli við siðferðilegum álitamálum. Siðareglurnar eru skrifaðar frá sjónarhorni starfsmanna og lýsa því hvernig þeir vinna og koma fram. Þetta er gert til að árétta ábyrgð hvers og eins.

Í byrjun árs 2011 var birt stefna Landsbankans um samfélagslega ábyrgð. Mark-

miðið er að flétta efnahags-, samfélags- og umhverfismál saman við rekstur bankans. Samfélagsstefnan grundvallast á fimm meginþáttum sem tengjast beint starfsemi og rekstri bankans. Stefnan er í samræmi við viðmið UN Global Compact og UNEP FI,¹⁾ sem Landsbankinn er aðili að, um samfélagslega ábyrgð. Stefnan tekur einnig mið af ISO 26000²⁾ staðlinum um samfélagsábyrgð. Innleiðing stefnunnar felst í stöðugreiningu á lykilorðum samfélagslegrar ábyrgðar, fjölda lykilverkefna og breytingum á verkferlum og vinnureglum sem hafa það í för með sér að alþjóðlegum viðmiðum um samfélagslega ábyrgð sé fylgt.

Landsbankinn er einn af sex stofnaðilum Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, sem

1) United Nations Environmental Programme – Financial Initiative
2) Guidance on Social Responsibility.

var stofnuð í lok árs 2011. Markmið miðstöðvarinnar er að leita bestu aðferða fyrir fyrirtæki við innleiðingu á stefnu um samfélagsábyrgð, stuðla að vitundarvakningu um samfélagsábyrgð fyrirtækja og hvetja til rannsókna á viðfangsefninu í samstarfi við háskólasamfélagið. Í febrúar 2012 samþykkti framkvæmdastjórn Landsbankans nýja jafnréttis-stefnu með aðgerðaáætlun í sex liðum með skilgreindum mælikvörðum. Mælikvarðarnir taka mið af lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, og hins vegar af viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) tengdum mannauðsmálum.

Í desember 2012 skrifaði Landsbankinn undir viðmið Sameinuðu þjóðanna

um ábyrgar fjárfestingar (e. Principles for Responsible Investment).

Í samræmi við alþjóðlegar áherslur leggur Landsbankinn áherslu á að innkaup og gagnsæ skýrslugjöf séu þau þverfaglegu verkfæri sem eru mikilvægust við innleiðingu samfélagsábyrgðar. Landsbankinn er með innkaupastefnu þar sem tekið er tillit til umhverfis- og samfélagslegra sjónarmiða. Auk þess gaf Landsbankinn út samfélagsskýrslu fyrir starfsárið 2011 byggða á viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) í mars 2012. Samfélagsskýrsla Landsbankans fyrir árið 2012 er einnig byggð á viðmiðum GRI. Samfélagsskýrslan er gefin út samhliða ársskýrslu bankans í tengslum við aðalfund hans í mars 2013.

Útfærsla samfélagsábyrgðar Landsbankans er nánar skýrð í þeirri skýrslu.

Samsetning og starfsemi bankaráðs, undirnefnda bankaráðs, bankastjóra og framkvæmdastjórnar

Bankaráð er skipað fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð er kosið á aðalfundi og er kjörtímabil bankaráðsmanna eitt ár. Bankasýsla ríkisins tilnefnir fjóra bankaráðsmenn og Landskil ehf. einn. Við kjör bankaráðsmanna skal stefnt að því að kynjahlutfall sé sem jafnast og leitast við að tryggja að bankaráðið sem heild hafi yfir að ráða góðri þekkingu á bankastarfsemi. Bankaráðsmenn kjósa formann bankaráðs og varafor-

mann. Bankaráð Landsbankans fer með æðsta vald í málefnum Landsbankans á milli hluthafafunda. Bankaráð ber ábyrgð á starfsemi bankans og stefnumótun. Bankaráð hefur jafnframt yfirumsjón með því að starfsemi bankans og rekstur sé í samræmi við lög, samþykktir bankans og aðrar reglur sem um starfsemina gilda. Bankaráð hefur einnig með höndum almennt eftirlit með rekstri bankans og sér til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Í starfsreglum sem bankaráð setur sér er kveðið nánar á um störf bankaráðs.

Tvær undirnefndir starfa á vegum bankaráðs: Endurskoðunar- og áhættunefnd og Starfskjaranefnd. Hlutverk nefndanna er m.a.

Fundarsókn bankaráðsmanna

	Starfstími á árinu 2012	Bankaráð	Lána-nefnd	Endurskoðunar- og áhættunefnd	Starfskjara-nefnd	Stjórnarháttanefnd
Núverandi bankaráð						
Gunnar Helgi Hálfðanarson	1.1. – 31.12	24	6		8	5
Sigríður Hrólfsdóttir	1.1. – 31.12	24	6	16		
Pórdís Ingadóttir	1.1. – 31.12	24	6	16		
Andri Geir Arinbjarnarson	1.1. – 31.12	18	5		8	5
Ólafur Helgi Ólafsson	1.1. – 31.12	22	5	16	8	5
Jón Sigurðsson, 1. varamaður	1.1. – 31.12	17	4			
Helga Loftsdóttir, 2. varamaður	1.1. – 31.12	6	1			
Kristján Þ. Davíðsson, 3. varamaður	1.1. – 31.12	4	1			
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, 4. varamaður	28.3-31.12	2				
Þorsteinn Garðarsson, varamaður tilnefndur af LBI	1.1. – 31.12	5	1			

að undirbúa umfjöllun innan bankaráðs á tilteknum starfssviðum og annast nánari athugun á málum sem þeim tengjast. Bankaráð hefur ekki talið ástæðu til að skipa tilnefningarnefnd eins og fyrr segir. Stjórnarháttanefnd og Lánanefnd bankaráðs voru lagðar niður í janúar 2013 í tengslum við endurskoðun á starfsreglum bankaráðs og heyra verk efni þeirra nú beint undir bankaráð.

Bankaráð ræður banka- stjóra og innri endurskoð- anda. Bankastjóri ræður aðra daglega stjórnendur bankans. Innri endurskoðun heyrir undir bankaráð. Svið bankans eru sjö talsins: Einstaklingssvið, Fyrirtækja- svið, Fjármál, Markaðir,

Áhættustýring, Rekstur og upplýsingatækni, og Þróun og mannauður. Hverju sviði er stýrt af framkvæmda- stjóra og sameiginlega mynda þeir framkvæmda- stjórn með bankastjóra. Hlut- verk framkvæmdastjórnar er að stýra daglegum rekstri Landsbankans í samræmi við stefnu bankaráðs. Þá heyra Skrifstofa bankastjóra og Regluvarsla beint undir bankastjóra.

Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda

Bankaráð skipar nefndar- menn í undirnefndir. Endur- skoðunar- og áhættunefnd er skipuð þremur bankaráðs-

mönnum, en formaður bankaráðs skal ekki vera í nefndinni. Einn nefndarmað- ur, að minnsta kosti, skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reiknings- skila. Starfskjaranefnd er skipuð þremur bankaráðs- mönnum.

Upplýsingar um fjölda bankaráðsfunda og funda undirnefnda og mætingu

Á árinu 2012 hélt bankaráð Landsbankans 25 fundi. Haldnir voru 16 fundir í Endurskoðunar- og áhættu- nefnd, 8 í Starfskjaranefnd, 5 í Stjórnarháttanefnd og 6 í Lánanefnd. Meðfylgjandi tafla sýnir mætingu ein-

stakra bankaráðsmanna á fundina. Ein breyting varð á skipan bankaráðs á árinu 2012 þegar Tinna Laufey Ásgeirsdóttir var kjörin varamaður í bankaráð á aðalfundi bankans.

Starfsreglur bankaráðs og undirnefnda

Starfsreglur bankaráðs má finna á vefsíðu Lands- bankans en þær ná jafnframt til undirnefnda bankaráðs. Sérstök erindisbréf hafa jafnframt verið gefin út fyrir Endurskoðunar- og áhættu- nefnd og Starfskjaranefnd, en þau má einnig finna á vefsíðu bankans.



Frá vinstri: Þórdís Ingadóttir, Andri G. Arinbjarnarson, Gunnar Helgi Háfdanarson, Sigríður Hrólfsdóttir og Ólafur Helgi Ólafsson.

Upplýsingar um bankaráðsmenn

Aðalmenn í bankaráði eru eftirtaldir:

Gunnar Helgi Háfdanarson, formaður bankaráðs, er fæddur árið 1951 og búsettur á Íslandi. Gunnar Helgi er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og er með meistarapróf í rekstrarhagfræði frá McMaster University í Kanada. Gunnar Helgi var forstjóri Landsbréfa hf. á árunum 1989-1999 og framkvæmdastjóri Eignastýringar Landsbanka Íslands hf. frá 1997 til 1999. Hann var framkvæmdastjóri hjá bandaríska sjóðastýringarfyritækinu AllianceBernstein Invest-

ments á Norðurlöndunum með aðalskrifstofu í Stokkhólmi, á árunum 1999-2009. Þar voru helstu verkefni hans þróun viðskiptasambanda við stærstu banka Norðurlandanna og íslenska lífeyrissjóði. Gunnar Helgi hefur setið í bankaráði Landsbankans frá því í febrúar 2010.

Sigríður Hrólfsdóttir, varaformaður, er fædd árið 1967 og búsett á Íslandi. Sigríður er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í rekstrarhagfræði frá University of California í Berkeley. Sigríður starfaði á fjárstýringarviði Íslandsbanka á árunum 1994-1998 og síðan hjá Eimskip frá 1998 til 2004, upphaflega sem forstöðumaður

fjárreiðudeildar, en síðan sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá árinu 2000. Hún var framkvæmdastjóri fjárfestinga- og fjármálasviðs Tryggingamiðstöðvarinnar 2007-2008 og starfaði sem framkvæmdastjóri Árvakurs frá 2009-2010. Sigríður hefur setið í bankaráði Landsbankans frá því í febrúar 2010.

Þórdís Ingadóttir er fædd árið 1969 og búsett á Íslandi. Þórdís er lögfræðingur (cand. jur.) frá lagadeild Háskóla Íslands og með LL.M gráðu í alþjóðalögum frá New York University School of Law. Þórdís er dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík og sinnir þar kennslu jafnt sem rannsókn-um. Á árunum 1999-2003

starfaði hún hjá New York University og á árinu 2004 hjá lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Þórdís hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum, m.a. fyrir stjórnvöld, alþjóðastofnanir, háskóla og félagasamtök. Þórdís hefur setið í bankaráði Landsbankans frá því í apríl 2010.

Andri G. Arinbjarnarson er fæddur árið 1959 og búsettur í Bretlandi. Andri Geir var fyrsti varamaður bankaráðs frá febrúar 2010, en tók sæti Guðríðar Ólafsdóttur þegar hún sagði sig úr bankaráði í maí 2011. Andri Geir er verkfræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaragráðu í verkfræði frá Tækniháskólanum í Lyngby í Danmörku. Hann

hefur einnig lokið MBA frá Stanford University, Graduate School of Business, í Bandaríkjunum. Hann á og rekur fyrirtækið AGA Partners, en var áður framkvæmdastjóri sænsk-bandaríska ráðgjafafyrirtækisins Search Value. Þar áður var hann einn eigenda og lykilstarfsmanna ráðgjafa- og ráðningafyrirtækisins Whitehead Mann í Lundúnum.

Ólafur Helgi Ólafsson

er fæddur árið 1945 og búsettur á Íslandi. Ólafur Helgi er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og á að baki langan feril í íslensku atvinnulífi. Lengst af var hann framkvæmdastjóri Lýsingar, eða í 15 ár, en áður var hann fjármálastjóri sama félags, fjármálastjóri Orku-bús Vestfjarða, deildarstjóri tölvudeildar Heimilistækja og deildarstjóri tölvudeildar Ísal. Frá árinu 2007 hefur Ólafur rekið eigið ráðgjafafyrirtæki. Hann situr í stjórn nokkurra fyrirtækja, m.a. Eimskipafélags Íslands hf. og Urriðaholts ehf. Ólafur Helgi hefur setið í bankaráði Landsbankans frá því í nóvember 2010.

Varamenn í bankaráði eru eftirtaldir:

Jón Sigurðsson er fæddur árið 1954 og búsettur á Íslandi. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Jón starfar sem framkvæmdastjóri innkaupasviðs Promens, en áður starfaði hann sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs félagsins frá stofnun þess til ársins 2007. Á árunum 1999-2004 starfaði Jón sem forstöðumaður fjárfestingarsviðs hjá Framtaki fjárfestingarbanka. Jón starfaði fyrir Coca-Cola árin 1991-1999, fyrst sem fjármálastjóri Vífilfells og síðar fyrir svæðisskrifstofu Coca-Cola í Noregi, fyrst sem yfirmaður hagdeildar og síðan yfirmaður á þróunar- og fjárfestingarsviði. Á árunum 1986-1991 starfaði Jón sem fjármálastjóri Hans Petersen, en þar á undan sem rekstrar-ráðgjafi hjá Hagvangi. Hann hefur verið varamaður í bankaráði síðan í apríl 2010. Horn fjárfestingarfélag hf., dótturfélag Landsbankans, á 49,9% hlut í Promens. Jón hefur engin önnur hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila bankans.

Helga Loftsdóttir er fædd árið 1962 og búsett á Íslandi. Helga er lögfræðingur (cand. jur.) frá lagadeild Háskóla

Íslands og hefur haft réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómi frá árinu 1997. Helga hefur verið eignaraðili að og rekið Þ & L lögmannsstofu frá árinu 1997. Á árunum 1991-1994 starfaði Helga á lögmannsstofunni Garðastræti 17 sf. og sem lögfræðingur hjá Ríkisskattstjóra á árunum 1994-1997. Helga sat í stjórn SpKef frá stofnun sjóðsins árið 2010 þar til hann var yfirtekinn af Landsbankanum árið 2011.

Kristján Þ. Davíðsson er fæddur árið 1960 og búsettur á Íslandi. Hann er með skipstjórnarpróf frá Stýrimannaskóla Íslands og meistara-gráðu í sjávarútvegsfræði frá Háskólanum í Tromsø í Noregi. Kristján hefur starfað sem framkvæmdastjóri Isder ehf. frá árinu 2009. Áður var hann framkvæmdastjóri skilanevndar Glitnis banka hf. frá 2008-2009, en hann var um árabil starfsmaður Glitnis/Íslandsbanka og starfaði þar meðal annars sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og sem forstöðumaður sjávarútvegsviðskipta á alþjóðasviði bankans. Hann hefur starfað hjá SÍF hf. og Marel hf. við sölu og markaðsstörf og einnig sem forstjóri Granda hf. og aðstoðarforstjóri HB Granda hf. Kristján situr í stjórn norska

útgerðar- og fiskvinnslu-fyrirtækisins Copeinca ASA og einnig í stjórnnum Vaka fiskeldiskerfa hf. og Völku hf. Hann er kjöræðismaður Brasilú á Íslandi. Hann hefur verið varamaður í bankaráði Landsbankans frá því í apríl 2011.

Tinna Laufey Ásgeirs-

dóttir er fædd árið 1975 og búsett á Íslandi. Tinna Laufey lauk doktorsprófi í hagfræði frá University of Miami í Bandaríkjunum árið 2006, en þar áður stundaði hún meistaranám í hagfræði við sama skóla og sagnfræði við Háskóla Íslands. Tinna Laufey hefur stundað kennslu og rannsóknir héraðs og erlendis og gegnir nú lektorsstöðu við Háskóla Íslands. Hún hefur skrifað fjölda greina í vísindatímarit, auk fræðibóka og bókakafla á íslensku og ensku. Hún hefur jafnframt sinnt margvíslegum ráðgjafastörfum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Tinna Laufey gegnir ýmsum stjórnunarstörfum sem tengjast kennslu og vísindum og situr meðal annars í Háskólaráði Háskóla Íslands. Tinna Laufey hefur setið í bankaráði Landsbankans frá 28. mars 2012.

Þorsteinn Garðarsson er fæddur árið 1952 og búsettur á Íslandi. Þorsteinn er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hann á og rekur fyrirtækið Action Day®, sem framleiðir hugbúnað og skipulagsbækur fyrir erlenda markaði. Hann starfaði sem stundakennari við Viðskiptadeild HÍ 1998-2002 og var þar áður framkvæmdastjóri hjá Skýrr árin 1985-1998. Á árunum 1981-1985 starfaði hann fyrir Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi og hafði m.a. umsjón með Iðnþróunarsjóði Suðurlands. Hann hefur auk þess verið sveitarstjóri í Ölfushreppi og starfað hjá Þjóðhagsstofnun. Þorsteinn hefur verið varamaður í bankaráði frá því í nóvember 2010.

Upplýsingar um hvaða bankaráðsmenn eru óháðir félaginu og stórum hluthöfum

Aðalmenn í bankaráði eiga ekki hlut í bankanum, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Þá hafa þeir engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins eða stóra hluthafa í bankanum. Allir aðalmenn í bankaráði eru óháðir Landsbankanum

og stórum hluthöfum. Sama gildir um varamenn að frátöldum Jóni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra hjá Promens hf. Promens er nátengt Landsbankanum, þar sem Horn Fjárfestingarfélag hf., dótturfélag bankans, á 49,9% eignarhlut í Promens.

Helstu þættir í árangursmati

Árangursmat bankaráðs fór fram á fundi bankaráðs í nóvember 2012. Skoðað var hvernig til tókst með verkefni bankaráðsins á liðnu ári. Einnig var lagt mat á upplýsingagjöf, stefnumótun og framtíðarsýn, frammistöðu bankaráðsmanna, skoðanaskipti, starf undirnefnda bankaráðs, frammistöðu formanns, frammistöðu bankastjóra og starfsreglur bankaráðs. Árangursmatið leiddi til ákveðinna verkefna sem unnið hefur verið að í kjölfar matsins.

Helstu skyldur bankastjóra

Bankastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans

sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum bankaráðs. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir getur bankastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild bankaráðs. Bankastjóri skal sjá til þess að rekstur bankans sé samkvæmt lögum, reglugerðum, samþykktum og ákvörðunum bankaráðs. Hann skal sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti. Bankastjóri er talsmaður bankans um öll rekstrarleg og viðskiptaleg málefni. Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, á ekki hlut í bankanum, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Engir kaupréttarsamningar eru í gildi við bankastjóra. Þá eru ekki til staðar nein hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins eða stóra hluthafa í félaginu.

Lög og reglur

Ekki komu fram athugasemdir við reglur Landsbankans af hálfu opinberra eftirlitsaðila á árinu 2012.

Fjármálaeftirlitið benti á villu í framsetningu reglna bankans um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og voru strax gerðar viðeigandi lagfæringar.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Hluthafar í Landsbankanum eru tveir, íslenska ríkið og Landskil ehf. Bankaráð hefur samskipti við hluthafa í samræmi við lög, samþykktir bankans og starfsreglur fyrir bankaráð. Formaður bankaráðs stýrir samskiptum bankaráðs við hluthafa. Bankaráðsmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni bankans og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélag, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og þeirra reglna og fyrirmæla sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda. Hluthafar eiga ávallt kost á að gera bankaráði grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri bankans og leggja spurningar fyrir bankaráð. Bankaráð tekur afstöðu til tillagna og spurninga hluthafa.

Framkvæmdastjórn

Steinþór Pálsson Bankastjóri

Steinþór Pálsson hefur langa reynslu af stjórnunarstörfum við banka og framleiðslufyrirtæki, bæði innanlands og erlendis, og mikla reynslu af breytingastjórnun og stefnumótun. Steinþór er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Edinborgarháskóla. Á árum áður gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra lánasviðs Verzlunarbanka Íslands og varð síðar starfsmaður Íslandsbanka, m.a. sem forstöðumaður lána-deildar, fjárfestingarlána, útibúþjónustu, áhættustýringar og fyrirtækjaþjónustu, auk þess sem hann var virkur í stefnumótunarstarfi Íslandsbanka og samrunaferli forvera hans. Hann var um hríð fjármála- og rekstrarstjóri líftæknifyrirtækisins Urður, Verðandi, Skuld, en starfaði síðan í átta ár hjá Actavis. Fyrst sem framkvæmdastjóri Actavis á Möltu, þá sem framkvæmdastjóri Actavis í Bandaríkjunum og á árunum 2008-

2010 sem framkvæmdastjóri Actavis samstæðunnar á Íslandi á sviði stefnumótunar. Steinþór er stjórnarformaður Hamla ehf. og situr í stjórn Samtaka fjármála-fyrirtækja. Steinþór er formaður framkvæmdastjórnar, Áhættu- og fjármálanefndar og Lánanefndar auk þess að sitja í nefnd um upplýsingatækni bankans. Steinþór tók við starfi bankastjóra í júní 2010.

Helgi Teitur Helgason Einstaklingssvið

Helgi lauk embættisprófi í lögum frá Háskóla Íslands árið 1998 og hóf þá störf sem lögfræðingur og síðar lögmaður í Landsbankanum, þar sem hann annaðist almenn lögfræðistörf, innheimtu, ráðgjöf og málflutning. Helgi leiddi opnun skrifstofu Intrum og Lögheimtunnar á Akureyri vorið 2001 og starfaði þar sem svæðisstjóri og lögmaður á Norðurlandi til vorsins 2004, auk þess að veita stéttarfélögum á Akur-

eyri og félagsmönnum þeirra lögmannsþjónustu. Helgi var útibússtjóri Landsbankans á Akureyri frá árinu 2004 til 2010. Helgi er stjórnarmaður í Mótus ehf. Hann á sæti í Lánanefnd, Öryggisnefnd og Ráðgjafaráði FSÍ.

Árni Þór Þorbjörnsson Fyrirtækjasvið

Árni er lögfræðingur frá Háskóla Íslands með diplóma í rekstrar- og viðskiptafræði. Hann hlaut löggildingu í Corporate Finance frá Securities & Investment Institute í London árið 2005. Hann starfaði í Landsbanka Íslands hf. frá árinu 1996. Á fyrstu árunum annaðist hann almenn lögfræðistörf, ráðgjöf og málflutning. Árni var yfirlögfræðingur Fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands hf. til ársins 2008, en við stofnun Landsbankans hf. tók Árni við sem framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs. Árni situr í stjórn Hamla ehf. og Mótus ehf. Hann á sæti í Lánanefnd.

Hreiðar Bjarnason Fjármál

Hreiðar er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, með MSc gráðu í fjármálafræðum frá London Business School og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hreiðar hóf störf í Landsbanka Íslands hf. árið 1998, fyrst sem sérfræðingur í Markaðsviðskiptum og síðar í Fjárfstýringu. Hreiðar tók við sem framkvæmdastjóri Markaða og fjárfstýringar Landsbankans hf. snemma árs 2010, en tók við stöðu sem framkvæmdastjóri Fjármála í ágúst 2012 og er auk þess staðgengill bankastjóra. Hreiðar á sæti í Áhættu- og fjármálanefnd og er fulltrúi Landsbankans í stjórn Framtakssjóðs Íslands.



Frá vinstri: Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, Helgi Teitur Helgason, Árni Þór Þorbjörnsson, Perla Ösp Ásgeirsdóttir, Steinþór Pálsson, Hreiðar Bjarnason, Jensína Kristín Böðvarsdóttir og Ragnhildur Geirsdóttir.

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir Markaðir

Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi frá Tryggingaskólanum og löggildingarprófi í verðbréfavíðskiptum. Hrefna starfaði sem sjóðstjóri hjá Arev Verðbréfafyrirtæki frá árinu 2007 þar til hún gekk

til liðs við Landsbankann. Þá starfaði Hrefna sem forstöðumaður skráningar- sviðs og sérfræðingur á því sviði hjá Kauphöll Íslands frá 1998-2006. Áður gegndi hún starfi forstöðumanns einstaklingsþjónustu hjá Fjárvangi og var starfsmaður á peningamálasviði Seðlabanka Íslands. Hrefna hefur setið í stjórnnum fjölda fyrirtækja bæði á Íslandi og erlendis.

Perla Ösp Ásgeirsdóttir Áhættustýring

Perla er með MSc gráðu í fjármálum frá Háskólanum í Reykjavík. Hún starfaði hjá Seðlabanka Íslands á árabílinu 2005-2010 og hjá Rannsóknarnefnd Alþingis árið 2009. Perla sinnti m.a. eftirliti með fjármálafyrirtækjum og mörkuðum hjá Seðlabanka Íslands og

annaðist gerð áhættulíkana fyrir íslenskan fjármála- markað. Perla var ráðin forstöðumaður Áhættustýringar Landsbankans í apríl 2010 og framkvæmdarstjóri í október. Perla á sæti í Lánanefnd, Áhættu- og fjármálanefnd og Hagræðingar- nefnd.

**Jensína Kristín
Böðvarsdóttir**
Þróun og mannauður

Jensína er með BSc gráðu í auglýsingafræðum frá San Jose State University í Kaliforníu, Bandaríkjunum, og lauk MBA prófi með áherslu á neytendahæðun og markaðsfræði frá University of San Diego árið 1995. Jensína starfaði áður hjá Símanum þar sem hún var forstöðumaður sölu á Einstaklingssviði frá árinu 2007. Jensína gegndi stöðu markaðsstjóra Globus frá árinu 2004-2007, var framkvæmdastjóri mannaúðssviðs IMG á árunum 2002-2004, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar IMG frá 2001, starfsmannastjóri Norðurljósa 1999-2001 og tók þátt í mótun og uppbyggingu ráðningarpjónustu Gallup á árunum 1997-1999. Jensína er stjórnarmaður í Frumtaki GP ehf. og vara-
maður í stjórn Framtaks-
sjóðs Íslands. Hún starfar með Starfskjaranefnd.

Ragnhildur Geirsdóttir
Rekstur og upplýsingatækni

Ragnhildur lauk CS prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1995, MSc prófi í iðnaðarverkfræði frá University of Wisconsin, Madison árið 1996 og MSc prófi í viðskiptafræði frá sama skóla árið 1998. Ragnhildur starfaði sem sérfræðingur hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins (FBA) 1998 – 1999. Á árunum 1999 – 2005 vann hún hjá Flugleiðum hf./FL Group hf., fyrst sem verkefnastjóri í stefnumótun, svo sem framkvæmdastjóri Rekstrarstýringar og loks sem forstjóri. Ragnhildur var forstjóri Promens hf. 2006 – 2011. Ragnhildur hefur setið í stjórn fjölda fyrirtækja, bæði á Íslandi og erlendis. Ragnhildur á sæti í Áhættu- og fjármálanefnd og situr í stjórn Hamla ehf.

Stjórnskipulag og nefndir

Bankastjóri annast daglegan rekstur Landsbankans og framkvæmir ákvarðanir bankaráðs. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málafnum bankans í samræmi við stefnu, markmið, áhættuvilja og mörk samkvæmt ákvörðun bankaráðs. Framkvæmdastjórn bankans er vettvangur samráðs og ákvarðanatöku af hálfu bankastjóra og framkvæmdastjóra og er ætlað að tryggja að rekstur Landsbankans sé í samræmi við áætlanir og stefnu á hverjum tíma. Framkvæmdastjórn er skipuð bankastjóra og framkvæmdastjórum allra sviða bankans. Jafnframt eru starfandi nefndir á vegum framkvæmdastjórnar sem móta stefnu og taka ákvarðanir um tiltekna þætti í starfsemi bankans.


Bankastjóri á sæti í tveimur af helstu nefndum framkvæmdastjórnar, áhættu- og fjármálanefnd og lánanefnd bankans.

Áhættu- og fjármálanefnd mótar stefnu og tekur ákvarðanir um áhættuvilja, t.d. vegna markaðsáhættu, gjaldeyrisáhættu, lausafjár-
áhættu og mótaðilaáhættu. Lánanefndin er æðsta vald í almennum útlánamálum bankans. Lánanefnd tekur ákvarðanir um lánveitingar sem eru umfram útlánaheimildir annarra aðila innan bankans ásamt því að ákvarða útlánaheimildir starfsmanna Landsbankans.

Aðrir nefndir framkvæmdastjórnar eru ráðgefandi og styðja við stefnuáherslur bankans. Nefndirnar hafa það markmið að bæta skilvirkni ákvarðana og samræma verkefni og áherslur á milli sviða og deilda. Þessar nefndir eru öryggisnefnd, stefnumótunarnefnd, sóknarnefnd, hagræðingarnefnd, upplýsingatækninefnd, nefnd um samfélagslega ábyrgð og mannaúðsnefnd.

Skipurit, svið og deildir

Skipurit



Rekstrarumhverfi bankans kallar á nýjar áherslur og breytingar. Við rýni á stefnu haustið 2012 var skipulaginu breytt. Skipulag er verkfæri til að ná fram framtíðarsýn og skipulagsbreytingarnar eiga því að stuðla að skýrari verkaskiptingu, betra flæði og auknu samstarfi á milli sviða. Breytingunum er ætlað að ná fram áherslum bankans um hagkvæmni og ábyrga markaðssókn og

styrkja framlínuna og veita henni umboð til athafna um leið og tengsl við miðlægar einingar verða skýrari. Meginsvið bankans eru nú sjö í stað níu áður. Tekjusviðin eru þrjú, Einstaklingar, Fyrirtæki og Markaðir og stoðsviðin fjögur; Áhættustýring, Fjármál, Þróun og mannauður og Rekstur og upplýsingatækni sem er nýtt svið.

Einstaklingar

Einstaklingssvið annast almenna fjármálaþjónustu sem einstaklingum er veitt. Áherslur Einstaklingssviðs miða að aukinni ánægju með þjónustu bankans, hagnýtingu tækni- og tækjalausna til hagkvæmni, einfaldleika, skilvirkni og þæginda fyrir viðskiptavinum Landsbankans. Ennfremur er lögð áhersla á markvisst vöruframboð og að veitt sé virðisaukandi og dýpri þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina með hagsmunum beggja og sameiginlegan langtíma ávinning að leiðarljósi. Starfsmenn Einstaklingssviðs voru 591 í árslok 2012.

Öll útibú bankans veita hefðbundna fjármálaþjónustu

og -ráðgjöf til einstaklinga, sem og grunnþjónustu til rekstraraðila í viðskiptum við bankann. Stærri útibú bankans veita auk þess fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf til rekstraraðila og fyrirtækja í viðskiptum við bankann og hafa að auki milli-göngu um aðra sérhæfðari þjónustu sem bankinn býður viðskiptavinum sínum.

Þjónustuver bankans sinnir samskiptum við þá viðskiptavini bankans sem kjósa að nýta sér þjónustu hans í gegnum síma og/eða net. Framboð þjónustu og vöru í Þjónustuveri er sífellt að aukast og annast Þjónustuverið nú flesta almenna bankaþjónustu, t.d. milli-

færslur, greiðslur reikninga, útlán af ákveðnum gerðum, aðstoð vegna greiðslukorta og annarrar greiðslumiðlunar, sem og að veita almennar upplýsingar til viðskiptavina bankans varðandi viðskipti þeirra í Landsbankanum.


Bíla- og tækjafjármögnun bankans annast fjármögnun bifreiða og tækja hvort heldur sem er til einstaklinga eða rekstraraðila. Bíla- og tækjafjármögnun býður fjölbreytta möguleika á fjármögnun við flestra hæfi, þar sem saman fer samkeppnishæfni í verði og úrval fjármögnunarleiða.

Ráðgjafastofu er ætlað það hlutverk að auka og tryggja

útlánagæði sviðsins og annast m.a. beitingu sér-tækra greiðsluvandaúrræða fyrir viðskiptavinum í fjárhagsvanda.

Viðskiptalausnum er ætlað að vera stuðningur við daglegan rekstur sviðsins. Meðal verkefna eru umsjón með vegvísnum sviðsins, virðismót, markmiðssetningar og árangursmælingar, hagkvæmnisskoðanir, rannsóknir og hverskonar annar stuðningur við viðskipta-einingar sviðsins.

Einstaklingar



Fyrirtæki

Meginstarfsemi Fyrirtækjasviðs snýr að þjónustu við fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir, en einskorðast ekki lengur við stærstu aðila í þessum greinum, heldur ber sviðið líka ábyrgð á fyrirtækjaþjónustu útibúa bankans. Einnig annast sviðið starfsemi á sviði endurskipulagningar og skuldavanda fyrirtækja. Starfsmenn Fyrirtækjasviðs voru 54 í lok árs 2012.

Fyrirtækjasvið annast beint málefni stórra fyrirtækja og sveitarfélaga og sér um stærri fjármögnunarverkefni. Til viðskiptavina Fyrirtækjasviðs teljast m.a. fyrirtækjasamtæður sem skulda yfir 500 milljónir króna, sjávarútvegsfélög

sem skulda yfir 300 milljónir, sveitarfélög með yfir 1.500 íbúa, nýjársfesting sjávarútvegsfyrirtækja umfram 50 milljónir króna og nýjársfesting í byggingaframkvæmdum umfram 100 milljónir.

Öllum viðskiptavinum Fyrirtækjasviðs er úthlutaður viðskiptastjóri, en viðskiptastjórar bera ábyrgð á samskiptum við viðskiptavini og eru tengiliðir þeirra við bankann. Viðskiptastjórar skiptast í þrjá hópa; einn hópur hefur umsjón með viðskiptum við fyrirtæki í mannvirkjagerð og ferðaþjónustu, auk sveitarfélaga, annar hópur ber ábyrgð á viðskiptum við félög í iðnaði, verslun og þjónustu og þriðji

hópurinn hefur umsjón með viðskiptum Landsbankans við aðila í sjávarútvegi og landbúnaði.

Hlutverk Fyrirtækjalausna er að vinna úr skuldavanda lífvænlegra fyrirtækja. Mikill árangur hefur náðst á því sviði á undanförunum árum og hefur því umfang þessarar starfsemi dregist saman frá því sem mest var og fyrirsjáanlegt er að sú þróun haldi áfram.


Viðskiptalausnum er ætlað að vera stuðningur við daglegan rekstur sviðsins ásamt því að hafa umsjón með innlendri og erlendri kröfu-fjármögnun bankans. Auk þessa sinnir deildin greiningu markhópa, virðismati

fyrirtækja, samræmingu á fræðslu og viðburðarstýringu og veitir stuðning við vöruþróun bankans.

Lögfræðiþjónusta ber ábyrgð á frágangi og skjalagerð flóknari lánasamninga og tryggingaskjala ásamt samskiptum við viðskiptavini og lögmenn. Deildin veitir einnig lögfræðilega ráðgjöf eftir því sem við á og annast samskipti vegna lögfræðilegra mála.

Útlánamat annast umsjón lánamála og skráningu ákvarðana Lánanefndar og Fyrirtækjasviðs. Þá sér útlánamat um gerð árlegra lánshæfisskýrslna um stærstu viðskiptavini bankans.

Fyrirtæki



Markaðir

Markaðir annast þjónustu er snýr að sölu og miðlun verðbréfa og gjaldeyris, viðskiptavakt, fyrirtækjaráðgjöf, eignastýringu og einkabankaþjónustu. Viðskiptavinir Markaða eru einstaklingar, fyrirtæki og stofnanafjárfestar. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu, ábyrga ráðgjöf og upplýstar ákvarðanir. Hjá Mörkuðum er reynslumikið starfsfólk sem þjónar breiðum hópi viðskiptavina og voru starfsmenn 47 í árslok 2012.

Eignastýring Landsbankans býður lífeyrissjóðum, lögað-

ilum og efnameiri viðskiptavinum Landsbankans upp á alhliða eignastýringar- og fjármálaþjónustu. Eignastýring Landsbankans hefur yfirumsjón með vörum Landsbankans sem tengjast lífeyrissparnaði.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans veitir fyrirtækjum og fjárfestum sjálfstæða ráðgjöf varðandi kaup, sölu og samruna fyrirtækja og rekstrareininga. Ennfremur hefur Fyrirtækjaráðgjöfin umsjón með hlutafjárútboðum, skráningu hlutafjár í kauphöll og veitir ráðgjöf því tengt.


Markaðsviðskipti sinna miðlun verðbréfa og gjaldeyris fyrir viðskiptavini Landsbankans á innlendum og erlendum mörkuðum. Innan markaðsviðskipta er starfrækt Verðbréfa- og lífeyrissparnaði, en þjónustan felst í ráðgjöf um lífeyrissparnað og reglubundinn sparnað í formi innlánsreikninga og/eða verðbréfasjóða, auk fjárfestinga í verðbréfum.

Landsbankinn sinnir viðskiptavakt fyrir útgefendur skráðra verðbréfa og með íslensku krónuna á milli-bankamarkaði. Hlutverk

viðskiptavaka er að stuðla að eðlilegri verðmyndun og seljanleika á tilteknum eignum á markaði með því að leggja á hverjum tíma fram fyrir eigin reikning bæði kaup- og sölutilboð.

Viðskiptalausnum Markaða er ætlað að vera stuðningur í daglegum rekstri sviðsins. Meðal verkefna eru umsjón með vegvísnum bæði sviðs og einstakra deilda, skipulag verkefna, árangursmælingar og mat á arðsemi eininga og sviðsins í heild.

Markaðir



Áhættustýring

Hlutverk Áhættustýringar er að meta og stýra útlána-áhættu bankans, meta markaðsáhættu, lausafjárahættu og rekstraráhættu og sjá um eftirlit með þessum þáttum. Áhættustýring ber ábyrgð á viðhaldi og greiningu áhættumatskerfa bankans. Deildir innan sviðsins eru sex og starfsmenn í lok árs voru 51.

Útlánastýring ber ábyrgð á mati á áhættu lánveitinga til viðskiptavina sem fara umfram útlánaheimildir einstakra starfseininga. Deildin hefur neitunarvald í slíkum tilvikum. Ákvörðunum um lánveitingar umfram heimild Áhættustýringar er vísað til Lánanefndar bankans.

Útlánaeftirlit ber ábyrgð á eftirliti með útlána-áhættu í lánasafni bankans.

Deildin notar vöktunarkerfi sem flokkar viðskiptavini og færir þá milli flokka í samræmi við fjárhagslegan styrk þeirra. Deildin ber einnig ábyrgð á þróun og framkvæmd virðismats á lánasafni bankans og afskriftarferli hans. Þar að auki vinnur deildin með öðrum deildum að greiningu á stórum áhættuskuldbindingum og virðisrýrnun.

Markaðsáhætta hefur umsjón með greiningu, mælingu og eftirliti með markaðsáhættuþáttum í rekstri bankans. Eftirlit með vaxtaáhættu utan veltubókar, lausafjárahættu og gjaldeyrisjöfnuði bankans og afleiðuviðskiptum samstæðunnar hvílir á herðum Áhættustýringar. Markaðs-áhætta sinnir upplýsingagjöf vegna þessara áhættu-

þátta, bæði innan bankans og utan, og framkvæmir reglulega áhættumælingar með tilliti til áhættuvilja. Markaðsáhætta sinnir enn fremur áhættumælingum, eftirliti með verðbréfasjóðum í rekstri Landsbréfa, lífeyrissjóðum í stýringu Eignastýringar og annast upplýsingagjöf um áhættu til þessara aðila.


Rekstraráhættu ber að tryggja að rekstraráhætta í starfseminni sé þekkt og að bankinn innleiði, framfylgi og viðhaldi skilvirkum aðferðum við stýringu á rekstraráhættu.

Hlutverk Líkana og greiningar er að viðhalda og þróa innri líkön bankans og tengd ferli til að mæla áhættu, þ.m.t. að meta eiginfjárbörf, og styðja við innleiðingu

slíkra líkana og ferla innan bankans. Deildin ber einnig ábyrgð á greiningu útlána-áhættu, eiginfjárbörfar og áhættuvilja.

Hagfræðideild er sjálfstæð deild innan Áhættustýringar og greinir áhættuþætti í ytra umhverfi bankans, jafnt héraendis sem erlendis, og ber ábyrgð á gerð sviðsmynda í álagsprófum. Hagfræðideild stuðlar að upplýstri umræðu um efnahagsmál með útgáfu á þjóðhagsspám, ítarlegum greiningum á þróun og horfum hagkerfisins til næstu ára og sértækum greiningum á afmörkuðum efnisflokkum, t.d. atvinnugreinum. Þá gefur Hagfræðideild mánaðarlega út ritið Vegvísir sem fjallar um þróun og horfur í efnahagsmálum.

Áhættustýring



Fjármál

Undir Fjármál heyra fimm deildir, Fjárstýring, Reikningshald, Hagdeild, Lögfræðideild og Endurútreikningur. Helstu verkefni Fjárstýringar eru lausafjárstýring og fjármögnun bankans, eigna- og skuldastýring (ALM), viðskiptavakt á peningamarkaði og stýring á innri verðlagningu fjármagns. Fjárstýring annast einnig samskipti við Seðlabankann, innlendar og erlendar fjármálastofnanir og matsfyrirtæki. Fjárstýring gerir jafnframt tillögur að breytingum á vaxtatöflu bankans og ákvarðar sérkjör á bankareikningum í samráði við útibú. Þá heldur

Fjárstýring utan um gjaldskrármál.

Reikningshald ber ábyrgð á fjárhagsbókhaldbankans og sér um mánaðar-, ársfjórðungs- og ársuppgjör samstæðunnar. Reikningshald sér um skráningu og greiðslu allra kostnaðarrekninga. Þá hefur deildin umsjón með bókhaldi fjárvörslusafna og lífeyrissjóða í stýringu.


Hagdeild hefur umsjón með áætlanagerð. Þá er uppbygging og miðlun stjórnaupplýsinga stór hluti af starfsemi. Hagdeild gegnir jafnframt greiningar-

og eftirlitshlutverki og verk- og ritstýrir ICAAP ferli bankans (eiginfjárbörf og eiginfjárstýring).

Lögfræðideild bankans annast ráðgjöf til bankans og dótturfélaga varðandi hvers konar lögfræðileg álitaefni, málflutning fyrir héraðsdómi, undirbúning mála fyrir úrskurðarnefnd fjármálafyrirtækja og skjalagerð og samskipti við eftirlitsaðila, einkum Fjármálaeftirlit og Samkeppniseftirlit. Lögfræðideildin annast jafnframt innheimtu vanskilakrafna fyrir bankann.

Endurútreikningur er deild sem stofnuð var í kjölfar dóms Hæstaréttar nr. 155/2011. Hlutverk hennar er að annast endurreikning á gengistryggðum lánum og leiðréttingar á þeim. Helstu núverandi verkefni snúa að leiðréttingu á endurreikningi í samræmi við Hæstaréttardóma nr. 600/2011 og 464/2012. Samhliða þessu vinnur deildin með Lögfræðideild í ýmsum dómsmálum sem snúa að ágreiningi um flokkun og endurreikning lána.

Fjármál



Þróun og mannaúður

Þróun og mannaúður hefur það hlutverk að styðja við afkomueiningar bankans og vera leiðandi í framþróun og breytingum. Í því krefjandi umhverfi sem bankinn starfar er nauðsynlegt að geta brugðist hratt við en þó þannig að fagmennskan sé í fyrirrúmi. Með því að setja undir eitt svið þær deildir bankans sem standa að baki framþróun og nýbreytni mætir bankinn þessum kröfum.

Þróun og mannaúður samanstendur af Verkefnastofu og stefnumótun, Mannauði, Markaðsdeild, Vefdeild, Sölu- og þjónustudeild,

Vörur og viðskiptaþróun og Samfélagsábyrgð. Á sviðinu starfa 88 manns.

Verkefnastofa leggur til sérfræðinga á sviði verkefnastjórnunar sem hafa umsjón með framkvæmd á öllum stærri verkefnum bankans, auk þeirra sem tengjast rýni, endurskoðun og framkvæmd á stefnu bankans.

Markaðsdeild annast markaðsmál og þátttöku bankans í samfélaginu með styrkjum og stuðningi við verðug verkefni. Markaðsstefnan er samofin stefnu Landsbankans og er markaðsstarfið skipulagt til að ná fram

markmiðum stefnunnar um að vera í forystu árið 2013 og til fyrirmyndar árið 2015.

Mannaúður sinnir starfsmannamálum og annast umfangsmikið fræðslustarf á vegum bankans. Mannauðsmálin eru mjög veigamikill málaflokkur og einn af lykilþáttum í rekstri og framtíð bankans eins og sjá má af stefnuáherslunum.

Sölu og þjónustudeild mótar sölu- og þjónustustefnu og viðmót framlínu gagnvart viðskiptavinum.

Vörur og viðskiptaþróun eru hjartað í vörupróun bankans

og undir Samfélagsábyrgð fellur stjórnun á samfélagslegri ábyrgð bankans og samþætting hennar við daglega starfsemi.

Landsbankinn hefur nýtt sér þá leið að sameina á einn stað hæfni og þekkingu á breytingum. Það skapar bankanum mikil tækifæri í samkeppni, þar sem viðbragðstími styttest, án þess að vinnubrögð líði fyrir. Með virkum og góðum stuðningi við önnur svið bankans verður þannig hægt að bæta og tryggja stöðu bankans í síbreytilegu umhverfi, viðskiptavinum og starfsmönnum til hagsbóta.

Þróun og mannaúður



Rekstur og upplýsingatækni

Undir Rekstur og upplýsingatækni falla fimm deildir: Upplýsingatækni, Viðskiptaumsjón, Lánaumsjón, Eignadeild og Fullnustudeild (Hömlur). Allar deildirnar eiga það sameiginlegt að koma að rekstri og innviðum bankans. Alls störfuðu 349 starfsmenn á sviðinu í lok árs 2012.

Upplýsingatækni sér um allan rekstur og þróun tölvukerfa bankans. Bankinn horfir í auknum mæli til innleiðingar á stöðluðum

kerfum og fækkun upplýsingatæknikerfa sem mun leiða til einfaldari og hagkvæmari reksturs.

Viðskiptaumsjón og Lánaumsjón sinna mjög víðtækri þjónustu við tekjusvið bankans. Undir starfsemi viðskiptaumsjónar heyrir bakvinnsla lífeyrissjóða, varsla verðbréfa, alþjóðleg greiðslumiðlun, ábyrgðir, aðalféhirðir, frágangur viðskipta, viðskiptaefirlit og útibúþjónusta. Lánaumsjón annast alla skjalagerð

og umsýslu lána, þ.m.t. þinglýsingar og vörslu frumskjala og hefur umsjón með öllum lánnum útgefnum af bankanum til einstaklinga og fyrirtækja.

Eignadeild sér um allan rekstur og umsýslu fasteigna bankans, þar með talið viðhald. Framkvæmdir á vegum bankans og viðhald á eignum er á ábyrgð Eignadeildar. Skjalasafn bankans heyrir undir Eignadeild auk þess sem rekstur mötuneytis og ýmis þjónusta við starfs-

fólk er hluti af starfsemi deildarinnar.

Fullnustudeild bankans (Hömlur) sér um alla umsýslu og sölu á eignum sem bankinn hefur eignast vegna skuldaskila. Markmið Fullnustudeildar er að selja á markaðsverði allar eignir sem hún ræður yfir eins fljótt og mögulegt er samkvæmt þeim reglum sem bankinn hefur sett sér um meðferð slíkra eigna.

Rekstur og upplýsingatækni



Skrifstofa bankastjóra

Skrifstofa bankastjóra vinnur náið með bankastjóra og styður hann í störfum sínum. Meginverkefni eru að fylgja eftir stefnu bank-

ans, annast innri og ytri samskipti bankans og sinna samskiptum við stofnanir, opinber fyrirtæki og ýmsa hagsmunaaðila. Skrif-

stofa bankastjóra aðstoðar bankaráð Landsbankans og framkvæmdastjórn bankans í þeirra störfum og fylgir eftir ákvörðunum þeirra. Sex

starfsmenn voru á Skrifstofu bankastjóra í árslok 2012.

Regluvarsla

Regluvarsla er sjálfstæð eining sem heyrir beint undir bankastjóra. Regluvarsla vinnur fyrst og fremst að því að:

» Fylgjast með og meta reglulega virkni þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið til að koma á og viðhalda viðeigandi reglum og ferlum til að greina hvers konar hættu á misbrestum hjá bankanum á því að uppfylla skyldur samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

» Aðstoða, styðja og ráðleggja stjórnendum við störf þeirra. Veita starfsmönnum bankans, sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd verðbréfavíðskipta, nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að þeir geti uppfyllt skyldur fyrirtækisins samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti.

» Framfylgja ákvæðum laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og

sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðla að góðri framkvæmd laganna.

» Greina, meta og fylgjast með áhættu tengdri regluvörslu í starfsemi bankans.

» Innleiða skjalastefnu og hafa eftirfylgni með framkvæmd hennar innan bankans.

Regluvörsluáhættu má skilgreina sem áhættuna á lagalegum viðurlögum, fjár-

hagslegu tjóni eða skaða á ímynd bankans vegna brota gegn lögum, reglugerðum, siðareglum og því sem teljast góðir starfshættir. Regluvörsluáhætta er undirflokkur rekstraráhættu þar sem áherslan er á svik, misferli, aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, persónuvernd, siðareglur, reglur um hagsmunaárekstra og bestu framkvæmd. Starfsmenn Regluvörslu voru sjö í lok árs 2012.

Umboðsmaður viðskiptavina

Landsbankinn réð í starf umboðsmanns viðskiptavina 1. febrúar 2009, en til hans geta þeir leitað sem telja á sig hallað í viðskiptum við bankann. Umboðsmaður viðskiptavina sinnti fyrst bæði málum einstaklinga og fyrirtækja, en umboðsmaður fyrirtækja tók til starfa 1. apríl 2011. Reyndar hefur fjöldi fyrirtækjamála

verið minni en búist var við og umboðsmaður fyrirtækja hefur því jöfnum höndum sinnt erindum frá einstaklingum og fyrirtækjum.


Erindum, sem bárust umboðsmönnum, fækkaði um 21% milli árána 2011 og 2012, voru 600 á árinu 2011 en 473 ári síðar. Fækkun erinda má helst rekja til

þess að þeim sem þurfa að endurskipuleggja skuldir sínar hefur fækkað mjög. Til samanburðar má nefna að skráðum kvörtunum hjá Viðskiptabanka fækkar sömu leiðis verulega. Árið 2012 voru skráðar kvartanir 981 en 1.286 árið 2011, fækkunin er tæp 24 % á milli ára.

Tegundir erinda

Erindi sem berast umboðsmanni eru gríðarlega fjölbreytt, en töluverð breyting hefur orðið á eðli erinda sl. fjögur ár. Erindum vegna lánamála einstaklinga hefur fjölgað verulega, úr því að vera um 45% mála árið 2009 í 66% þeirra á árunum 2011

Fjöldi skráðra mála



og 2012. Þá hefur málum tengdum innlánum, verðbréfum, lífeyrissjóðum og greiðslumiðlun fækkað mikið, eða frá því að vera um 25% mála árið 2009 í það að vera tæplega 10% mála árið 2011 og 6,3% árið 2012. Óánægja með endurreikning gengistryggðra lána var mjög fyrirferðarmikil á árinu. Deilur um sjálfskul-

arábyrgðir og lánsveð hafa einnig verið áberandi.

Starf umboðsmanna viðskiptavina Landsbankans er mikilvægur farvegur fyrir erindi viðskiptavina bankans. Það hefur sýnt sig á þeim fjölda erinda sem umboðsmönnum hafa borist síðan þeir hófu störf. Umboðsmenn eru talsmenn

viðskiptavina þó að þeir séu hlutlausir í afstöðu sinni og mati á erindum. Tekist hefur að stytta biðtíma mála í vinnslu mjög mikið eða frá því að vera tæplega 100 mál í vinnslu í upphafi árs 2011 í að vera rúmlega 10 mál í vinnslu í lok árs 2012 þrátt fyrir verulega fjölgun mála árin 2011 og 2012.

Helstu tegundir mála sem falla undir lánamál einstaklinga á árinu 2012.

	Samtals fjöldi	Hlutfall
Lánveitingar	31	9,9%
Bílalán	38	12,2%
Ábyrgðir	30	9,6%
Fjárhagsl. endurskipul.	27	8,7%
Niðurfelling lána	33	10,6%
110% leið	20	6,4%
Verðmat fasteigna	1	0,3%
Lánsveð/krossveð	1	0,3%
Lækkun annarra skulda	7	2,2%
Greiðslumat	4	1,3%
Vextir	9	2,9%
Erlend lán	39	12,5%
Frysting	10	3,2%
Sértæk skuldaaðlögun	25	8,0%
Greiðsluaðlögun	11	3,5%
Innheimta/afskrift	22	7,1%
Veð/tryggingar	3	1,0%
Verðtrygging	1	0,3%
Samtals	312	100,0%

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er hluti af stjórnskipulagi Landsbankans og þáttur í eftirlitskerfi hans. Hlutverk Innri endurskoðunar er að veita óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að bæta rekstur bankans. Innri endurskoðun leggur mat á virkni innra eftirlits, áhættustýringar og stjórnarháttanna Landsbankans og stuðlar þannig að því að bankinn nái markmiðum sínum. Innri endurskoðun nær til allra starfseininga


bankans, þar á meðal dótturfélaga, en auk þess hefur deildinni verið falin innri endurskoðun á lífeyrisjóðum í rekstri og stýringu Landsbankans.

Innri endurskoðandi er ráðinn af bankaráði og ber ábyrgð gagnvart bankaráði og endurskoðunarnefnd þess. Innri endurskoðandi er forstöðumaður Innri endurskoðunar Landsbankans, en starfsmenn deildarinnar voru 9 á liðnu ári. Rík

áhersla er lögð á að starfsmenn Innri endurskoðunar séu sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Innri endurskoðandi skal sjá til þess að starf Innri endurskoðunar sé á hverjum tíma unnið í samræmi við lög, reglur, alþjóðleg viðmið og staðla um bestu framkvæmd, svo sem viðmið alþjóðasamtaka um innri endurskoðun (IIA) og leiðbeinandi tilmæli Basel-nefndarinnar. Innri endurskoðandi leggur árlega endurskoðunaráætlun

fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar. Áætlunin er áhættumiðuð og felur í sér upplýsingar um megináherslur í starfsemi deildarinnar. Innri endurskoðandi gerir endurskoðunarnefnd reglubundið grein fyrir framgangi innri endurskoðunar og hvernig miðar varðandi eftirfylgni vegna þeirra frávika sem deildin hefur greint.

Áhættuflokkun verkefna sem unnið var að árið 2012



Dótturfélög

Dótturfélög Landsbankans teljast þau félög sem bankinn á meira en 50% eignarhlut í. Dótturfélög Landsbankans eru nú Hömlur ehf. og Landsbréf hf.

Til hlutdeildarfélaga bankans teljast þau félög sem Landsbankinn hefur fjárfest í til langs tíma og þar sem eignarhluturinn er umtalsverður en þó aldrei meiri en 50%. Eignarhlutur hlutdeildarfélaga er færður í samræmi við hlutdeild bankans í eigin fé þeirra og hlutdeild í rekstrarafkomu er færð með sama hætti. Úthlutaður arður er færður til lækkunar á eignarhlut bankans í viðkomandi félagi.

Hömlur

Hömlur ehf. var stofnað árið 2009 og er að öllu leyti í eigu Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. sem fer með eignarhald helstu dótturfélaga Landsbankans. Hömlur ehf. og dótturfélög

Hamla bera ábyrgð á umsýslu og ráðstöfun á eignum sem bankinn hefur eignast við skuldaskil eða aðra fullnustu. Verksvið félagsins skiptist í tvo meginþætti, annarsvegar sölu og umsýslu eigna þar sem áætlað er að selja eignir næstu 12-18 mánuðina og hinsvegar eignir sem áætlað er að verði í eigu félagsins um nokkurt skeið og unnið er að frekari úrvinnslu á. Hömlur eru eigandi og umsýsluaðili nokkurra hlutdeildarfélaga sem Landsbankinn hefur eignast gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og eru hugsuð til sölu eins fljótt og hægt er.

Í Hömlum ehf. er meðal annars vistað íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, skip og bátar, sumarbústaðir, jarðir og lóðir, bifreiðar og tæki, vörubirgðir og viðskiptakröfur sem bankinn hefur eignast við fullnustu. Meðal félaga sem eru í tímabundinni eigu Hamla eru Holtavegur 10 ehf., Stenías ehf., Spvlet ehf., SL2010 hf.,

Laugahús ehf. og Tanga-bryggja ehf.

Friðrik S. Halldórsson er framkvæmdastjóri Hamla ehf. Friðrik er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá Landsbankanum frá árinu 2008.

Landsbréf hf.

Landsbréf eru sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Landsbréf hafa starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestingasjóða og jafnframt til eignastýringar.

Landsbréf hf. voru stofnuð árið 2008 sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Árið 2010 keypti Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. félagið og varð það þar með dótturfélag þess og hluti af samstæðu Landsbankans. Þáttaskil urðu í rekstri félagsins þegar

félagið keypti í mars 2012 í kjölfar hlutafjáhækkunar allan sjóðarekstur rekstrarfélagsins Landsvaka hf., en það félag er jafnframt hluti af samstæðu Landsbankans. Starfsmenn Landsvaka voru ráðnir til starfa hjá félaginu samhliða þessum kaupum. Með kaupum á sjóðunum var ætlunin að styrkja félagið til sóknar á sviði sjóða- og eignastýringar og hefur verið unnið með markvissum hætti að þessu markmiði síðan. Í september 2012 fengu Landsbréf leyfi til eignastýringar og tók félagið á sama tíma yfir rekstur og stýringu eigna Horns fjárfestingarfélags hf.

Framkvæmdastjóri Landsbréfa er Sigþór Jónsson. Sigþór er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í löggiltri verðbréfamíðlun. Sigþór hefur mikla reynslu af íslenskum fjármálamarkaði og fjárfestingastarfsemi. Sigþór tók við starfi framkvæmdastjóra Landsbréfa haustið 2012.

Staða eigna í Hömlum ehf. 31.12.2012 (m. kr.)

	Fjöldi	Verðmat	Meðaleign
Íbúðarhúsnæði	256	5.325	20,8
Iðnaðar-/skrifstofuhúsnæði	268	7.434	27,7
Sumarhús	15	234	15,6
Sumarhúsalóðir	181	382	2,1
Lóðir aðrar	99	1.140	11,5
Annað (m.a. jarðir)	17	1.594	93,8
Samtals	836	16.109	19,3





Áhættustjórnun

Bankaráð, bankastjóri og framkvæmdastjórar gera sér grein fyrir mikilvægi virkrar áhættustjórnunar og þess að efla áhættuvitund svo að óhikað sé hægt að stefna að því að Landsbankinn verði til fyrirmyndar og samanburðarhæfur við bestu banka á Norðurlöndum árið 2015.

Á árinu 2012 var áfram unnið að eflingu áhættustjórnunar með því að bæta innri ferla og auka skilvirkni greininga og miðlunar á helstu áhættum í rekstri bankans.

Í áhættustjórnun felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri og skilvirkt skipulag til að meta, mæta eða draga úr áhættu með ígrunduðum ákvörðunum.

Áhættuvilji

Í janúar 2012 setti Landsbankinn í fyrsta sinn fram heildstæðan áhættuvilja og áhættumörk fyrir stærstu áhættuþætti í rekstri sínum. Áhættuvilji byggist á fjórum meginstoðum:



Tryggja þarf að allar grunnstoðir áhættuviljans séu vel skilgreindar, mælanlegar og/eða metanlegar og að stöðu áhættuþátta sé vel miðlað til stjórnenda. Allir starfsmenn bankans þurfa að gera sér grein fyrir þeirri áhættu sem tengist þeirra starfi. Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsemin taki mið af áhættuvilja og fylgi áhættureglum á hverjum tíma. Árangursrík áhættustjórnun er lykilþáttur í langtímaarðsemi og stöðugleika og er því samofin allri starfsemi bankans. Bankinn

hefur þess vegna sett fram ítarlegar áhættureglur og byggt upp stjórnskipulag sem tryggir eftirfylgni við áhættustjórnun. Bankinn fylgir leiðbeiningum um góða stjórnarhætti þar sem ábyrgð hvers og eins er skýr.

Ákvörðun um stefnu Landsbankans í áhættustjórnun, setningu áhættuvilja og áhættumarka er í höndum bankaráðs. Bankastjóri skal tryggja að áhættuviljinn endurspeglist í reglum og viðmiðum og ber hann, ásamt framkvæmdastjórn

og eftirlitseiningum, ábyrgð á að áhættuvilja bankans sé framfylgt. Lögð er áhersla á að gagnrýnin umræða eigi sér stað um helstu kosti hverju sinni, áður en ákvörðun er tekin.

Bankinn nýtir bestu viðmið í umgjörð um áhættustjórnun og hefur sett upp sjálfstæðar eftirlits- og áhættustjórnun-areiningar, sem greina og yfirfara beiðnir um áhættutöku, meta heildaráhættu bankans og hafa eftirlit með að innri og ytri reglum sé fylgt. Eftirlit bankaráðs,

bankastjóra og einstakra nefnda bankans, skýrar heimildir til áhættutöku, skilvirkt ákvarðanatökufærli og stýrð áhættutaka eru hornsteinar árangursríkrar áhættustjórnunar.

Áhætta í rekstri bankans er skilgreind í áhættureglum, m.a. vegna útlána-, lausafjár-, markaðs- og rekstraráhættu. Hver eining innan bankans tileinkar sér viðeigandi lög og reglur sem um starfsemi hennar gilda.

Við ákvörðun um áhættuvilja eru samhliða sett áhættumörk fyrir helstu þætti tengda útlána-, markaðs-, lausafjár- og rekstraráhættu sem eru misítarleg eftir eiginleikum og breytileika þeirra.

Útlánaáhætta snýr m.a. að gæðum lánasafns; líkum á vanefndum, vanskilum, samþjöppunaráhættu og stórum áhættuskuldbindingum. Vel hefur tekist að draga úr áhættu vegna allra þessara þátta og náðust öll markmið bankans um lækkun útlána-áhættu í lok árs 2012. Mikilvægt er að stuðla að breytingu á viðhorfi til vanskila, greiðsluvilja og annarra atriða sem tengjast útlána-gæðum, þannig að áhrif efnahagshruns á greiðsluvilja verði ekki varanleg.

Bankinn hefur unnið ötulega að lækkun á markaðs- og gjaldeyrisáhættu á árinu sem endurspeglast glögglega í lægri eiginfjárbörf. Var staða þessara áhættuþátta innan áhættumarka í lok árs. Lausafjárstaða bankans hélst áfram mjög sterk á árinu, þrátt fyrir að Landsbankinn hafi innt af hendi fyrirfram-

greiðslu til LBI hf. vegna skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010. Áfram er stefnt að því að draga úr áhættuþáttum í rekstri bankans á komandi ári.

Mæling áhættuvilja og áhættumarka er nú hluti af daglegri stjórnun bankans og hefur hún nýst vel sem tæki til að bæta gæði eignasafns, samsetningu þess og draga úr áhættu. Áhættuvilji tekur ekki einungis til áhættumarka heldur felur um leið í sér leiðbeiningu um það viðhorf sem starfsmenn bankans þurfa að til-einka sér vegna áhættutöku í rekstri. Áhættumörk bankans eru ávallt í samræmi við ytri lög eða reglur, ef þeim er til að dreifa, en bankinn skilgreinir hins vegar sjálfur fjölmörg áhættumörk sem ekki eru bundin í lög eða reglugerðir. Bankinn markar sér til að mynda stefnu um áhættusækni og felst hún í því að taka einungis áhættu sem hægt er að skilja, meta til framlags í heildar-áhættustöðu eða mæta með aðgerðum sem draga úr áhættu, svo sem töku trygginga.

Áhættureglur og -ferlar

Markmið áhættureglna og -ferla bankans er að tryggja að áhætta í rekstri hans sé þekkt, mæld og vöktuð og að henni sé stýrt með virkum hætti. Áhættu er stýrt þannig að tryggt verði að hún haldist innan þeirra marka sem bankinn hefur sett sér, að hún sé innan áhættuvilja samstæðunnar og samræmist kröfum eftirlitsaðila. Bankinn hefur innleitt stefnu um samsetningu áhættu í lánasafni sínu til að tryggja að flókt sem getur haft áhrif á eigið fé og afkomu bankans sé takmarkað og viðráðanlegt.

Svið Áhættustýringar ber ábyrgð á eftirliti og miðlun upplýsinga um áhættu innan bankans með því að setja og meta áhættumörk. Viðskiptaæiningar sinna einnig eftirliti með eigin áhættutöku og fylgni við áhættumörk. Dótturfélög bankans reka eigin áhættustýringu, en Áhættustýring bankans fær upplýsingar um áhættuskuldbindingar frá dótturfélögum og leggur mat á þær í samhengi við

skuldbindingar samstæðunnar. Regluvarsla hefur eftirlit með því innan samstæðunnar að reglum um verðbréfa- og innherjaviðskipti, lögum um verðbréfa- viðskipti, lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og öðrum viðeigandi lögum og reglum sé framfylgt. Innri endurskoðun er hluti af áhættustýringaramma bankans auk þess að vera þáttur í eftirlitskerfi hans. Markmið Innri endurskoðunar er að staðfesta að innri eftirlitskerfi bankans, þar með talið áhættustjórnun, séu fullnægjandi og virk. Skilvirkni áhættustýringar og áhættustýringarferla samstæðunnar, þ.m.t. ICAAP ferlið, er metið af Innri endurskoðun sem skilar niðurstöðum til bankaráðs. Starfsemi Innri endurskoðunar tekur til allra starfs- eininga, einnig dótturfélaga bankans.

Helstu verkefni 2012

- » Innleiðing regluverks fyrir alla áhættuþætti markaðs-áhættu var samþykkt á árinu.
- » Eftirfylgni með mælingum áhættuvilja sér í lagi vegna gjaldeyrisáhættu.
- » Framkvæmt var endurmat á verkefnum útlánaeftirlits. Niðurstaða þess var að á haustdögum, í kjölfar endurskoðunar á stefnu bankans, var hafin vinna við að uppfæra virðismatsferli útlána. Einnig hefur þar áhrif að uppgjörsvinnu gagnvart LBI hf. lýkur miðað við stöðu 31.12.2012.
- » Innramatskerfi fyrirtækja hefur verið endurskoðað til að bæta notkun og gæði. Gæði lánshæfismatsins er lykilatriði við stjórn lánasafnsins þar sem lánshæfiseinkunn nýtist til að velja viðskiptavinum með gott lánshæfi og hafa áhrif á eða draga úr útlánunum til viðskiptavina með lakara lánshæfi.

Lykilverkefni 2013

- » Þróun og innleiðing áhættumælinga vaxta-áhættu utan veltubókar
- » Eftirfylgni með áhættuvilja vegna markaðs-áhættu
- » Stefnt er á að hefja loka-áfanga í innleiðingu vaktkerfis útlána (e. early warning system)
- » Endurbætt innramatskerfi einstaklinga

Eiginfjárförf

Landsbankinn endurbætti umgjörð um eiginfjárförf sína (e. economic capital) á árinu 2012. Umgjörðin gerir bankanum kleift að reikna eiginfjárförfinna og varpa með því ljósi á hversu mikið eigið fé bankinn þarf til

eðlilegs reksturs. Markmiðið er að mæla eiginfjárförf bankans vegna óvænts taps svo að ætíð sé fyrir hendi nægt eigið fé til að standast lögbundnar kröfur. Óvænt tap er skilgreint út frá 99,9% öryggismörkum og eins árs tímabili sem þýðir að 0,1% líkur eru á því að tap á eins árs tímabili verði stærra en útreiknuð eiginfjárförf. Þetta samræmist reglum Basel regluverksins og kröfum til aðila með lánshæfiseinkunn A.


Heildar eiginfjárförf bankans er 136 ma.kr. Eiginfjárförf grunnur ætti því að vera 15,5% af áhættugrunni hið minnsta út frá núverandi áhættu samkvæmt innramati. Metin lágmarks eiginfjárförf er því lægri en krafa Fjármálaeftirlitsins sem er 19,5%. Eiginfjárförf bankans lækkaði lítillega á árinu sem endurspeglar bættu áhættustöðu miðað við síðasta ár. Þetta má að mestu leyti rekja til batnandi gæða útlánasafnsins og nákvæmari mælingar á samþjöppun í lán-

takahópum. Útlánaáhætta er veigamesta áhætta bankans (56% af heildaráhættu) og samanlagt eru útlána- og samþjöppunaráhætta 64%. Laga- og stjórnvaldsáhætta jókst mest á árinu og er nú 14% af heildaráhættu.

Benda má á að erfitt er að meta ýmsar áhættur í rekstri bankans m.t.t. eiginfjárförf. Þar má sérstaklega benda á ófyrirséða laga- og stjórnvaldsáhættu og breytingar á lögum og reglum sem tengjast starfsemi bankans og geta valdið honum tjóni. Má þar sérstaklega nefna frumvarp til laga um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu og launamál bankastjóra Landsbankans. Það fyrirkomulag að utanaðkomandi aðili ákvarði laun og starfskjör bankastjóra takmarkar umboð stjórnar, skapar verulega rekstraráhættu og hefur einnig neikvæð áhrif á launastefnu fyrirtækisins.

Þróun á eiginfjárförf bankans 2012

Ma. kr.



Útlánaáætta

Útlánaáætta er skilgreind sem áhættan á því að bankinn verði fyrir fjárhagslegu tjóni ef aðili að fjármálagerningi stendur ekki við samningsbundnar skuldbindingar sínar.

Vegna fjármálakreppunnar og óvissu sem rekja má til dóma um lögmæti gengis-tryggðra lánasamninga ríkir enn óvissa um endanlega stöðu hluta lánasafns bankans þó dregið hafi úr henni. Hefðbundnar mælingar á útlánaáættu og fjöldi viðskiptavina á vaktlista endurspeglar þessa óvissu. Fjöldi

viðskiptavina með útlán voru 90.000 í árslok 2012. Þar af voru 5.000, eða 5,6%, í endurskipulagningu eða lögfræðiinnheimtu en 11.000, eða 12,5%, á vaktlista vegna vanskila eða annarra vísbendinga um greiðsluferfiðleika.

Undanfarin misseri hefur útlánageta í bankakerfinu og framboð á lánsfé verið mun meira en eftirspurn og samkeppni um ný útlán því mikil. Útlánastarfsemin hefur því í miklum mæli snúist um þjónustu við núverandi viðskiptavini og endurfjármögnun lána þeirra ásamt endurskipulagningu skulda viðskiptavina í

greiðsluferfiðleikum. Fjárhagsleg endurskipulagning fjölda viðskiptavina, bæði einstaklinga og fyrirtækja, og endurreikningur erlendra lána lækkaði 90 daga vanskil úr 14% í 8%. Á sama tíma hafa útreiknaðar meðallíkur á vanefndum lækkað úr 6,6% í 4,6% og hafa því gæði lánasafnsins batnað talsvert. Nokkur tími líður að jafnaði frá því að endurskipulagningu lýkur og þar til áhrif hennar skila sér í lánasafni bankans. Því má ætla að áhrif þeirrar endurskipulagningar sem þegar er lokið séu ekki komin fram að fullu.

Stefna og ábyrgð vegna útlánaáættu

- » Lánasafni bankans sé vel dreift milli atvinnugreina, útlánategunda og mismunandi trygginga
- » Lánveitingar grundvallist á áhættumati og verðlagning lána endurspeglar útlánaáættu
- » Gæði lánasafnsins metin út frá lánshæfiseinkunn
- » Lágmarka tapsáættu með fyrirbyggjandi aðgerðum
- » Arðbært lánasafn til lengri og skemmri tíma

Stýring samstæðunnar á útlánaáhættu byggir á virku eftirliti af hálfu bankaráðs, bankastjóra, Áhættu- og fjármálanefndar, lánanefndar og útlánadeilda Áhættustýringar. Útlánaáhættu er stýrt í samræmi við yfirlýstan áhættuvilja og útlánastefnu sem samþykkt er af bankaráði, sem og ítarlegar útlánareglur sem bankastjóri samþykkir. Yfirlýsing um áhættuvilja og útlánastefna kveða á um takmarkanir á áhættu af völdum stórra áhættuskuldbindinga einstakra lántaka eða hópa lántaka og vegna samsöfnunaráhættu.

Mat, mælingar og eftirlit með útlánaáhættu

Bankinn notar ýmiss konar mælingar og aðferðir til að stýra og meta útlánaáhættu. Helst ber að nefna eftirlit og mat á líkum á vanefndum viðskiptavina (e. probability of default (PD)), lánshæfiseinkunnir viðskiptavina, mælingar og eftirlit með vanskilum viðskiptavina og öflugt vöktunarkerfi útlána.

Útlánaáhætta er metin út frá þremur meginþáttum: Líkum á vanefndum (PD), tap að gefnum vanefndum (e. loss given default (LGD)) og áhættuskuldbindingum.

Til að mæla líkur á vanefndum hefur bankinn þróað

innramatskerfi sem felur í sér lánshæfislíkön. Markmið með þeim líkönum er að meta eiginleika lántakenda á fullnægjandi hátt, sundurliða gæði útlána og veita nákvæmt, samræmt mat á áhættu, s.s. líkum á vanefndum. Innri lánshæfiseinkunnir bankans og líkur á vanefndum gegna mikilvægu hlutverki við áhættustjórnun og almenna ákvarðanatöku um lánveitingar.


Innramatskerfið flokkar lántakendur eftir ákveðnum kvarða sem endurspeglar áhættu á vanefndum þeirra. Kvarðinn er á bilinu 1 - 10. Einkunnin 10 gefur til kynna mestu gæði útlána, 1 þau lökustu en þó ekki vanefndir, en einkunnina 0

fá lántakendur sem vanefnt hafa skuldbindingar sínar.


Úthlutun lánshæfiseinkunna og samþykkt þeirra eru samofnar útlánaferlinu og eru einkunnirnar endurskoðaðar og uppfærðar árlega hið minnsta og oftast ef upplýsingar um lántakanda eða lán gefa tilefni til.

Tap að gefnum vanefndum (LGD) er mælt með líkönum samkvæmt ramma Basel nefndarinnar um útreikning eiginfjárþarfar. Að auki hefur bankinn innleitt innra líkan fyrir tap að gefnum vanefndum sem tekur tillit til fleiri tegunda trygginga auk þess sem það er næmara fyrir veðstöðu en ofangreint líkan.


Einkunnadreifing - Einstaklingar



Einkunnadreifing - Fyrirtæki



Þróun vanskila yfir 90 daga – Vanskilahlutfall



Líkur á vanefndum

Gæði útlánasafnsins samkvæmt meðallíkum á vanefndum bötnuðu umtalsvert á árinu 2012. Láns-hæfiseinkunn viðskiptavina fór hækkandi á árinu og mælast líkurnar nú 4,6%, en þær voru 6,6% á árinu 2011. Gæði útlána til einstaklinga bötnuðu lítillega á árinu, en mestu munar um aukin gæði útlána til fyrirtækja. Hlutfall útlána til fyrirtækja sem fengu einkunnina 0, 1 og 2 lækkaði á sama tíma og hlutfall lána með láns-hæfiseinkunn 5, 6, 7 og 8 hækkadi, auk þess sem talsvert hlutfall útlána færðist upp um 2 á kvarðanum. Þetta stuðlar að lækkandi meðallíkum á vanefndum

og þar með bættum gæðum lánasafnsins.

Vanskil

Á árinu 2012 náði Landsbankinn því markmiði að 90 daga vanskil fóru niður fyrir 8%, en það hlutfall var 14% í upphafi árs. Frá ársbyrjun 2012 til ársloka lækkuðu útlán í yfir 90 daga vanskilum úr 92 ma.kr. í 55 ma.kr. Lækkunin skýrist að mestu leyti af því að lán fyrirtækja voru endurskipulögð, þeim komið í skil eða afskrifuð að hluta eða heild. Verulega dró úr nýjum vanskilum síðustu mánuði ársins, en haldi sú þróun áfram samhliða endurskipulagningu

mun vanskilahlutfallið halda áfram að lækka. Þetta má einnig að einhverju leyti þakka nákvæmari greiningu og auknu eftirliti með nýjum vanskilum þar sem lögð er áhersla á að bregðast sem fyrst við þegar vanskil myndast. Þá hafa útlánagæði batnað og meðallíkur á vanefndum lækkuðu jafnt og þétt síðustu mánuði ársins sem á sinn þátt í því að nýjum vanskilum fækkar.

Litaflokkun lánþega

Vaktkerfi útlána er rafrænt eftirlitskerfi sem flokkar mánaðarlega útlán bankans eftir stöðu viðskiptavinar. Vaktkerfið var tekið í notkun


árið 2011 og voru viðskiptavinir bankans litaflokkaðir í nokkrum áföngum. Á árinu 2012 hélt þróun kerfisins áfram og bættust þá ríflega 13 þúsund viðskiptavinir við.

Samþjöppunaráhætta

Samþjöppunaráhætta er mæld í stórum áhættuskuldbindingum og samþjöppun atvinnugreina í lánasafni. Samanlögð nettó áhættuskuldbinding 10 stærstu hópa tengdra viðskiptavina var 177 ma.kr. í lok árs 2012, eða sem nemur 85% af eiginfjárgrunni bankans, en hlutfallið var 93% árið áður. Tveir hópar tengdra viðskiptavina falla

Litaflokkun lánþega

Þús.



undir skilgreiningu FME um stórar áhættur, þ.e.a.s. áhættuskuldbindingu yfir 10% af eiginfjárgrunni bankans. Samanlögð áhættuskuldbinding þessara tveggja hópa var 32% af eiginfjárgrunni, en samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins má þessi áhætta vera að hámarki 400%. Litlar breytingar urðu á samþjöppun atvinnugreina á árinu. Lán til einstaklinga eru stærsti lánaflokkur bankans og þau veita um 29% af heildarútlánum. Sú atvinnugrein sem var hlutfallslega stærst er sjávarútvegur, eða sem nemur 21%.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er skilgreind sem áhættan á fjárhagslegu tapi af stöðu innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsverði. Áhættuþættir markaðsáhættu eru hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta innan veltubókar og gjaldeyrisáhætta.

Markaðsáhætta er samofin rekstri bankans vegna hluta- og skuldabréfaeignar ásamt opinnar gjaldeyrisstöðu í bókum bankans. Bankinn er enn fremur aðalmiðlari og viðskiptavaki með innlend ríkisskuldabréf og innlend hlutabréf ásamt því að veita viðskiptavinum þjónustu

sem getur falið í sér markaðsáhættu.

Innlendur hlutabréfamarkaður hefur eflst á árinu með nýskráningu þriggja félaga. Velta hefur aukist á markaði, sem endurspeglast í hækkun úrvalsvísitölunnar, en miklar sveiflur hafa einkennt gengi krónunnar á árinu. Skuldabréfamarkaður hefur haldið í horfinu og einkennist enn að langstærstum hluta af ríkis- og íbúðabréfum.

Stefna og ábyrgð á markaðsáhættu


Bankaráð ræður áhættustefnu og ákveður áhættu-

vilja bankans í heild, þar með talið markaðsáhættu. Áhættu- og fjármálanefnd tekur ákvarðanir sem varða stýringu og eftirlit með markaðsáhættu á grundvelli þeirrar áhættustefnu sem bankaráð hefur samþykkt. Markaðsáhættu bankans er stýrt af Fjárstýringu, en Áhættustýring sinnir eftirliti. Þá hefur bankinn samþykkt reglur sem ná yfir alla áhættuþætti markaðsáhættu.

Markmið með stýringu markaðsáhættu er að halda henni innan ásættanlegra marka, en tryggja samtímis besta nýtingu á samspili áhættu og ávöxtunar.

Þróun opinna gjaldeyrisstöðu sem hlutfall af eiginfjárgrunni

Ma. kr.



Mælingar og eftirlit

Bankinn styðst við ýmis tæki til að stýra og hafa eftirlit með markaðsáhættu. Ólíkir áhættuþættir kalla á fjölbreytta mælikvarða, en megináferðirnar sem bankinn styðst við eru nafnverðsgreining, greining á hagnaði og tapi, sviðsmyndir, næmnigreining, VaR (e. value at risk) og VBP (e. value per basis point) fyrir vaxtaáhættu. Þá eru einstakir áhættuþættir sem og heildarmarkaðsáhætta mæld sem áhættuvegið hlutfall af heildaráhættugrunni til samræmis við aðra áhættuþætti í rekstri bankans.

Áhættu- og fjármálanefnd ákvarðar heimildir einstakra eininga til stöðutöku í markaðsáhættu með hliðsjón af áhættuvilja bankaráðs.

Áhættuþættir markaðsáhættu hafa allir verið innan marka á árinu 2012, en töluvert hefur dregið úr heildarmarkaðsáhættu á árinu og er hún vel innan settra marka áhættuviljans í árslok. Þá hefur vaxtaáhætta haldist lág yfir árið.

Gjaldeyrisstaða bankans hefur verið sveiflukennd á árinu, en unnið hefur verið að því að mæta útgáfu skilyrts skuldabréfs til LBI hf. í árslok. Útgáfa bréfsins verður í erlendri mynt og

nafnverð þess skilyrt af umframvirði ákveðinna eigna og getur, miðað við fullar endurheimtur, numið 92 milljörðum króna. Opin gjaldeyrisstaða sem hlutfall af eiginfjárgrunni hefur þó haldist innan marka og er innan marka Seðlabankans í árslok.

Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er sú áhætta sem felst í því að bankinn eigi í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar á réttum tíma, eða að slíku uppgjöri fylgi óhóflegur kostnaður. Áhættuna má rekja til mögu-

legs misræmis í tímasetningu á greiðsluflæði eigna og skulda.

Lausafjárstaða bankans hefur verið sterk allt árið, og sterk lausafjárstaða gerði bankanum kleift að greiða niður höfuðstól skuldabréfs til LBI hf. í erlendri mynt um andvirði 72 milljarða króna í júní. Heildar lausafjäreignir bankans í árslok voru um 250 milljarðar króna.

Stefna og ábyrgð vegna lausafjárahættu

Bankinn hefur innleitt stefnu um stýringu lausafjár. Markmið stefnunnar

Þróun á grunnreiðslugetuhlutfalli innlána



er að tryggja að nægjanlegt lausafé og geta til að tryggja fjármögnun fjárhagslegra skuldbindinga sé ávallt fyrir hendi, bæði tímanlega og með hóflegum kostnaði, jafnvel við álagsaðstæður.

Áhættu- og fjármálanefnd mótar stefnu um lausafjárstýringu, hefur eftirlit með lausafjárstöðu bankans og er ráðgefandi um samsetningu eigna og skulda. Fjárstýring annast daglega lausafjárstýringu og tryggir að kröfur um laust fé séu uppfylltar, en Áhættustýring sinnir eftirliti með lausafjáráhættu.

Eftirlitsaðilar hófu innleiðingu á nýjum lausafjármælikvörðum, lausafjárþekju (e. LCR) og fjármögnunarþekju (e. NSFR) til samræmis við Basel III regluverkið á árinu

og bankinn hefur átt í góðu samstarfi við FME og Seðlabankann um innleiðingu þeirra. Gert er ráð fyrir að lausafjárþekja verði meginmælikvarði lausafjáráhættu árið 2013.

Mæling og eftirlit lausafjáráhættu

Helsti mælikvarði bankans á lausafjáráhættu er hlutfall grunnlausafjár og innlána, þ.e. grunnreiðslugetuhlutfall, sem sýnir hlutfall þeirra innlána sem bankinn getur greitt út fyrirvaralaust án verulegs taps. Áhættustýring framkvæmir vikulega álagspróf á lausafjárstöðu bankans samkvæmt innri reglum. Álagsprófin felast í því að prófa ýmis hugsanleg tilvik til að ganga úr skugga

um að laust fé sé nægjanlegt til að standast álag. Bankinn mun auka áherslu á nýtingu og innleiðingu nýrra mælikvarða í samræmi við Basel III regluverkið á árinu 2013.

Vaxtaáhætta utan veltubókar

Vaxtaáhætta utan veltubókar felst í þeim áhrifum sem vaxtabreytingar eigna og skulda utan veltubókar hafa á vaxtamun eða markaðsvirði eigin fjár.

Stærsti áhættuþáttur vaxtaáhættu liggur í misvægi endurverðlagningar (e. repricing) eigna og skulda bankans, þar sem innlán eru að mestu óbundin og laus en útlán eru almennt föst til mun lengri tíma.

Mæling og eftirlit vaxtaáhættu utan veltubókar

Helstu mælingar sem bankinn styðst við til að mæla vaxtaáhættu eru áætlun um vaxtamun (e. repricing gap), áhrif vaxtamunar á eigið fé og álagspróf út frá hliðrun vaxta. Áhættuvilji bankans setur ramma um heildarvaxtaáhættu bankans og vaxtaáhættunni er stýrt af Fjárstýringu undir eftirliti Áhættustýringar með hliðsjón af því. Áhættustýring hefur lagt áherslu á að þróa núverandi vaxtaáhættumælikvarða ásamt því að innleiða fleiri mælikvarða til að mæla vaxtaáhættu á árinu 2013.

Í núverandi efnahagsumhverfi hefur bankinn takmarkaða möguleika til að

stýra vaxtaáhættu, en það er almennt gert í gegnum vöruframboð bankans og áhersla jafnan lögð á að takmarka áhættu.

Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er skilgreind sem áhættan á fjárhagslegu tapi afleiðdu af svikum, mistökum, vanrækslu, óhagræði, kerfisbilunum eða utanaðkomandi atvikum. Áhætta vegna regluvörslu, þ.e. hættan á lagalegum viðurlögum og upplýsingatækniáhætta falla í þennan flokk. Brot gegn lögum og reglum, sem og bilanir í upplýsingakerfum, geta valdið bankanum umtalsverðu tjóni. Bankastjóri setur ítarlegar reglur um stýringu rekstraráhættu.

Stefna og ábyrgð vegna rekstraráhættu

Áhættustýring ber ábyrgð á að bankinn viðhaldi og þrói skilvirkt rekstraráhættustýringarferli sem er í samræmi við lagalegar kröfur og stefnu bankans um rekstraráhættu. Stýring rekstraráhættu er á ábyrgð viðkomandi forstöðumanns. Upplýsingaöryggi, almennt öryggi, fræðsla og þjálfun eru mikilvægir þættir við stýringu rekstraráhættu og því er unnið náið með þeim deildum sem að þeim koma. Umsjón með vottun samkvæmt ISO/IEC 27001, staðli um upplýsingaöryggi er á hendi Áhættustýringar, en Landsbankinn er einn banka á Íslandi með þessa vottun.

Samfelldur rekstur

Samfelldur rekstur snýst um starfsemi bankans í neyðartilfellum. Leitast er við að tryggja eins og unnt er rekstur bankans við slíkar aðstæður og stytta þann tíma sem það tekur að koma rekstri af stað eftir áfall. Áhættustýring hefur umsjón með gerð, endurskoðun og prófunum á rekstrarsamfellaætlanum ásamt þjálfun í notkun þeirra.

Mælingar og eftirlit

Bankinn notar grunnbendistærðir (e. basic indicator approach) við útreikning á eiginfjárbörf í tengslum við rekstraráhættu á samstæðugrunni. Bankinn fylgir tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2005/60/EB frá

14. júní 2006, sérstaklega fyrsta hluta viðauka 10, og reglum Fjármálaeftirlitsins um útreikning á eiginfjárbörf í tengslum við rekstraráhættu. Mat á rekstraráhættu er gert fyrir allar deildir og í kjölfarið gerðar úrbætur þar sem áhætta er umfram áhættuvilja bankans. Áhættustýring fylgist með og heldur skrá yfir tapsatvik og rekstraratvik, greinir orsakir þeirra og fylgir eftir nauðsynlegum úrbótum. Fylgst er reglulega með svokölluðum áhættuvísingum sem geta gefið vísbendingu um að áhætta í rekstri bankans fari vaxandi og sé umfram áhættuvilja. Atvikaskýrslur og eftirfylgni atvika eru einnig mikilvægur hluti af stýringu rekstraráhættu, enda draga greining og viðeigandi ráðstafanir í kjölfarið úr tapsáhættu sem hlýst af ófullnægjandi verkferlum.



Samfélagsleg ábyrgð og mannauður

Samfélagsleg ábyrgð er hluti af heilbrigðum fyrirtækjarekstri.

Í þeim anda hyggst Landsbankinn byggja upp samband við viðskiptavini, vera hreyfiafl í samfélaginu og tryggja um leið að rekstur og starfsemi bankans sé í sátt við umhverfið. Á sama tíma stefnir Landsbankinn að því að tryggja arðsemi fyrir hluthafa.

Landsbankinn birtir skýrslu um samfélagslega ábyrgð á vef sínum. Við gerð þeirrar skýrslu fylgir Landsbankinn viðmiðum Global Reporting Initiative, eða GRI, sem byggja á því að miðla upplýsingum um samfélagsábyrgð fyrirtækja á samanburðarhæfan hátt.

Samfélagsleg ábyrgð 86
Mannauður 96

Samfélagsleg ábyrgð

Landsbankinn ætlar sér veigamiknið hlutverk í uppbyggingu velferðar til framtíðar í íslensku samfélagi. Þetta endurspeglast í stefnu bankans sem samþykkt var árið 2010.

Þó svo að Landsbankinn hafi sett sér sérstaka samfélagsstefnu er lögð rík áhersla á að samfélagsábyrgð sé samþætt stefnumörkun bankans í heild. Samfélagsábyrgð verður með þeim hætti beinn hluti af starfsemi bankans, en ekki afmarkað verksvið.

Síðla árs 2010 ákvað Landsbankinn að ráða til starfa sérfræðing í samfélagsábyrgð fyrirtækja sem hafa ætti það verkefni að innleiða samfélagslega ábyrgð í starfsemi bankans. Þó svo að hugmyndafræði samfélagsábyrgðar sé ekki ný af nálinni þá hefur ekkert ís-

lenskt fyrirtæki áður nálgast málaflokkinn á þann hátt sem Landsbankinn hefur gert. Þetta frumkvæði hefur vakið verðskuldaða athygli og áhuga á því hvernig innleiðingu samfélagsábyrgðar í bankanum er háttað.

Landsbankinn gefur árlega út samfélagsskýrslu með hliðsjón af viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI). Þar er miðlað upplýsingum um málaflokkinn sem eru samanburðarhæfar á milli ára. Hún á einnig að þjóna sem COP skýrsla (e. communication on progress) hjá Global Compact. Samfélagsskýrsla Landsbankans árið

2012 er aðgengileg á vef bankans. Í henni er samfélagsstarfi Landsbankans lýst og grein gerð fyrir 41 skilgreindu viðmiði, eða vís-um, sem snerta efnahagsmál, mannauð, viðskiptavininn, umhverfismál, mannréttindi og félagsleg málefni.

Hvernig birtist samfélagsábyrgð í Landsbankanum?

Samfélagsábyrgð og þeirri hugsun sem hún byggir á er ætlað að hafa áhrif á alla starfsemi bankans, allt frá rekstri til útlána og fjár-

festinga. Tvö af megineinkennum samfélagsábyrgðar eru að hún er innleidd af fúsum og frjálsum vilja og að hún tekur almennt við þar sem lögum og reglum sleppir. Aðskilnaðurinn milli samfélagsábyrgðar og lagaskyldu er á hinn bóginn ekki ávallt augljós. Á Norðurlöndum er búið að innleiða í lög það sem í öðrum löndum telst enn samfélagsábyrgð, til dæmis ýmis ákvæði um mannréttindi, vinnumarkað og jafnrétti. Oft hefur reynst tafsamt að innleiða helstu viðmið samfélagsábyrgðar í fyrirtækjum, enda er óumdeilt að fyrirtæki þurfa að endurskoða margt í



Landsbankinn var bakhjarl landssöfnunarinnar „Á allra vörum“ en safnað var fyrir stuðningsmiðstöð fyrir alvarlega langveik börn.

starfsháttum sínum á meðan á innleiðingu stendur.


Innleiðing

Í janúar 2012 voru kynntar nýjar áherslur og stofnaðir sex stýrihópar sem eiga að greina bestu viðmið í hverjum málaflokki fyrir sig, greina hvar Landsbankinn stendur í samanburði við þau viðmið, koma með tillögur til framkvæmdastjórnar um verkefni sem bankinn á að ráðast í og fylgja þeim verkefnum eftir.

Viðfangsefni stýrihópanna eru:

- » Viðskiptavinurinn
- » Samfélagsþátttaka (stuðningur við samfélagið)
- » Samskipti við birgja og sala eigna
- » Umhverfismál
- » Ábyrgar fjárfestingar
- » Samræmd skýrslugjöf

Innleiðing samfélagsábyrgðar hefur í raun öll einkenni breytingastjórnunar. Skýr markmið og skilningur starfsmanna er grundvallaratriði breytingastjórnunar og forsenda þess að innleiðing verði árangursrík.



Samstarf á sviði samfélagsábyrgðar

Í því skyni að auka gagnsæi tekur Landsbankinn þátt í margvíslegu samstarfi á sviði samfélagsábyrgðar bæði á Íslandi og á erlendum vettvangi. Eftirfarandi eru helstu samtök sem Landsbankinn á aðild að:

- » **Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð**
Landsbankinn var einn af stofnaðilum Festu árið 2011.
- » **United Nations Global Compact Nordic Network**

Landsbankinn er þátttakandi í Global Compact á heimsvísu og félagi í Global Compact á Norðurlöndum.

- » **United Nations Environmental Programme Finance Initiative – UNEP FI**
Landsbankinn er einn af stofnaðilum UNEP FI.
- » **United Nations Principles for Responsible Investment – UN PRI**
Landsbankinn sótti um aðild að UN PRI í desember 2012. Sú umsókn var samþykkt í byrjun árs 2013.

Á vegum Festu hefur verið virkt samstarf milli fyrirtækja og stofnana í tengslum við samfélagsábyrgð fyrirtækja á Íslandi. Sérfræðingur Landsbankans í samfélagsábyrgð hefur gegnt hlutverki varaformanns stjórnar Festu frá stofnun miðstöðvarinnar í október 2011.

United Nations Finance Initiative (UNEP FI) er alþjóðlegt net fjármálafyrirtækja innan vébanda Sameinuðu þjóðanna sem afla upplýsinga og miðla af reynslu sinni í ýmsum málaflokkum tengdum samfélagsábyrgð. Á síðasta ári héldu starfs-

menn UNEP FI námskeið um samfélagsáhættu lánveitinga og fjárfestinga fyrir bankaráð Landsbankans, framkvæmdastjórn, forstöðumenn og þá deildarstjóra sem málefnið snertir.

Annar mikilvægur vettvangur fyrir umræður varðandi samfélagsábyrgð er hinn norræni armur Global Compact verkefnis Sameinuðu þjóðanna, en Landsbankinn tekur virkan þátt í starfsemiinni, miðlar af sinni reynslu og freistar þess að læra af norrænum fyrirtækjum sem mörg standa framarlega á sviði samfélagsábyrgðar.



Útibúið á Akureyri upplýst í tilefni af mánuði Bleiku slaufunnar.

Stærstu verkefni á sviði samfélagsstuðnings sem Landsbankinn tók þátt í á árinu voru:

Þróunarsjóður ferðaþjónustunnar – Ísland allt árið	40.000.000 kr.
Samfélagsstyrkir – 40 styrkir	20.000.000 kr.
Nýsköpunarstyrkir – 23 styrkir	15.000.000 kr.
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum	10.000.000 kr.
Knattspyrnusamband Íslands	8.000.000 kr.
Námsstyrkir – 15 styrkir	5.400.000 kr.
Umhverfisstyrkir – 14 styrkir	5.000.000 kr.
Atvinnu- og nýsköpunarhelgar Innovits og Landsbankans	4.400.000 kr.
Afrefsstyrkir – 12 styrkir	3.400.000 kr.
Á allra vörum – landssöfnun til styrktar stuðningsmiðstöð fyrir börn með sjaldgæfa, alvarlega og ólæknandi sjúkóma	3.000.000 kr.
Landssöfnun til stuðnings fjárbændum vegna óveðurs	3.000.000 kr.
Menningarnæturjóður	3.000.000 kr.
Sjónarhóll	2.500.000 kr.
Leikfélag Akureyrar	2.200.000 kr.
Innovit – Gulleggið	1.750.000 kr.
ÚTÓN – Útflutningsskrifstofa tónlistarinnar	1.500.000 kr.
Ljósanótt - bæjarhátíð í Reykjanesbæ	1.000.000 kr.
Háskólinn á Akureyri	1.000.000 kr.
SÍBS – vegna endurnýjunar tækjabúnaðar í Múlalundi	1.000.000 kr.



Við afhendingu fyrri úthlutunar samfélagsstyrkja Landsbankans.

Í framhaldi af samþykki umsóknar Landsbankans um aðild að samtökunum Principles for Responsible Investments (PRI) í byrjun þessa árs mun bankinn fljótlega hefja samstarf með samtökunum. PRI stuðlar að aukinni ábyrgð í fjárfestingum, en samkvæmt þeim viðmiðum þarf að taka tillit til umhverfis- og félagslegra þátta, sem og ábyrgra stjórnarháttá í fjárfestingum. PRI starfar náið með UNEP FI.

Stuðningur við samfélagið 2012

Það er hlutverk Landsbankans að styðja íslenskt samfélag með öflugum og fjölbreyttum hætti. Alls nam beinn fjárhagslegur stuðningur bankans um 130

milljónum króna árið 2012. Við það bætist bein þátttaka starfsfólks með ráðgjöf og sjálfböðastarfi í fjölmörgum samstarfsverkefnum.

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans gegnir lykilhlutverki í stuðningi bankans við samfélagið. Árið 2012 voru veittar fimm tegundir styrkja: Afreksstyrkir, námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, umhverfisstyrkir og samfélagsstyrkir og nam heildarupphæð styrkja úr sjóðnum 48,8 milljónum króna á árinu. Dórnefndir voru skipaðar fagfólki utan bankans að meirihluta.

- » **Samfélagsstyrkir**
Um 850 umsóknir bárust, en veittir voru 40 styrkir að upphæð samtals 20 milljónir kr.

- » **Námsstyrkir**
Yfir 1000 umsóknir bárust, en veittir voru styrkir að upphæð 5,4 milljónir kr.
- » **Nýsköpunarstyrkir**
Um 250 umsóknir bárust, en veittir voru styrkir að upphæð 15 milljónir kr.
- » **Umhverfisstyrkir**
Um 130 umsóknir bárust, en veittir voru styrkir að upphæð 5 milljónir kr.
- » **Afreksstyrkir**
Um 130 umsóknir bárust, en veittir voru styrkir að upphæð 3,4 milljónir kr.

Sjálfböðastarf og ráðgjöf

Landsbankinn leitast við auka beina þátttöku starfsmanna í samfélagsverkefnum meðal annars með ráðgjöf og sjálfböðastarfi á vinnutíma. Á síðasta ári lögðu starfsmenn fram vinnu sína við jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar í Reykjavík og í lands-

söfnuninni „Á allra vörum“ til stuðnings fyrir börn sem fædd eru með sjaldgæfa, alvarlega og ólæknandi sjúkóma.

Landsbankinn hefur enn fremur boðið fram sérfræðipækkingu starfsmanna við ráðgjöf á ýmsum sviðum sem tengjast fjármálum og nýsköpun. Haldin hafa verið námskeið og fjármálakvöld um land allt. Þá hafa starfsmenn setið í dórnefndum, meðal annars í Gullegginu, frumkvöðlakeppni Innovit sem Landsbankinn styrkir. Loks hafa starfsmenn tekið þátt í Atvinnu- og nýsköpunarhelgum sem haldnar hafa verið um land allt í samvinnu við Innovit. Þar hafa starfsmenn metið viðskiptaáætlanir og veitt ráðgjöf.

Samfélagstengd verkefni

Samgöngusamningur

Landsbankinn hefur lagt ríka áherslu á að auðvelda starfsmönnum að nýta vistvæna samgöngumáta til og frá vinnu. Í maí 2012 byrjaði bankinn að bjóða fastráðnum starfsmönnum að skrifa undir samgöngusamning. Í samningnum er kveðið á um að starfsmenn verði að nýta vistvæna samgöngumáta að meðaltali þrisvar sinnum í viku á leið sinni til og frá vinnu. Þeir sem skrifa undir samninginn geta ekki notið bílastæðastyrks á sama tíma. Frá því að Landsbankinn hóf að bjóða samgöngusamning hafa 359 starfsmenn skrifað undir hann. Um áramótin

voru 325 starfsmenn með virkan samgöngusamning sem þýðir að 36 hafa sagt upp samningnum eða hætt störfum hjá bankanum.

Jafnréttisstefna

Landsbankinn samþykkti nýja jafnréttisstefnu með aðgerðaáætlun og mælanlegum markmiðum í upphafi árs 2012. Ákvæði stefnunnar og mælikvarðarnir taka mið af lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, auk viðmiða GRI sem tengjast mannauðsmálum. Framkvæmd stefnunnar liggur

hjá Mannauðsdeild bankans, en jafnréttisnefnd ber ábyrgð á reglubundnu eftirliti með mælikvörðum og endurskoðun stefnunnar.

Siðasáttmáli

Siðasáttmáli Landsbankans var samþykktur árið 2011. Í bankanum er nefnd sem sér um uppfærslu á siðasáttmálanum, svarar spurningum og tekur á móti ábendingum. Í nefndinni sitja Regluvörður, sérfræðingur í samfélagsábyrgð, Mannauðsstjóri og formaður starfsmannafélagsins. Siðasáttmálinn er endurskoðaður árlega og er auglýst eftir athugasemdum frá starfsmönnum á innra neti bankans.

Eftir að siðasáttmálinn var samþykktur hafa fyrirspurnir og athugasemdir tengdar siðareglum aukist verulega, auk þess sem umfjöllun um siðferðileg málefni hefur aukist. Það er því mat bankans að sáttmálinn hafi haft jákvæð áhrif.

Umhverfismál

Landsbankinn réðst í nokkur verkefni á árinu til að minnka umhverfisspor bankans, koltvísyringslosun og notkun óendurnýjanlegra auðlinda.

- » Eldri, eyðslufrekari bílum var skipt út fyrir metanbíla og bíla sem uppfylla skilyrði Reykjavíkurborgar um umhverfsvæna bíla. Þetta leiddi til 15% minni koltvísyringslosunar en árið áður.
- » Landsbankinn hafði frumkvæði að því að hefja innleiðslu á flýtibílum (skammtímaleigu á bílum) í Reykjavík.
- » Upplýsingatæknideild Landsbankans réðst í tæknibreytingar á tækjasal á árinu meðal annars til að minnka orkuþörf.
- » Hafin var innleiðing á nýju prentumsjónarkerfi sem mun minnka útrentun pappírs um 15% hjá bankanum.
- » Á árinu var unnið að undirbúningi Svansvottunar mótuneytis bankans.

Heildarframlag vegna samfélagsstuðnings bankans er eftirfarandi:

2012

130.000.000 kr.

2011

127.000.000 kr.

2010

100.000.000 kr.

Leggðu góðu málefni lið

Landsbankinn nýtur þess að eiga fullmótaða þjónustu, í netbönkum einstaklinga og fyrirtækja. Þar geta einstaklingar og fyrirtæki gerst áskrifendur að góðu málefni, en hægt er að velja yfir 80 góð málefni. Leggðu góðu málefni lið er gott dæmi um samfélagsverkefni sem er nátengt meginstarfsemi Landsbankans.

Menningarnótt

Landsbankinn hefur verið virkur þátttakandi í Menningarnótt frá upphafi og hefur hvort tveggja opnað dyr sínar fyrir gestum og gangandi og verið bakhjarl hátíðarinnar alla tíð. Það hefur verið bankanum kappsmál að fjárstuðningur hans renni beint til listamanna og -hópa sem skipuleggja viðburði á Menningarnótt. Til að ná því markmiði var stofnaður sérstakur Menningarnæturpottur á vegum Höfuðborg-

arstofu og Landsbankans. Markmið hans er að veita frumlegum og sérstökum hugmyndum brautargengi. Veittir eru margir hóflegir styrkir þannig að sem flestir fái notið góðs af. Menningarnæturpotturinn hefur reynst góð útfærsla á farsælu bakhjarlasamstarfi Höfuðborgarstofu og Landsbankans.

Samstarf við íþróttafélög

Samningar við íþróttafélög er þáttur í samfélagsstuðningi bankans og mikilvægur liður í markaðsstarfi útibúa. Samstarfið við íþróttafélögin hefur verið mjög farsælt og stendur víða traustum fótum. Megináhersla hefur verið lögð á stuðning við barna- og unglingastarf, en víða er afreksstarf styrkt samhliða. Útibúin bera kostnað við íþróttasamninga, en eiga samstarf við markaðsdeild um útfærslu þeirra og nýtingu á ávinningi.



Landsbankinn hefur verið bakhjarl Menningarnætur frá upphafi og að venju var fjölbreytt dagskrá í útibúinu við Austurstræti.



Tíundi bekkur í Tjarnarskóla bar sigur úr bítum í Raunveruleikum haustið 2012.

Samfélag í nýjan búning

Samfélag í nýjan búning er yfirskrift stefnu sem Landsbankinn hefur sett sér um stuðning bankans við íþróttafélög. Landsbankinn styrkir íþróttafélög um land allt og markmið verkefnisins er að tengja saman stuðning bankans við íþróttir og mannúðarmál. 25 íþróttafélög og jafn mörg málefni eru þátttakendur í verkefninu.

Hugmyndafræði stefunnar er nýstárleg. Landsbankinn afsalar sér öllum merkingum á búningum samstarfsfélaga og býður íþróttafélögum að velja gott málefni til að setja á búninga sína.

Samhliða er stofnaður áheitasjóður fyrir málefnið og félagið. Fyrir hvern sigur í deildakeppni greiðir Landsbankinn tiltekna upphæð. Íþróttafélagið á þann kost að bjóða fyrirtækjum og einstaklingum að heita á sig og málefnið. Öll áheiti skiptast jafnt milli málefnis og íþróttafélags.

Íþróttafélagið heldur styrk sínum samkvæmt samningi við bankann. Við upphaf samstarfs veitir Landsbankinn málefninu styrk að upphæð 500.000 kr. Landsbankinn greiðir áheiti að upphæð 10.000 kr. fyrir hvern sigur í efstu deild Íslandsmóts meistaraliða karla og kvenna.

Raunveruleikurinn

Raunveruleikurinn er gagnvirkur hermileikur, sem fer fram á netinu og er ætlaður sem fjármála- og samfélagsfræðsla í lífsleiknitímum 9. og 10. bekkjar grunnskóla. Með Raunveruleikum fá nemendur innsýn í þær ákvarðanir sem venjuleg manneskja þarf að taka og þau tækifæri sem bjóðast og hún þarf að nýta. Árið 2005 hlaut Raunveruleikurinn verðlaun norrænu ráðherra-nefndarinnar sem besta námsefnið um neytendamál. Raunveruleikurinn er dæmi um samfélagsverkefni sem er nátengt meginstarfsemi Landsbankans.

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn leggur mikla áherslu á almenna fjármálaráðgjöf til viðskiptavina sinna. Bankinn hefur um nokkurra missera skeið skipulagt sérstök fræðslukvöld undir heitinu Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld. Þau hafa verið haldin um allt land.



Landsbankinn hélt Iceland Innovation UnConference í fyrsta skipti í nóvember en tilgangurinn var að aðstoða sprotafyrirtæki við að ná betri árangri í sínu starfi.

Umræðan og Fjárhagur

Landsbankinn vill stuðla að og taka virkan þátt í mál-efnalegri umræðu og fræðslu um efnahagslífið og fjármál fyrirtækja og einstaklinga. Framlag okkar er opnun nýs vefsvæðis sem ber heitið Umræðan – umraedan.landsbankinn.is.

Á Umræðunni birta sérfræðingar utan sem innan bankans greinar og skiptast á skoðunum um málefni dagsins á innlendum og erlendum vettvangi. Markmiðið er að til verði lifandi vettvangur fyrir þá sem vilja fylgjast með faglegri umfjöllun um efnahagsmál.

Fjárhagur er vefsvæði á Umræðuvef Landsbankans, tileinkað fræðslu um fjármál. Hér miðla starfsmenn Landsbankans af þekkingu sinni og reynslu um málefni er snerta fjármál heimilisins og efnahagsmál. Hér má einnig finna ýmiss konar verkfæri sem geta hjálpað til við skipulag fjármála heimilisins.

Ísland allt árið

Landsbankinn og iðnaðarráðuneytið komu á fót próunarsjóði til þess að styðja við markaðsátakið Ísland allt árið, þriggja ára verkefni sem ætlað er að styðja við lengingu ferðamannatímans á Íslandi.

Heildarframlag stofnenda sjóðsins var 70 milljónir króna. Sjóðnum er ætlað að taka virkan þátt í uppbyggingu þeirra fyrirtækja og verkefna í ferðaþjónustu sem skapað geta heilsársstörf og aukið tekjur í þessari mikilvægu atvinnugrein.

Stefnt er að því að nýta vel þá sérþekkingu sem þegar er til í útibúaneti Landsbankans og undirstofnunum iðnaðarráðuneytisins (Bygðastofnun, Ferðamálastofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands), til að styðja við einstök verkefni og treysta tengsl sjóðsins við ferðaþjónustuna.

Studd hafa verið verkefni einstakra fyrirtækja sem haft geta áhrif til lengingar

ferðamannatíma á tilteknum svæðum annars vegar og hins vegar samstarfsverkefni fyrirtækja.

Atvinnu- og nýsköpunarhelgar og Gulleggið

Landsbankinn stendur fyrir viðburðum sem gagnast frumkvöðlum með beinum hætti. Ásamt Innovit stendur bankinn fyrir Atvinnu- og nýsköpunarhelgum. Markmið þeirra er að skapa vettvang fyrir nýsköpun og efla þannig atvinnusköpun í landinu. Haldnar voru nokkrar slíkar helgarveturinn 2012. Að auki er Landsbankinn einn meginbakhjarla Gulleggsins, frumkvöðlakeppni Innovit.

Háskólasjóður Eimskipafélagsins

Háskólasjóður h/f Eimskipasjóðurinn er í vörslu Landsbankans og hefur starfað í núverandi mynd frá árinu 2005. Það ár voru gerðar veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi sjóðsins með það að markmiði að veita styrki til stúdenta í rannsóknartengdu framhaldsnámi við Háskóla Íslands. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum eftir þær breytingar fór fram árið 2006 og síðan hafa nærri 80 doktorsnemar í fjölmörgum fræðigreinum stundað rannsóknir og nám við Háskóla Íslands með stuðningi sjóðsins.

Stjórn Háskólasjóðs h/f Eimskipafélags Íslands skipa

Gunnar Helgi Hálfðanarson, formaður bankaráðs Landsbankans, Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands. Gunnar Helgi er formaður stjórnar sjóðsins.

Lánatryggingasjóðurinn Svanni


Í samstarfi við Svanna – lánatryggingasjóð kvenna veitir Landsbankinn konum í atvinnurekstri lán sem sjóðurinn og bankinn ábyrgjast sameiginlega. Landsbankinn veitir helming ábyrgðar á móti sjóðnum og tryggir þannig konum í nýrri starfsemi rýmri aðgang að fjármagni en ella og eykur möguleika



Landsbankinn bauð starfsfólki upp á hjólaviðgerðir í tilefni af landsátakinu Hjólað í vinnuna í maí 2012.

þeirra til að stofna fyrirtæki. Samstarfssamningurinn er liður Landsbankans í að

efla atvinnulíf og hvetja til nýsköpunar í landinu.



Mannauður 2012

Landsbankinn ætlar að vera eftirsóttasti vinnustaður landsins þar sem metnaður, frumkvæði og hæfileikar starfsfólks fá að njóta sín. Öflugir og sterkir stjórnendur gegna lykilhlutverki í þessari framtíðarsýn, bæði sem virkir þátttakendur og sem fyrirmyndir.

Mannauðsstefna

Í kjölfar skipulagsbreytinga Landsbankans haustið 2012 er nú unnið að endurnýjun mannaúðsstefnu bankans. Hún verður kynnt og innleidd á fyrsta og öðrum ársfjórðungi ársins 2013. Mannauðsstefna er lykilatriði til að tryggja skýrar

áherslur í mannaúðsmálum og eitt af verkefnum ársins er að leggja fram lýsingu á lykilatriðum mannaúðsstefnu bankans sem og áætlun um aðgerðir sem koma munu hugmyndafræði og áherslum stefnu bankans til skila. Mannauðsstefnan gefur sterkar vísbendingar um þá fyrirtækjamenningu sem bankinn vill byggja upp


til að ná fram fyrirmyndar fyrirtækjamenningu sem starfsfólk getur sameinast um.

Frammistöðusamtal

Á árinu 2012 var lögð mikil vinna í að undirbúa og skipuleggja frammistöðu-

samtal fyrir alla starfsmenn bankans. Þróaðar hafa verið leiðir til að draga fram hæfniskröfur til hvers starfsmanns í samtalinu þannig að viðtalið endurspegli hlutverk hans í bankanum. Í janúar 2013 höfðu flestir starfsmenn bankans átt frammistöðusamtal við sinn yfirmann.

Vinnustaðagreining febrúar 2013



Innleiðing frammistöðusamtals boðar áherslubreytingar í mannauðsmálum Landsbankans. Starfsmenn fá nú skýrari umsögn um störf sín, bæði þau sem vel hafa gengið og einnig það sem kallar á úrbætur eða breytingar. Ennfremur er hægt að gera hverjum og einum starfsmanni betur grein fyrir þeim markmiðum sem að honum snúa. Með þessum hætti munu stjórnendur fá heildstæðari sýn á mannauð bankans.

Jafnréttismál

Landsbankinn hefur unnið að því að jafna hlut kynja í stjórnnum og stjórnunar-

stöðum. Í jafnréttisstefnu bankans kemur fram að „Landsbankinn greiðir konum og körlum jöfn laun og býður sömu kjör fyrir jafn verðmæt störf.“

Vinna við endurskoðun á jafnréttisstefnu bankans hófst á árinu 2011. Í þeirri vinnu var meðal annars leitað til Jafnréttisstofu og UN Women á Íslandi.

Jafnrétti getur tekið á sig ýmsar myndir, en jafnréttisnefnd ákvað að afmarka sig í upphafi við jafnrétti kynjanna. Í febrúar 2012 samþykkti framkvæmdastjórn Landsbankans nýja jafnréttisstefnu með aðgerðaráætlun í 6 liðum og skilgreindum mælikvörðum.


Mælikvarðarnir taka mið af lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og rétt kvenna og karla, og af viðmiðum Global Reporting Initiative (GRI) sem tengjast mannauðsmálum. Allar greinar stefnunnar og mælikvarðar hafa beina tilvísun í ofangreind lög og alþjóðleg viðmið.

Megináherslur í jafnréttismálum eru:

- 1 Landsbankinn er vinnustaður þar sem karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa og stjórnarsetu.
- 2 Landsbankinn stefnir að jöfnu hlutfalli kynja meðal starfsmanna og að ákveðin störf flokkist

ekki sem sérstök karla- eða kvennastörf.

- 3 Landsbankinn greiðir konum og körlum jöfn laun og býður sömu kjör fyrir jafn verðmæt störf.
- 4 Landsbankinn er vinnustaður þar sem starfsmenn geta samræmt vinnu og einkalíf.
- 5 Landsbankinn líður ekki einelti, fordóma, kynbundna eða kynferðislega áreitni.
- 6 Landsbankinn gætir þess að konur og karlar hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.



* Mælt innan starfseininga.

Vinnustaðagreining

Landsbankinn framkvæmir árlega ítarlega vinnustaðagreiningu meðal starfsmanna og var sú nýjasta gerð í byrjun árs 2013. Greiningin gefur mikilvæga vísbendingu um viðhorf starfsmanna til vinnustaðarins og um starfsánægju þeirra.

Niðurstöður greiningarinnar gefa sterklega til kynna að

starfsmenn séu ánægðir með Landsbankann sem vinnustað, aðbúnaður sé góður, liðsheildin sterk og væntingar, markmið og framtíðarsýn skýr. Stolt starfsmanna, „Ég er stolt(ur) af því að vinna hjá Landsbankanum“, mælist nú í fyrsta skipti sem styrkleiki í rekstri Landsbankans samkvæmt aðferðafræði Capacent, en alls flokkast niðurstöður 28 af 48 spurningum sem styrkleiki samkvæmt nálguninni.

Almennt eru niðurstöðurnar því mjög jákvæðar, en starfsmenn upplifa þó skert starfsöryggi og má án efa rekja það til umræðu um hagræðingu í bankakerfinu í heild og Landsbankanum sérstaklega.

Starfsmannahópurinn

Landsbankinn hefur notið þess að hafa í sínum röðum bæði hæft og reynt starfsfólk.

Fjöldi starfsmanna bankans hefur starfað við bankastarfsemi í áratugi og margir í áratugi hjá Landsbankanum og LBI hf., forvera hans. Langflestir starfsmanna eru í fullu starfi og flestir vinna á höfuðborgarsvæðinu. Flestir starfsmenn eru á aldrinum 30 – 50 ára. Í heildina eru konur mun fleiri en karlar.

Fjöldi stöðugilda

	Karl	Kona	Samtals
Landið	42	224	266
Höfuðborgarsvæðið	418	549	967
Samtals	460	773	1.233

Starfsmenn, skipt eftir aldri og kyni

Aldur	<30	30-50	50<
Karl	58	293	110
Kona	84	402	286
Samtals	142	695	396

Meðalaldur starfsmanna er 43 ár og meðal starfsaldur er 12 ár.

Fræðslumál 2012

Það er stefna Landsbankans að í bankanum starfi hæft, metnaðarfullt og ánægt starfsfólk. Í fræðslustarfi bankans er lögð áhersla á að bjóða:

- » Markvissa fræðslu og þjálfun sem tryggir nauðsynlega þekkingu og hæfni til að ná árangri í starfi.
- » Fjölbreytta fræðslu sem stuðlar að því að efla einstaklinginn.
- » Styrki til að sækja nám/fræðslu utan bankans.

Þátttaka í fræðslu

Mikill meirihluti starfsmanna bankans var virkur í fræðslustarfi á árinu. 83% starfsmanna nýttu sér a.m.k

einu sinni námskeið eða annars konar fræðslu sem í boði er. Hver starfsmaður sótti að meðaltali fjögur námskeið eða aðra fræðslu á árinu 2012 og ef miðað er við fjölda stöðugilda varði hver starfsmaður 16 klukkustundum á árinu í fræðslu.

Markviss fræðsla fyrir starfsmenn útibúa

Á árinu 2012 var lögð sérstök áhersla á markvissa fræðslu fyrir þá starfsmenn útibúa sem annast samskipti við viðskiptavini. Þeir fylgja nú námslínunum sem ætlað er að auka hæfni í starfi. Um er að ræða þrjár leiðir, þ.e. fyrir gjaldkera, einstaklingsþjónustu og fyrirtækjþjónustu.


Vottun fjármálaráðgjafa

Árið 2012 hlutu 11 starfsmenn Landsbankans vottun sem fjármálaráðgjafar eftir að hafa sótt umfangsmikið námskeið sem rekið er sameiginlega á vegum Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), Fjármála og efnahagsráðuneytisins, Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), Háskóla Íslands, Viðskiptaháskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík. Stefna bankans er að á næstu árum muni allir starfsmenn sem starfa við alhliða fjármálaráðgjöf til einstaklinga fá vottun sem fjármálaráðgjafar.


Stjórnendapjálfun – Forysta til fyrirmyndar

Snemma árs 2012 var hleypt af stokkunum stjórnendapjálfun undir yfirskriftinni Forysta til fyrirmyndar. Markmiðið var fyrst og fremst að auka faglega hæfni stjórnenda, en einnig var þjálfuninni ætlað að stilla saman strengi, tryggja upplýsingaflæði og skapa stjórnendum vettvang til að hittast. Sett voru upp þrjú námskeið á vorönn sem allir stjórnendur þurftu að sækja, leiðtogahæfni, stefnumiðuð stjórnun og fyrirtækjamening. Á haustönn var áherslan lögð á mannauðsstjórnun og persónulega færni stjórnandans.

Þátttaka starfsmanna í fræðslustarfi 2012



Tók þátt í fræðslu



Óvirkur í fræðslu




Helstu atriði ársreiknings

„**Afkoma ársins 2012 er góð** og bankinn býr að sterkri eiginfjár- og lausafjárstöðu sem gefur honum sóknarfæri. Styrkur bankans felst ekki síður í viðskiptavinum hans og er sérstaklega ánægjulegt að sjá að ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja eru hjá Landsbankanum samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni. Enn er þó verk að vinna. Tryggja þarf bankanum örugga langtíma- fjármögnun eigi síðar en 2015, ljúka endurskipulagningu skulda viðskiptavina, fá niðurstöðu um endurútreikning gengistryggðra lána og tryggja hagkvæmni í rekstri þannig að stöðugt sé hægt að bæta þjónustuna við viðskiptavini og skila þeim, hluthöfum og samfélaginu ávinningi af starfi bankans til framtíðar.“


Kennitölur	2012	2011
Hagnaður eftir skatta	25.494	16.957
Hreinar rekstrartekjur	49.141	30.744
Hreinar vaxtatekjur	35.584	32.649
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta	14,0%	8,1%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	12,0%	8,4%
Arðsemi eigin fjár samkvæmt skilgreiningu Bankasýslu	9,9%	10,2%
Eiginfjárlutfall (CAR)	25,1%	21,4%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	3,2%	2,9%
Vaxtamunur + virðisbr í hlutfalli af mst heildareigna	2,8%	0,8%
Kostnaðarlutfall *	45,0%	40,6%
Lausafjárlutfall	48,4%	42,9%
Heildareignir	1.084.787	1.135.482
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	158,2%	144,1%
Stöðugildi	1.233	1.311

* Kostnaðarlutfall = Rekstrargjöld alls / (Hreinar rekstrartekjur - virðisbreytingar útlána)


Kostnaðarlutfall



Eiginfjárlutfall (CAR)




Arðsemi eigin fjár



Rekstrarhagnaður Landsbankans nam 25,5 milljörðum króna á árinu 2012 samanborið við 17,0 milljarða króna á árinu 2011. Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 12,0% samanborið við 8,4% á árinu 2011. Eiginfjárlutfall bankans (CAR – Capital Adequacy Ratio) hefur aldrei verið hærra og nam það 25,1% í árslok 2012. Í ársbyrjun 2010 var hlutfallið 14,9%.

Efnahagsreikningur – eignir	31.12.2012	31.12.2011	Breyting 2012	%
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	25.898	8.823	17.075	194%
Kröfur á lánastofnanir	64.349	100.133	-35.784	-36%
Markaðsskuldabréf	228.208	221.848	6.360	3%
Hlutabréf	36.881	46.037	-9.156	-20%
Útlán til viðskiptavina	666.087	639.130	26.957	4%
Aðrar eignir	38.044	65.959	-27.915	-42%
Eignir til sölu	25.320	53.552	-28.232	-53%
Samtals	1.084.787	1.135.482	-50.695	-4%

Eignir



* Sjóður og innistæður í Seðlabanka

Kostnaðarhlutfall bankans var 45,0% á árinu 2012 í samanburði við 40,6% á árinu 2011. Þá innleysti bankinn umtalsverðan söluhagnað af hlutabréfum sem skýrir lágt kostnaðarhlutfall. Á undanförunum árum hefur Landsbankinn selt frá sér mikið af eignum með hagnaði og treyst með því eiginfjárstöðu sína. Nú hillir undir að uppbyggingar- og endurskipulagningarferli bankans ljúki og við tekur tímabil sem miðar að

því að treysta rekstur Landsbankans til lengri tíma þar sem m.a. hafa verið sett markmið um að kostnaðarhlutfall verði jafnan undir 50% og arðsemi eigin fjár að minnsta kosti 12% eftir skatta.

Heildareignir bankans námu 1.085 milljörðum króna í árslok 2012 og lækkuðu þær um 4% á árinu. Meginbreytingar á efnahag Landsbankans á árinu 2012 voru tvenns konar. Annars vegar sala á 75% hlut í


dótturfélaginu Reginn hf. sem skilaði Landsbankanum um 1,7 milljarða króna söluhagnaði og létti um leið á efnahag bankans, en eignir til sölu lækkuðu úr 53,6 milljörðum króna í 25,3 milljarða króna á árinu. Hin meginbreytingin lýtur að samkomulagi sem Landsbankinn og LBI náðu um að Landsbankinn fyrirframgreiddi fjórðung af höfuðstól svokallaðra A-skuldabréfa sem gefin voru út árið 2010 vegna mismunar

á virði yfirtekinna eigna og skulda frá LBI. Fyrirframgreiðslan nam að jafnvirði rúmlega 72 milljörðum króna í evrum, dollurum og pundum. Samfara lækkaði fjármagnskostnaður bankans og vegur sú lækkun mun þyngra en sú ávöxtun sem laust fé í erlendri mynt skilar. Um leið minnkar efnahagsreikningur bankans og arðsemi rekstrarins eykst.


Lausafjárstaða bankans, bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt, er áfram mjög sterk. Lausafjáreignir námu tæpum 250 milljörðum króna í lok árs 2012. Greiðslugetuhlutfall innlána var

48,4% í árslok samanborið við 42,9% í byrjun ársins, en hlutfallið mælir laust fé sem hlutfall af heildarinnlánum. Fjármálaeftirlitið gerir kröfu um að hlutfallið sé að lágmarki 20%.

Eignir til sölu



Skuldir tengdar eignum til sölu




Lausafjáreignir	Lausafjárvirði 31.12.2012	Lausafjárvirði 31.12.2011	Breyting 2012	%
Lausafé hjá seðlabönkum	1.933	8.823	-6.890	-78%
Lán til fjármálastofnana (styttri en 7 dagar)	45.968	85.940	-39.972	-47%
Skuldabréf hæf til endurhverfra viðskipta	201.074	145.362	55.712	38%
Lausafjáreignir samtals	248.975	240.125	8.850	4%

Útlán til viðskiptavina námu 666 milljörðum króna í lok árs 2012 samanborið við 639 milljarða í byrjun ársins og hækkuðu þau um 4% á árinu. Hækkun ársins skiptist í 49 milljarða króna vegna nýrra lána, 19 milljarða króna vegna gengis- og verðbólguáhrifa,


13 milljarða króna aukningu vegna sölu á Reginn, sem fór út úr samstæðu bankans, og 23 milljarða króna virðisaukningu. Á móti þessari hækkun koma 77 milljarðar króna vegna afborgana viðskiptavina bankans.

Þróun á lausafjáreignum árið 2012




Efnahagsreikningur – skuldir	31.12.2012	31.12.2011	Breyting 2012	%
Innlán frá fjármálafyrirtækjum	98.718	112.876	-14.158	-13%
Innlán frá viðskiptavinum	421.058	443.590	-22.532	-5%
Veðtryggð skuldabréf	221.791	277.076	-55.285	-20%
Skilyrt skuldabréf	87.474	60.826	26.648	44%
Aðrar skuldir	29.687	31.485	-1.798	-6%
Skuldir tengdar eignum til sölu	893	9.385	-8.492	-90%
Eigið fé	225.166	200.244	24.922	12%
Samtals	1.084.787	1.135.482	-50.695	-4%

Skuldir og eigið fé



* Skuldir tengdar eignum til sölu 0,1%

Samsetning innlána




Innlánaþróun – helstu breytingar

Innlán fjármálafyrirtækja hafa farið lækkandi undanfarin ár og hélt sú þróun áfram á árinu 2012. Lækkuðu þau um 13%, eða 14 milljarða króna, og námu tæpum 99 milljörðum króna í lok árs. Innlán viðskiptavina lækkðu einnig á árinu, eða um 22,5

milljarða króna, og voru þau 421 milljarður króna í samanburði við 444 milljarða króna í upphafi árs. Lækkunin átti sér að mestu stað í desember 2012 og gekk hún að hluta til baka í janúar 2013.

Afborganir af höfuðstól skuldabréfa til LBI



Í desember 2009 sömdu Landsbankinn og LBI um uppgjör vegna mismunar á innlendum eignum og innstæðum sem færðar voru til Landsbankans. Gefið var út skuldabréf í erlendri mynt til 10 ára og er skuldabréfið afborgunarlaust


fyrstu fimm árin. Til viðbótar við skuldabréfið eignaðist LBI 18,7% hlut í Landsbankanum. Bókfærð staða skuldabréfsins var 222 milljarðar króna í árslok 2012 í samanburði við 277 milljarða króna í byrjun ársins. Lækkunin skýrist af

innborgun Landsbankans inn á skuldabréfið á fyrri hluta ársins 2012 eins og fyrr hefur verið greint frá.


Landsbankinn gefur jafnframt út viðbótarskuldabréf sem er skilyrt og tengt virðisaukn-

ingu á hluta af yfirteknu lánasafni bankans. Vaxtakjör og afborgunarferli skilyrta skuldabréfsins verða hin sömu og á fyrrgreindu skuldabréfi.

Eigið fé



Skilyrt skuldabréf




Skilyrta skuldabréfið verður gefið út á fyrri hluta árs 2013 og mun það bera vexti frá ársbyrjun sama árs. Bókfærð staða skilyrta skuldabréfsins m.v. 31. desember 2012 var rúmir 87 milljarðar króna. Endanleg fjárhæð bréfsins

byggist á mati erlendra sérfræðinga á skilgreindum eignum og getur bréfið hæst orðið 92 milljarðar króna. Verði niðurstaða sérfræðinganna önnur en bankans breytist fjárhæð skuldabréfsins til samræmis og hugsanlega

getur þá komið til breytinga á eignum sem færast myndu í bækur bankans á árinu 2013. Verði verðmæti bréfsins 92 milljarðar króna mun LBI láta alla eignarhluti sína í Landsbankanum af hendi en annars hlutfallslega miðað við

útgáfufjárhæð. Stærsti hluti hlutabréfanna mun renna til ríkisins en 2,08% af heildarhlutafé í Landsbankanum á að renna til starfsmanna bankans.

Afkoma 2012




Rekstrarhagnaður bankans á árinu 2012 nam 25,5 milljörðum króna í samanburði við 17,0 milljarða króna á árinu 2011. Stórar sveiflur eru í rekstrarliðum milli ára og endurspeglar það þá óvissu sem enn er í rekstrarumhverfi bankans. Á árinu 2011 gjaldfærði bankinn háar fjárhæðir vegna gengislánadóma en innleysti á móti umtalsverðan hagnað af sölu hlutabréfa og

eigna. Rekstrarkostnaður jókst á árinu 2012, meðal annars vegna aukinnar skattlagningar á laun, aukins kostnaðar við eftirlitsaðila og herra iðgjalds í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Eftir því sem óvissu léttir munu sveiflur í rekstrarafkomu minnka og skýrari mynd komast á grunnrekstur bankans.

Rekstrarreikningur	2012	2011	Breyting	%
Hreinar vaxtatekjur	35.584	32.649	2.935	9%
Virðisbreyting	-4.391	-23.587	19.196	-81%
Hreinar vaxtatekjur eftir virðisbreytingu	31.193	9.062	22.131	244%
Hreinar þjónustutekjur	4.448	4.423	25	1%
Gjaldeyrisingismunur	4.566	-759	5.325	701%
Aðrar rekstrartekjur	8.934	18.018	-9.082	-50%
Afkoma fyrir rekstrarkostnað	49.141	30.744	18.397	60%
Laun og tengd gjöld	13.176	11.990	1.186	10%
Önnur rekstrargjöld	8.878	8.467	411	5%
Afskriftir rekstrarfjármuna	719	771	-52	-7%
Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.042	583	459	79%
Kostnaður tengdur yfirtöku eigna	290	245	45	18%
Rekstrarkostnaður	24.105	22.056	2.051	9%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi, að frádrögnum skatti	2.449	1.417	1.032	73%
Hagnaður fyrir skatta	27.485	10.105	17.380	172%
Áætlaður tekju- og bankaskattur	4.125	-597	4.722	-791%
Hagnaður af reglulegri starfsemi	23.360	10.702	12.658	118%
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádrögnum skatti	2.134	6.255	-4.121	-66%
Hagnaður ársins	25.494	16.957	8.537	50%

Breyting milli 2011 og 2012



Hreinar vaxtatekjur námu 35,6 milljörðum króna á árinu 2012 í samanburði við 32,6 milljarða króna á árinu 2011. Hærri hreinar vaxtatekjur skýrast meðal annars af innborgun inn á skuldabréfið við LBI og áhrifum af yfirtöku á SpKef sem ekki var að fullu tekið tillit til í rekstrarreikningi ársins 2011. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna var 3,2% á árinu 2012 en 2,9% á árinu 2011. Auk hærri vaxtatekna má rekja hækkunina til aukins hlutfalls vaxtaberandi eigna af heildareignum, lægri skuldsetningar og hækkandi eiginfjárstöðu.

Virðisbreytingar valda áfram miklum sveiflum á rekstrarafkomu og óvissa er enn um endanlegt uppgjör gengistryggðra lána. Á árinu 2012 færði bankinn virðisbreytingar upp á 4,4 milljarða króna í samanburði við 23,6 milljarða króna á árinu 2011. Breytingin milli ára skýrist að mestu leyti af dómum um ólögmæti gengistryggðra lána sem féllu á árinu 2011 og varúðarfærslu vegna þeirra.

Hreinar þjónustutekjur námu 4,4 milljörðum króna á árinu 2012 sem er sama fjárhæð og á árinu 2011.

Á árinu 2012 færir bankinn 4,6 milljarða króna til tekna undir liðnum gjaldeyrisingismunur. Á árinu 2011 færði bankinn

hinsvegar um 0,8 milljarða króna til gjalda vegna gjaldeyrisstöðu sinnar.

Aðrar rekstrartekjur námu 8,9 milljörðum króna á árinu 2012 í samanburði við 18,0 milljarða króna á árinu 2011. Munurinn skýrist aðallega af hagnaði af eignum til sölu, en bankinn seldi meðal annars stóran eignarhlut í FSÍ á árinu 2011. Aðrar rekstrartekjur ársins 2012 skiptast í um 6 milljarða króna hagnað af hlutabréfum og 3ja milljarða króna tekjur af markaðsskuldabréfum.

Rekstrarkostnaður hækkaði nokkuð á árinu 2012. Stór hluti af hækkuninni tengist auknum opinberum álögum og starfsemi sem rekja má til sameiningar við önnur fjármálafyrirtæki, auk kostnaðar við hagræðingu og endurskipulagningu skulda viðskiptavina. Þrátt fyrir aukinn rekstrarkostnað var kostnaðarhlutfallið viðunandi og reiknaðist það 45% fyrir árið 2012. Markmið bankans er að kostnaðarhlutfall sé jafnan innan við 50%. Kostnaðarhlutfallið sýnir hlutfall rekstrargjalda á móti hreinum rekstrartekjum að undanskildum virðisbreytingum útlána.

Stöðugildum í samstæðu bankans fækkaði um 78 á árinu 2012, úr 1.311 í 1.233



Landsbankinn þinn

Þróun og árangur

2012: Uppbygging

- » Endurreisn atvinnulífs og úrvinnsla skuldavanda heimilanna langt komin
- » Öflug liðsheild sem hlustar, lærir og þjónar og nýtur trausts viðskiptavina
- » Árangursríkt uppgjör við gamla bankann

2013: Forysta

- » Fyrsti kostur. Besti bankinn á Íslandi með trygga og ánægða viðskiptavini
- » Hagkvæmni og arðsemi
- » Áunnið traust á lánamörkuðum

Stoðir stefnunnar

Öflug liðsheild

Traustir innviðir

Skýr og virk starfsmannastefna

- » Vinna markvisst eftir áherslum bankans, auka hæfni starfsfólks og styrkja þá þætti sem skapa forystu á markaði.

Ábyrgð og áreiðanleiki

- » Mynda öfluga liðsheild sem ástundar gagnrýna hugsun og skapandi samskipti sem einkennast af kjörorðunum hlusta, læra og þjóna.

Skilvirkir ferlar

- » Skýrir og einfaldir ferlar mynda grunn að skilvirkri starfsemi. Starfsmenn leita sífellt að endurbótum á verklagi.

Tækni í þágu starfseminnar

- » Sterk staða og upplýsingatækni eru grunnur að góðri ákvarðanatöku, arðsömum rekstri og forsenda þróunar á starfsemi bankans.

Besta fagfólkið

- » Ánægt, hæft og metnaðarfullt fagfólk sem starfar í anda stefnu bankans, hefur umboð til athafna og vinnur að auknum hag og ánægju viðskiptavina.

Árangursdrifin stjórnun

- » Stefnumiðaðri stjórnun beitt til að hámarka árangur. Áhersla lögð á kostnaðarhagræðingu, áhættustjórnun, öfluga upplýsingagjöf og samvinnu starfsmanna.

Hvetjandi umhverfi

- » Áhersla á skapandi umhverfi og tækifæri til frjórra skoðanaskipta. Öflug upplýsingamiðlun og innri markaðssetning mynda sameiginlega sýn og drifkraft sóknar.

Áhættu- og kostnaðarstýring

- » Virk stýring á áhættu og kostnaði ráða miklu um velgengni bankans.

2015: Fyrirmynd

- » Landsbankinn er flaggskip íslenskra fyrirtækja og sambærilegur við bestu banka á Norðurlöndum
- » Framúrskarandi fyrirtækjamenning
- » Starfsemi í stöðugri þróun
- » Dreift eignarhald

Ánægðir viðskiptavinir

Ávinningur samfélags og eigenda

Vandað vöruframboð

- » Vöruþróun löguð að væntingum viðskiptavina um einfalt vöruframboð. Verðlagning tekur mið af áhættu og arðsemi.

Úrval dreifileiða

- » Úrval dreifileiða mætir kröfum viðskiptavina um öryggi og þægindi. Viðskiptavinir hafi aðgengi að vörum og þjónustu þegar þeim hentar.

Traustur fjárhagur

- » Ábyrgur rekstur með virkri stýringu eigna og skulda. Greiður aðgangur að erlendum fjármálamörkuðum er mikilvægur til að tryggja langtímafjármögnun.

Dreift eignarhald

- » Undirbúa skráningu bankans á markað. Dreifð eignaraðild skapar ávinning fyrir eigendur, samfélagið og starfsmenn.

Traust langtímasamband

- » Áhugi og skilningur á þörfum viðskiptavina er forsenda langlífs viðskiptasambands og skapar gagnkvæman ávinning.

Ábyrg markaðssókn

- » Markaðssókn byggð á lykilmarkhópum og virðisgreiningu. Þörfum viðskiptavina mætt með frumkvæði í sölu og framúrskarandi þjónustu.

Ávinningur fyrir samfélagið

- » Landsbankinn er kraftmikið hreyfiafl sem sinnir samfélagslegri ábyrgð sinni.

Hagkvæmni og arðsemi

- » Áhersla á lækkun kostnaðar og að auka tekjuskapandi starfsemi. Vandað arðsemis- og áhættumat styður við markmið bankans.

Framtíðarsýn

Landsbankinn er til fyrirmyndar

- » Nýtur trausts og virðingar
- » Alhliða banki í forystu á fjármálamarkaði
- » Fyrsti valkostur í fjármálaþjónustu
- » Metnaðarfullur og samheldinn hópur starfsmanna
- » Hreyfiafl í íslensku samfélagi
- » Byggir á góðu siðferði
- » Góður fjárfestingarkostur í dreifðu eignarhaldi

Áherslur

Forysta og fyrirmynd

Hagkvæmni

Stjórnun og liðsheild

Ábyrg markaðssókn

Ávinningur fyrir

- » viðskiptavini
- » samfélagið
- » eigendur
- » starfsfólk

